

Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2013–2014



Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8,

104 Reykjavík

Sími: 551 6974

Fax: 562 2984

Netfang: info@leiklist.is

Veffang: www.leiklist.is

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ólöf Þórðardóttir

Þráinn Sigvaldason

Bernharð Arnarson

Uppsetning efnis:

Hörður Sigurðarson

Vilborg Valgarðsdóttir

Prófarkarlestur:

Ritstjórn og hluti varastjórnar

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Selfoss á Maríusögum.

Ljósmyndari Guðmundur Karl Sigurdórsson.

Efnisyfirlit

Þjóð meðal þjóða?	5
Aðildarfélag Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2013–2014	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar	8
Skýrslur nefnda frá aðalfundi 3. maí 2014	10
Skólanefnd	10
Leiklistarvefurinn	11
Handritasafnsnefnd	11
Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2013	12
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna	16
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2013-2014	55
Aðalfundur og leiklistarhátíð AITA/IATA í Mónakó 2013	58
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	64
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	69
Ársreikningur 2013	80
Menningarstefna	90
Allt fyrir andann	90
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	91

Þjóð meðal þjóða?

Eftir talsverðar sviptingar á síðasta ári varð niðurstaðan í niðurskurði starfsemi Þjónustumiðstöðvar sú að framkvæmdastjóri Bandalagsins er nú ein á skrifstofunni. Það er brotinu betri staða en var þegar síðasti leiðari var skrifaður, en þá var ritarinn einn, með starfsskyldur milli níu og eitt. Nú höfum við einn starfsmann í fullu starfi að sinna því sem einn og rúmlega hálfur gerði áður.

Eitt af því sem hefur nánast horfið af kostnaðarliðum Bandalagsins á þessum aðhaldstímum er erlent samstarf. Bandalag íslenskra leikfélaga hefur lengi verið aðili að þremur svæðisbundnum og alþjóðlegum samtökum. NAR (Nordisk Amatörteaterråd), NEATA (North European Amateur Theatre Alliance) og AITA/IATA (International Amateur Theatre Association). Öll þessi samtök halda fundi með mismunandi millibili, sem óhjákvæmilega hlýst kostnaður af að sækja. Þann kostnað höfum við að undanförunu skorið niður í núll.

Reyndar hafa formaður og framkvæmdastjóri sótt einhverja fundi, en þá fyrir eigin reikning og með stuðningi samtakanna sem sum hver hafa sjóði fyrir aðildarríki í kröggum.

Það ástand getur ekki varað endalaust, þó eðlilega fari niðurskurðarhnífurinn snemma yfir þessa liði ársreikningsins. Ekkert ríki í okkar heimshluta með öflugt áhugaleikhússtarf stendur utan þessara samtaka. Rödd okkar er mikilvæg í þeim, enda fer saman hjá okkur óvenju metnaðarfullt og kraftmikið leikhússtarf og nálægð stjórnar og starfsfólks við það. Á sama tíma sækjum við til nágretta okkar allskyns þekkingu og hækkum þann sjónarhól sem við stöndum á og er nauðsynlegur fyrir þróun og þroska starfsins hér heima.

Þátttaka okkar á opinberum leiklistarhátíðum NEATA og AITA/IATA hefur verið okkur til mikils sóma og einnatið einn af hápunktum þeirra hátíða sem undirritaður hefur sótt, sem eru þær flestar frá 1998.

Aukið áhyggjuefni í þessu sambandi er að á síðustu NEATA-hátíð fór í fyrsta sinn sýning frá Íslandi sem engra opinberra styrkja naut, mennta- og menningarmálaráðuneytið hafnaði umsókn Leikfélagsins Sýna um styrk til að sækja hátíðina í Porvoo núna í sumar með sýningu sína Sjö samúræja. Umfjöllun um þá hátíð fellur undir næstu ársskýrslu, en óhætt er að fullyrða að það hefði verið menningarmálayfirvöldum til mikils sóma að leggja nafn sitt við jafn afdráttarlausa sigurför.

Þorgeir Tryggvason.



*Þorgeir Tryggvason
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga*

Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2013–2014

Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar

Borgarbörn, Reykjavík

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Hugleikur, Reykjavík

Leikdeild Umf. Gnúpverja

Leikfélag Austur-Eyfellinga

Leikfélag Blönduóss

Leikfélag Bolungarvíkur

Leikfélag Dalvíkur

Leikfélag Fjallabyggðar

Leikfélag Flateyrar

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hofsóss

Leikfélag Hornafjarðar

Leikfélag Hólmavíkur

Leikfélag Húsavíkur

Leikfélag Hveragerðis

Leikfélag Hörgdæla

Leikfélag Keflavíkur

Leikfélag Kópavogs

Leikfélag Mosfellssveitar

Leikfélag Norðfjarðar

Leikfélag Ólafsvíkur

Leikfélag Patreksfjarðar

Leikfélag Rangæinga

Leikfélag Reyðarfjarðar

Leikfélag Sauðárkróks

Leikfélag Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

Leikfélag Vestmannaeyja

Leikfélag Þórshafnar

Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri

Leikfélagið Peðið, Reykjavík

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

Leikfélagið Skrugga, Reykhólum

Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

Leikflokkurinn Hvammstanga

Leikhópurinn Lopi, Árborg

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði

Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal

Leikklúbburinn Krafla, Hrísey

Leikklúbburinn Saga, Akureyri

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Litli leikklúbburinn, Ísafirði

Snúður og Snælda, Reykjavík

Studentaleikhúsið, Reykjavík

Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri

Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskóga-
byggð

Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal

Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri

Umf. Reykdæla, Reykholti

Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

Umf. Stafholtstungna, leikdeild

Stjórn, starfsfólk og nefndir



*Meðstjórnandi
Práinn Sigvaldason
Borgarfirði eystri*



*Varaformaður
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfóssi*



*Formaður
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík*



*Ritari stjórnar
Ólöf Þórdardóttir
Mosfellsbæ*



*Meðstjórnandi
Halldór Sigurgeirsson
Akureyri*



*Varastjórn
Bernharð Arnason
Hörgárdal*



*Varastjórn
Salbjörg Engilbertsdóttir
Hólmavík*



*Varastjórn
Þórvör Embla Guðmundsdóttir
Borgarfirði*



*Varastjórn
Þrúður Sigurðar
Þorlákshöfn*



*Varastjórn
Ylfa Mist Helgadóttir
Bolungarvík*



*Framkvæmdastjóri
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Reykjavík*



*Ritari skrifstofu til 31. janúar
og handritasafnsnefnd
Ármann Guðmundsson
Reykjavík*



*Skólanefnd
Hrunn Ólafsdóttir
Reykjavík*



*Skólástýra
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík*



*Skólástýra og
handritasafnsnefnd
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík*



*Skólanefnd
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd
Herdis Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ*



*Handritasafnsnefnd
Örn Alexandersson
Reykjavík*



*Lénshefnd
Höður Sigurðarson
Reykjavík*



*Fulltrúi i NEATA-youth
María Björt Ármannsdóttir
Reykjavík*

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga í Vestmannaeyjum 3. maí 2014

Skýrsla stjórnar á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga í Vestmannaeyjum 3. maí 2014

I – Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Þorgeir Tryggvason, Reykjavík, formaður
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, varaformaður
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, ritari

Halldór Sigurgeirsson, Eyjafjarðarsveit, meðstjórnandi

og Práinn Sigvaldason, Borgarfirði eystri, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Þrúður Sigurðar, Bernharð Arnarson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Ylfa Mist Helgadóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir.

Í þjónustumiðstöðinni starfar síðan Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og til skamms tíma einnig Ármann Guðmundsson, ritari.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu, allir í höfuðstöðvunum í Reykjavík, eða í tengslum við aðalfund. Sú tilraun var gerð á síðasta fundi í Þjónustumiðstöðinni að einn fundarmanna hafði ekki líkamlega nærveru, heldur birtist okkur á skjá þar sem hann sötraði kaffið sitt á Borgarfirði eystra. Tókst það hið besta og verður vafalaust framhald á þegar stjórnarmenn eiga illa heiman- gegnt, fyrir utan þann sparnað sem af hlýst. Stjórnarmönnum og starfsfólki er þakkað fyrir góða og vinnusama fundi á starfsárinu.

II – Starfsemi félaganna

36 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkum- sóknir fyrir alls 84 leiksýningar og leikþætti, 11 námskeið og 26 skólanemendur fyrir leikárið 2012-2013. Fullur styrkur reyndist vera 271,856 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félagin í Bandalaginu eru nú 58 talsins.

III – Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfs- áætlun og mun ég fara yfir hana og geta þess hvernig unnið var að hverjum lið fyrir sig:

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starf- seminni.

Fastir liðir starfseminnar, skólinn og vefurinn eru meira og minna í höndum til þess kjörinna nefnda og munu fulltrúar þeirra fara yfir þá þætti sem undir þá heyra undir þartilgerðum dagskrár- lið.

Á aðalfundi í Logalandi í maí á síðasta ári var samþykkt áætlun um hvernig ætti að bregðast við þröngri fjárhagsstöðu samtakanna, m.a. með breytingum á starfsmannahaldi. Á stjórnarfundum þann 5. október sl. var ákveðið að segja ritara Bandalagsins, Ármanni Guðmundssyni upp störfum og lækka starfshlutfall Vilborgar tíma- bundið í 80% þannig að hún yrði ekki við störf í nóvember og desember. Þetta voru sorglegar aðgerðir, í raun harkalegri en við höfðum gert okkur vonir um að dyggðu á Logalandsfundi- num. Það er mikil eftirsjá af hinum frábæra ritara og óneitanlega hefur það umtalsverð praktísk áhrif að hafa aðeins einn starfsmann þó öflug og heilsuhraust sé.

Í öllu þessu umróti hafa Ármann og Vilborg bæði sýnt ótrúlegt ærðuleysi og vilja til að láta hag Bandalagsins ganga fyrir sínum eigin. Fyrir það stendur stjórn Bandalagsins í þakarskuld við þau, og samtökin öll.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleik- félaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 16,2 mkr. Til þjónustumiðstöðvarinnar er fram- lagið 5 mkr. á ári samkvæmt samningi sem gildir til loka ársins 2015.

Við stöndum í einhverskonar skjóli samningsins

við mennta- og menningarmálaráðuneytið þó ófullnægjandi sé, en jafnframt bindur hann hendur okkar. Það er auðvelt fyrir stjórnvöld að banda frá sér beiðnum um endurskoðun meðan hann er í gildi. Þannig hefur legið fyrir mánuðum saman beiðni um fund með nýjum ráðherra sem ekki hefur verið sinnt.

Hitt er ekki síður brýnt að þrýsta á um hækkuð framlög til leikfélaganna, sem nagað hefur verið stanslaust af árum saman.

Tilraun til að fá Reykjavíkurborg til að koma að rekstri Bandalagsins með einhverjum hætti reyndist árangurslaus og ljóst er að styrkir frá einkaaðilum verða ekki sóttir svo glatt til að fjármagna afmarkaða starfsemi. Á sama tíma gera starfsmannamálin okkur illgerlegt að standa í umfangsmiklum sérverkefnum.

Sérverkefni ársins

Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Ákveðið hefur verið að færa þessa hátíð til hausts og er ætlunin að hún verði 4. október. Staðsetning hennar liggur ekki endanlega fyrir. Erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um hvort Færeyingar væru tilbúnir og ákveðnir í að láta verða af komu sinni, en í fyrradag staðfesti formaður MÁF að þau stefni að því að koma með fimm sýningar í haust. Þetta er tilhlökkunarefni sem við skulum standa vel að. Ekki veitir af smá upplyftingu og engir betur til þess fallnir en Færeyingar.

Að stjórn kanni möguleika á að halda leiklistarhátíð 2015 og hefji undirbúning, telji stjórn slíka hátíð framkvæmanlegt verkefni.

Það er mat stjórnar að við núverandi aðstæður sé illmögulegt að ráðast í stórverkefni af þessu tagi.

IV – Önnur mál

Á síðasta aðalfundi var í fyrsta sinn felldur burt liður undir fastri starfsemi sem lýtur að samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhuga-leiksýningu ársins. Rétt er þó að geta þess að þangað fór Leikfélag Fjallabyggðar með sýninguna Stöngin inn eftir Guðmund Ólafsson sem einnig leikstýrði. Í ár eru sextán sýningar í pottinum og verður ein þeirra veidd upp úr honum af fulltrúa Þjóðleikhússins í kvöld.

Á Logalandsfundinum var stjórn einnig falið að leita eftir breytingum á samningum vegna höfundagreiðslna vegna stuttverka. Formaður sendi erindi um málið til Rithöfundasambandsins, en hefur engin svör fengið. Það var svo ekki fyrr en við undirbúning þessa fundar að rann upp fyrir mér að auðvitað átti ég að beina orðum mínum til Félags leikskálda og handritshöfunda, en þar eru hæg heimatökin, tveir stjórnarmanna koma úr röðum áhugaleikhússfólks, þau Ármann Guðmundsson og Hrund Ólafsdóttir. Ég lofa að koma þessu máli í réttari og árangursríkari farveg.

Eitt af því sem hefur þurft undan að láta í niður-skurði undanfarinna ára er erlent samstarf. Með stuðningi NEATA-þjóðanna tókst þó Vilborgu að sækja fundi þeirra samtaka og alþjóðasamtakanna í Mónakó í ágúst sl., þó með talsverðum fjárútlátum úr eigin vasa. Í sumar munum við Vilborg bæði sækja aðalfund NEATA sem haldinn verður í tengslum við leiklistarhátíð samtakanna í Porvoo í Finnlandi, á eigin kostnað.

Það er eiginlega óhugsandi að hætta alfarið þátttöku í slíku samstarfi. Enn ein ástæða þess að brýnt er að halda áfram í þeirri tangarsókn sem stendur yfir: að koma fjárframlögum til okkar á raunhæft stig og sníða stakk eftir vexti.

*Gert í Reykjavík 1. maí 2014,
Þorgeir Tryggvason, formaður*



Skýrslur nefnda frá aðalfundi 3. maí 2014



Skýrsluflytjendur; Dýrleif í fjarveru Hrefnu, Hörður og Ármann

Skólanefnd

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 3. maí 2014.

Árið 2013 var skólanefnd Bandalagsins skipuð sömu fulltrúm og setið hafa undanfarin ár - hana skipa Hrefna Friðriksdóttir, Dýrleif Jónsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Herdís Þorgeirsdóttir og Hrunn Ólafsdóttir. Skólanefndin ber höfuð-ábyrgð á að skipuleggja starf Leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka öllum samnefndarkonum mínum fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 17. sinn þann 8. júní 2013 að Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Þar var tekið vel á móti hópnum eins og undanfarin ár og þjónustan var fyrsta flokks. Við lögðum staðinn undir okkur, og nýttum alla króka og kima frá morgni til kvölds í lærdóm og leikaraskap.

Í fyrra ákváðum við að bjóða upp á 4 námskeið en enduðum með að hafa þau 3. Námskeið sem Þórey Sigþórsdóttir ætlaði að halda fyrir reyndari leikara var fellt niður vegna dræmrar þátttöku. Skólann árið 2013 sóttu alls 41 nemandi. Námskeiðin voru:

1. Leiklist II. Kennari Árni Pétur Guðjónsson.
2. Framhaldsnámskeið í leikstjórn. Kennari Rúnar Guðbrandsson.

3. Leikritun I. Kennari Karl Ágúst Úlfsson.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til almennrar ánægju með skólasterfið.

Árið 2014 verður Leiklistarskólinn settur að Húnavöllum þann 14. júní. Boðið er upp á þrjú námskeið:

Ágústa Skúladóttir mun kenna Leiklist I – þar eru skráðir 18 nemendur og 3 á biðlista.

Karl Ágúst Úlfsson mun kenna Leikritun II - þar eru skráðir 13 nemendur.

Rúnar Guðbrandsson mun kenna sérnámskeið fyrir leikara - þar eru skráðir alls 16 nemendur og einn á biðlista.

Ljóst er að skólinn heldur áfram að sanna gildi sitt ár frá ári enda fylltist hratt og örugglega á öll námskeiðin. Námskeiðsgjald hækkar aðeins milli ára og er nú kr. 78.000.- en var kr. 73.500.- árið 2013. Við höfum fulla trú á því að staðarhaldari að Húnavöllum geri allt til að halda kostnaði í lágmarki og að þessi hækkun sé óumflýjanleg.

Hér lýkur þá skýrslu skólanefndar sem hlakkar til skólaársins. Takk fyrir.

*Fyrir hönd skólanefndar,
Hrefna Friðriksdóttir, skólástýra*

Leiklistarvefurinn

Skýrsla vefnefndar 2014

Lögð fram á aðalfundi BÍL í Vestmannaeyjum 4. maí 2014

Leiklistarvefurinn er eins og aðrar stofnanir hreyfingarinnar, farinn að finna fyrir bágrri fjárhagsstöðu. Líkt og kom fram í síðustu ársskýrslu vefnefndar er orðið tímabært að huga að uppfærslum ýmiskonar, hvortveggja vegna öryggismála en einnig til að vefurinn geti sinnt sínu hlutverki af þokklegri reisn. Vefurinn þjónar þó enn markmiðum sínum að flestu leyti og eflaust nýtast þær fáu krónur sem til skiptanna eru betur á öðrum stöðum enn um sinn.

Af daglegum rekstri eru ekki mikil tíðindi. Hann gengur sinn vanagang og ekki enn farið að finna tilfinnanlega fyrir því að skorið hafi verið niður í starfsmannahaldi í viðhaldinu. Það má þó gera ráð fyrir að framkvæmdastjóri finni frekar fyrir því en Lénsherrann og ekki ósennilegt að eftir því sem tíminn líður komi áhrif niðurskurðar betur í ljós.

Allt það sem sagt var í síðustu ársskýrslu varðandi öryggismál og uppfærslur á jafn vel við núna og í fyrra. Okkar vörn er sennilega helst sú að vefurinn telst ekki stór á heimsvísu og kannski ekki eftir miklu að slægjast hjá tölvuþrjótum heimsins. Þrátt fyrir þetta er ástæða til að halda

því á lofti að ef og þegar Bandalaginu tæmist arfur væri margt heimskulegra hægt að gera en að uppfæra vefinn og huga að uppfærslum á tölvukosti.

Undirritaður hefur um nokkurt skeið rekið áróður fyrir því að koma í gagn við vefverslunarkerfi með aðaláherslu á myndræna framsetningu og meiri og betri upplýsingar um vörurnar sem til sölu eru. Slíkt er enn frekar tímabært nú þegar skorið hefur verið niður í stöðugildum á skrifstofunni. Með vefverslun, þar sem hægt er að fá greinargóðar upplýsingar um vörur og jafnvel panta á vefnum þegar fram líða stundir, væri hægt að stytta þann tíma sem fer í fyrirspurnir og afgreiðslu í Þjónustumiðstöðinni.

Enn vil ég ítreka þá skoðun Lénsherra sem komið hefur fram í fyrri ársskýrslum um að sóknarfæri séu í að nota vefinn til fjáröflunar fyrir Bandalagið, t.d. með því að efla verslunina eins og áður er sagt og ekki síður með sölu auglýsinga. Félagar mega gjarnan hafa augu og eyru opin fyrir möguleikum á því.

Einnig skal enn og aftur ítrekað að allar góðar hugmyndir um reksturinn eru vel þegnar.

*Fyrir hönd vefnefndar,
Hörður Sigurðarson*

Handritasafnsnefnd

Skýrsla handritasafnsnefndar

Flutt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga 3. maí 2014

Í handritasafnsnefnd sitja Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson.

Lítið hefur gerst í handritasafnsmálum árinu fyrir utan hefðbundin aðföng frá Bandalagsleikfélögum og atvinnuleikhúsunum og skráning þeirra.

Undirritaður hætti störfum hjá Bandalaginu í byrjun árs og þar með færðist umsjón handritasafnsins alfarið í hendur Vilborgar framkvæmdastjóra (eins og allt annað).

Fjöldi handrita í safninu nú er um 3800 titlar.

*F.h. handritsafnsnefndar,
Ármann Guðmundsson*

Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2013

Skólinn var settur að Húnavöllum laugardaginn 8. júní og honum slitið sunnudaginn 16. júní. Þrjú námskeið voru fullmönnuð en eitt hafði þurft að fella niður vegna lítillar þátttöku.

Námskeiðin voru: Leiklist II, grunnnámskeið, kennari Árni Pétur Guðjónsson. Námskeiðið byggði ofan á Leiklist I frá fyrra sumri. Leikstjórn, sérnámskeið - master class, ætlað þeim sem sótt hafa grunnnámskeiðin og hafa umtalsverða leikstjórnarreynslu, kennari Rúnar Guðbrands-son. Leikritun I, grunnnámskeið fyrir byrjendur í leikritunarlistinni, kennari Karl Ágúst Úlfsson. Nemendur voru samtals 41.

Auk kennara og nemenda voru þær skólastýrur Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir á staðnum og héldu utan um starfseminna.

Textinn hér á eftir er úr skólabæklingnum.

Leikstjórn - sérnámskeið, master class Kennari Rúnar Guðbrandsson

Sérnámskeið í leikstjórn, ætlað þeim sem sótt hafa Leikstjórn I og II og sérnámskeið fyrir leikstjóra eða sótt sambærileg námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leikstjórn. Þetta er í fimmta sinn sem Rúnar Kennir við skólann.

Námskeið þetta verður jöfnum höndum fræðilegt og verklegt. Útgangspunkturinn er aðferð sem kennarinn hefur þróað með sér gegnum tíðina og sækir fyrst og fremst innblástur í ævistarf Konstantins Stanislavskys, bæði hina „vitsmunalegu greiningu“ sem Stanislavsky þróaði framan af ferli sínum og „aðferð líkamlegra gjörða“ sem hann vann að er hann féll frá.

Fleiri áhrifavalda svífa þó yfir vötnunum og í fyrirlestrum verður fjallað um ýmsa straua og stefnur í leikstjórn síðustu aldar. Þríeykið Stanislavsky, Brecht og Grotowski verða þar í brennidepli og meðul þeirra skoðuð í sambandi við tilganginn. Aðferðafræði, hugmyndafræði og fagurfræði ólíkra leikstjóra verða vegnar og metnar og bornar saman við „aðferð“ námskeiðsins.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send tvö verk til skoðunar. Annað verkið fá allir og verður það lagt til grundvallar í sameiginlegri vinnu



Hrefna Friðriksdóttir



Dýrleif Jónsdóttir

og hópkenndu. Að auki fær hver þátttakandi „sitt“ verk sem hann vinnur að sjálfstætt samhliða hinu. Kennari mun einnig senda þátttakendum verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist.

Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, o.s.frv. Brettið upp ermar og spýtið í lófa.

Leiklist II – grunnnámskeið Kennari Árni Pétur Guðjónsson

Leiklist II er grunnnámskeið fyrir leikara ætlað þeim sem sótt hafa Leiklist I. Þegar nemendur hafa sótt bæði grunnnámskeiðin geta þeir sótt ýmis sérnámskeið sem skólinn heldur reglulega. Þetta er í þriðja sinn sem Árni Pétur kennir við skólann.

Á námskeiðinu verður aðaláherslan á að kynna sjálfstæð vinnubrögð leikarans við að nálgast hlutverk og flytja það fyrir framan áhorfendur. Nýta köpunargáfu hvers og eins og finna styrk og veikleika. Svo að vinna með það þar til allir verða sáttir. Nemendur fá meiri leikstjórn og gagnrýni á það sem þeir sýna en á Leiklist I. Markmiðið er að gera þá að betri leikurum. Mikið verður unnið með spuna og myndrænar sviðsetningar. Hér er ekki verið að vinna með útvarpsleik. Það er staðreynd að æ fleiri leikstjórar sem vinna t.d. með áhugaleikfélögum eru spenntir fyrir hreyfingum, sterkum leik og dansleikhústilbrigðum. Við erum sem sagt að tala um: Blóð, svita og tár.

Eftir skráningu fá nemendur senda leiktexta sem unnið verður með. Kennarinn verður síðan í sambandi við nemendur til að koma þeim af stað með undirbúningsvinnu áður en námskeiðið hefst svo það nýtist sem allra best.



Rúnar Guðbrandsson



Árni Pétur Guðjónsson



Karl Ágúst Úlfsson

Leikritun I - grunnnámskeið Kennari Karl Ágúst Úlfsson

Námskeiðið er ætlað öllum sem áhuga hafa á að spreyta sig við leiktextasmíð, jafnt algerum byrjendum og þeim sem einhverja reynslu hafa. Þetta er í þriðja sinn sem Karl Ágúst kennir við skólann.

Kynntir verða helstu þættir klassískrar leikbyggingar og dæmi skoðuð. Sköpunarferlið verður í brennidepli og hugað að því hvað hvetur sköpunina og hvað letur hana.

Í gegnum nokkrar æfingar skoðum við grunneiningar leikritsins - upphaf, miðju og endi, kynnum okkur persónusköpun, söguþráð og samtöl.

Unnið verður með stutt verk, sem þó uppfylla öll skilyrði leiksögunnar, og stefnt er að því að lokaverkefni hvers nemanda verði tilbúið til meðhöndlunar leikara og leikstjóra.

Nemendur Karls Ágústs

Aðalsteinn Jóhannsson
Ásta Gísladóttir
Brynhildur Sveinsdóttir
Daníel Freyr Jónsson
Gunnar Sturla Hvarsson
Heiðís Buzgó
Íris Árný Magnúsdóttir
Jónheiður Ísleifsdóttir
Júlía Hannam
Kristín Svanhildur Helgadóttir
María Guðmundsdóttir
Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir

Nemendur Árna Péturs

Anna Bryndís Einarsdóttir
Anna Margrét Pálsdóttir
Arnfinnur Daníelsson
Ármann H. Ingunnarson
Björgúlfur Egill Pálsson
Eva Björg Harðardóttir
Fanney Valsdóttir
Guðný Hildur Magnúsdóttir
Helga Björg Hermannsdóttir
Helga Björk Pálsdóttir
Íris Lilja Blandon
Sara Blandon
Silja Kjartansdóttir
Stefán H. Jóhannesson

Nemendur Rúnars

Ármann Guðmundsson
Friðjón Elli Hafliðason
Gísli Björn Heimisson
Guðfinna Gunnarsdóttir
Guðmundur Erlingsson
Guðmundur L. Þorvaldsson
Gunnar Gunnarsson
Halldór Magnússon
Hrund Ólafsdóttir
Hörður Sigurðarson
Unnur Sveinsdóttir
Ylfa Mist Helgadóttir
Þórunn Guðmundsdóttir

Myndir úr skólastarfinu



Allur hópurinn spariklæddur fyrir lokakvöldverðinn



Busavígsla. Eldri nemendur þínu nýnema smá en allt endaði í miklum kærleika



Utan dagskrár var ma. farið í óvissuferð, trommuhring og haldin kvöldvaka



Lokadagur. Nemendur sýndu afrakstur námskeiðanna við mikinn fögnuð kennara

Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna

Borgarbörn, barna og unglíngaleikhús



Jólanótt Viktoríu

Höfundur og leikstjóri: Erla Rut Harðardóttir

Þátttakendafjöldi: 19

Sýningarfjöldi: 24

Áhorfendafjöldi: 2109

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Stjórn skipa: Erla Ruth Harðardóttir formaður, Ragnheiður Hall gjaldkeri, Steinunn Hall ritari, Elfar Elí Schweitz Jakobsson meðstjórnandi og Marólína G. Erlendsdóttir meðstjórnandi.

Borgarbörn, barna og unglíngaleikhús setti upp sitt árlega jólaleikrit. Þetta var áttunda árið sem jólaleikrit er sett upp á vegum leikhússins. Árlega setur leikhúsið upp eitt til tvö verk.

Söngleikurinn Jólanótt Viktoríu eftir Erlu Ruth Harðardóttur var frumsýndur 29. nóvember 2013 í Iðná. Erla Ruth sá einnig um leikstjórn og átti hugmynd af búningum og leikmynd. Alls tóku 18 leikarar þátt í öllum sýningunum en þau skiptu með sér hlutverkum þannig að hver leikari hafði tvö hlutverk. Þar með fá krakkarnir mun meiri reynslu og höfðu mikla ánægju af að leika í þeim 24 sýningum sem sýndar voru við góðar móttökur áhorfenda. Aðstoðarfólk sá um alla hljóð- og ljóssastjórn ásamt leikstjóra. Tvær flottar og ábyrgðarfullar ungmeyjar, Elísa Sif Hermannsdóttir og Karen Ýr Jóelsdóttir eru reyndir

Borgarbarnameðlimir og unnu sín störf með mestu þryði.

Ragnheiður Hall sá að þessu sinni um hljóðmynd en hún sá um söngstjórn áður. Rebekka Sif Stefánsdóttir tók að sér söngstjórnina og gerði það vel. Auður Finnbogadóttir, fyrrum Borgarbarnameðlimur var danshöfundur og á hún hrós skilið fyrir sína vinnu.

Borgarbörn sýna ekki í skólunum heldur í því leikhúsi sem uppfærslan er hverju sinni. Miðaverð hefur frá upphafi, eða árinu 2006, verið 500 kr á mann ef keypt er heil sýning eða 150 sæti. Í ár var ákveðið að hækka þá upphæð í 650 kr. Þannig kostaði það 97.500 að kaupa heila sýningu. Venjulegt miðaverð var annars 1000 kr á manninn. Piparkökur og djús hefur verið í boði frá upphafi, en nú fylgdu þær veitingar eingöngu ef keypt var heil sýning. Með því þurftum við ekki að hækka almennt miðaverð sem var og er enn kr. 1.000. Borgarbörn sáu að venju um jólagjafasöfnun fyrir Mæðrarstyksnefnd og þó ekki hafi safnast margar gjafir nægði það til að gleðja einhverja.

Mikil ánægja var meðal stjórnarmeðlima og meðlima Borgarbarna þegar kom í ljós að þrjú síðustu leikar hafa leikrit okkar verið mjög ofarlega á lista yfir mest sóttu áhugaleiksýningar landsins. Sáum við ekki betur en að Jóláævintýrið hefði verið í 1. sæti 2012, vorum í 2. sæti 2011 með Óværuengla og 4. sæti 2010 með Leikfangalíf. Alltaf ánægjulegt að sjá árangur erfiðis síns og að almenningur kunni að meta það sem við höfum fram að færa.

Borgarbörn sóttu um að Jóláævintýrið yrði kosið áhugaverðasta áhugaleiksýningin. Urðum við ekki fyrir valinu en við óskum Hugleik innilega til hamingju með valið.

Erla Rut Harðardóttir, formaður.

Freyvangsleikhúsið**Emil í Kattholti**

Höfundur: Astrid Lindgren
 Þýðendur: Guðjón Ólafsson og Hallmundur Kristinsson
 Leikstjóri: Saga Geirdal Jónsdóttir
 Þátttakendaföldi: 40
 Sýningarföldi: 41
 Áhorfendaföldi: 4212

**Þorskur á þurru landi**

Höfundar: Karl Tiedemann og Allen Lewis Rickman

Þýðandi og leikstjóri: Daníel Freyr Jónsson
 Þátttakendaföldi: 29
 Sýningarföldi: 10
 Áhorfendaföldi: 505

Halaleikhópurinn**Sambýlingar**

Höfundur: Tom Griffin
 Þýðandi og leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson
 Þátttakendaföldi: 27
 Sýningarföldi: 10
 Áhorfendaföldi: 220

**Á góðum degi**

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson
 Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson
 Þátttakendaföldi: 13
 Sýningarföldi: 3
 Áhorfendaföldi: 634

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Í stjórn eru: Þröstur Jónsson formaður, Stefanía Björk Björnsdóttir varaformaður, Sóley Björk Axelsdóttir, gjaldkeri, Guðríður Ólafsdóttir ritari og Kolbrún Stefánsdóttir, meðstjórnandi.

Í varastjórn eru: Einar Þ. Andrésen, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Fredrike Hasselmann. 11 stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu auk nokkurra samráðsfunda um undirbúning að leikriti vetrarins. Fjöldinn allur af félögum komu til aðstoðar og þakkar stjórnin þeim öllum frábæra aðstoð.

Send voru út 3 fréttabréf auk þess var sendur út netpóstur þegar þörf var á og stjórn hafði samskipti gegnum netið. Í félagið gengu 3 og úr félaginu gengu 2.

Eins og fram kom í skýrslu síðasta starfstímabils var samið við Odd Bjarna Þorkelsson um að skrifa leikrit fyrir Halaleikhópinn. Af sérstökum ástæðum tókst ekki að ljúka því verki en ætlunin er að vinna við það muni halda áfram. Þegar séð var fram á að verkið yrði að bíða betri tíma samdi stjórnin við Odd Bjarna um leikstjórn á verkinu Sambýlingar eftir Tom Griffin sem heitir á frummalinu The boys next door. Verkið var frumsýnt 25. janúar, sýnt 10 sinnum og fékk ágæta dóma. Halaleikhópurinn sýndi einnig í samvinnu við Peðið stuttverkið Á góðum degi eftir Jón Benjamín Einarsson. Leikstjóri var Gunnar Gunnarsson, GUNSO. Stuttverkið var sýnt þrisvar sinnum á Hlemmi á Menningarnótt 24. ágúst 2013.

Tiltektardagur var í húsnæði Halans í Hátúni 12 laugardaginn 15. júní á sl. ári. Haladagur var haldinn í Krika við Elliðavatn þann 13. júlí. Félagar skemmtu sér við leiklestur, spjall og svo var grillað.

Styrkjanevnd hefur starfað allt tímabilið og haft allar klær úti við að afla peninga fyrir leikfélagið. Erfiðara hefur verið að fá styrktaraðila á liðnu leikári en verið hefur. Fyrir stuttu kom þó í ljós að við áttum 300.000 kr. styrk hjá Öryrkjabandalagi Íslands frá því árið 2012 og hefur hann nú verið greiddur til leikfélagsins. Stjórn vil þakka félagsmönnum fyrir þátttökuna í verkefnum Halaleikhópsins, án þátttöku þeirra væri ekki hægt að halda úti svona öflugum starfi. Hver hlekkur í keðjunni er mikilvægur. Einnig bjóðum við nýja félagsmenn velkomna.

Stjórnin.

Hugleikur



Happasteinn

Höfundur og leikstjóri: Ásta Gísladóttir

Þátttakendafjöldi: 1

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 75

Fnykur

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjóri: Unnur Guttormsdóttir

Þátttakendafjöldi: 2

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 75

Elsku Unnur

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Þátttakendafjöldi: 2

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 75

Kaffi Kúttur

Höfundur: Árni Hjartarson

Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir

Þátttakendafjöldi: 6

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 75

Stund milli stríða


Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
 Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
 Þátttakendafjöldi: 21
 Sýningarfjöldi: 8
 Áhorfendafjöldi: 676

Formannsskýrsla leikárið 2013-2014:

Í stjórn Hugleiks leikárið 2013-2014 sátu Ásta Gísladóttir formaður, Þorgeir Tryggvason varaformaður, Júlía Hannam gjaldkeri, Sigríður Bára Steinþórsdóttir ritari og Elísabet Katrín Friðriksdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu þau Dýrleif Jónsdóttir, Hjörvar Pétursson og Sigurður H. Pálsson. Stjórnin fundaði alls níu sinnum á leikárinu og þakka ég henni kærlega fyrir góð og samviskusamleg störf.

Fyrsta verkefni leikfélagsins eftir aðalfund var í óformlegri kantinum. Hugleikur hafði lengi daðrað við skipuleggjendur Hátíðar hafsins um að vera með einhvers konar samstarfsverkefni en ekkert orðið úr. Í júlí bauðst okkur að taka þátt í einkarekinni Hafnarhátíð sem haldin var á Sjóminjasafninu og var Hugleikurum falið það hlutverk að bregða sér í hlutverk sjómanna og kvenna og skemmta gestum safnsins með söng, spuna og ýmis konar netavinnu. Tókst það uppátæki prýðilega og hlaut félagið rausnarlega greiðslu fyrir.

Nýrrar stjórnar beið það verkefni að finna verðuga leið til að halda upp á 30 ára afmæli leikfélagsins. Ýmsar hugmyndir voru bornar á borð strax um vorið en engin niðurstaða fékkst í málið og var hún látin bíða haustsins. Ljóst var að við vildum setja upp veglegt verkefni, helst mannmargan söngleik og koma honum á almennilegt svið. Stjórn hleraði þá að Þórunn Guðmundsdóttir væri með drög að söngleik sem myndi henta vel sem afmælisverk og var hún fengin til að taka það verkefni að sér að skila fullunnu handriti fyrir samlestra í janúar. Leikritið var kynnt fyrir félagsmönnum á framhaldsaðalfundi þann 24. september 2013 og lofaði virkilega góðu. Jón St. Kristjánsson var fenginn til að leikstýra því en hann hafði leikstýrt síðasta söngleik eftir Þórunni sem Hugleikur setti á svið; Kolrössu árið 2002.



Á sama tíma ákvað stjórnin að láta slag standa og komast að því í eitt skipti fyrir öll hvað Reykjavíkurborg gæti gert fyrir okkur í húsnæðismálum. Þótt Eyjarslóð hafi hentað fyrir smærri sýningar okkar þyrsti okkur í stærra leikhús og mögulega eitthvað varanlegt og betur staðsett. Ég og Þorgeir fórum því á fund með Degi Eggertssyni og fórum við yfir þá möguleika sem voru í boði af hendi borgarinnar. Það er skemmt frá því að segja að þeir voru ekki margir. Dagur minntist á nokkur rými sem reyndust ekki standa okkur til boða þegar uppi var staðið og það húsnæði sem hýsti Möguleikhúsið var ekki lengur inni í myndinni. Síðustu skilaboð frá þeirri átt hljóðuðu upp á að vænlegast væri fyrir okkur að komast inn í Tjarnarbíó. Sem við og gerðum.

Þar sem til stóð að setja upp söngleik um vorið ákvað leikfélagið að þessu sinni að bjóða upp á söngnámskeið fyrir félagsmenn sína. Kristjana Stefánsdóttir hélt 12 tíma masterclass námskeið tvo sunnudaga í nóvember þar sem hún m.a. kynnti Complete Vocal kerfið sem hún styðst við í tæknikennslu sinni og vann lög með þátttakendum. Alls voru 12 manns skráðir á námskeiðið þótt lokatala þátttakenda hafi rokkað svolítið til.

Helgina 23.-24. nóvember var svo komið að haf-dagskrá Hugleiks sem lengi hafði verið í farvatninu. Hafði hún hlotið titilinn Mér er hafið hugleikið og voru sýndir fjórir leikþættir eftir félagsmenn. Leikfélaginu höfðu áskotnast nýir, eða notaðir, stólar frá Norðurpólnum sem nýverið

lagði niður starfsemi sína og og gátum við loksins boðið leikhúsgestum sína upp á þægilega setu á meðan leikið var.

Á meðan á þessu stóð skrifaði Þórunn söngleikinn sinn af miklu kappi. Handritið var tilbúið í tæka tíð og í lok janúar 2014 voru haldnir samlestrar og söngprufur á Eyjarlóð. Mæting fór fram úr björtustu vonum og eftir nokkrar hrókeringar var settur saman 15 manna leikhópur – en alls voru 16 hlutverk í boði. Erfiðlega gekk að finna sextánda leikarann og höfðu æfingar staðið yfir í mánuð þegar hann dúkkaði loksins upp. Tveimur vikum fyrir frumsýningu varð svo til hljómsveit og þá var spýtt í lófana og æfingar færðar yfir í Tjarnarbíó. Það kom þó ekki að sök og fullmönnuð og fullæfð sýning – sem hafði hlotið titilinn Stund milli stríða – var frumsýnd þar 5. apríl síðastliðinn. Alls voru sýndar átta sýningar í því húsi en erfiðlega gekk að finna sýningarkvöld sem gengu upp fyrir bæði leikhópin og húsið. Aðsókn var hógvær framan af en glæddist fljótt og síðustu fimm sýningarnar voru fyrir fullu húsi. Það voru ekki aðeins áhorfendur sem voru hrifnir, gagnrýnendur héldu ekki vatni. Silja Aðalsteins sagði í dómi sínum fyrir tmm.is: „Ég hef elskað Hugleik síðan ég sá hann fyrst, og þó að ég hafi ekki séð nærri því allar sýningar hans ... hef ég séð eins margar og ég hef komist á og oft komið út með þá hugsun efst í kollinum að sjaldan hafi ég skemmt mér betur. Svo var einnig í gærkvöldi, á annarri sýningu þessa söngleiks. Þvílíkt dillandi fjör og leikgleði, þvílíkir bragir, þvílík sönglög, þvílíkur söngur og grín!“ Lárus Vilhjálmsson tók í sömu strengi og sagði í dómi sínum á leiklist.is: „Það er Hugleik til mikils sóma að fagna 30 ára afmæli sínu með svona metnaðarfullri og góðri sýningu sem bæði vísar til langrar hefðar í frumflutningi nýrra íslenskra verka og notkun félagsins á tónlist og hæfilegum dáraskap í sýningum sínum. ... Stund milli stríða [er] besti söngleikurinn í borginni og ég hvet alla sem vettlingi geta valdið að drífa sig, hlæja dátt og dilla sér. Þessi sýning fær fimm stjörnur frá mér.“

Þó kórónaði Þjóðleikhúsið allt þegar Stund milli stríða var valin Athyglisverðasta áhugaleiksýningin af dómnefnd þess þann 3. maí síðastliðinn. Í umfjöllun dómnefndar segir: „Sögusviðið og umfjöllunarefnið er áhugavert, við hverfum aftur til kreppunnar milli stríða, með það í huga hvornig sá tími kallast á við okkar tíma.

En hér eru húmorinn og ástin aldrei langt undan, né heldur tónlistin, og leikritið er bráðskemmtilegt. Fjöldi leikara og tónlistarmanna stendur að sýningunni, og flutningurinn er í senn kraftmikill, fjörugur og agaður. Umgerð sýningarinnar er einnig afar vel heppnuð, bæði leikmynd og búningar. Stund milli stríða, þrjátíu ára afmælis-sýning Hugleiks, sýnir svo um munar að leikfélagið ber aldurinn vel, og er fullt af áræðni, metnaði, fjöri og orku.“

Hugleikarar munu því stíga á stökk í Þjóðleikhúsinu 7. júní og setja Stund milli stríða á svið í eitt skipti enn – nú á stóra sviðinu. Það verður að viðurkennast að velgengni þessarar sýningar er ekki síst að þakka ótrúlega öflugum leikhópi sem kom saman einhuga og af eldmóði til að setja upp þá bestu sýningu sem völ var á.

Fyrir ári flutti ég sambærilega skýrslu þar sem ég fjallaði m.a. um mikilvægi þess að efla félagslegu hlið leikfélagsins og ekki fórna gamni á altari vinnunnar. Því hér þarf samt fyrst og fremst að vera gaman. Enginn gengur í leikfélag til að þess að hruga á sig vinnu heldur til þess að lífga upp á hversdaginn, finna útrás fyrir sköpunargleðina og gera skemmtilega hluti í hópi fólks sem hefur jafn gaman að því. Það verður að segjast að þar hafi farið fram úr björtustu vonum og það vermdi þetta kalaða formannshjarta að sjá hversu góður andi myndaðist í hópnum í kringum Stund milli stríða. Ég vona einnig svo sannarlega að þeir nýliðar sem gengið hafa til liðs við okkur nú í vetur sjái ástæðu til að dvelja um stund. Við tökum þeim fagnandi. Finnum okkur nú eitthvað skemmtilegt að gera.

Ásta Gísladóttir, formaður.

Leikfélag A-Eyfellinga



Anna í Stóru-Borg

Höfundur: Margrét Tryggvadóttir
 Leikstjóri: Sveinn Óskar Ásbjörnsson
 Þátttakendafjöldi: 17
 Sýningarfjöldi: 14
 Áhorfendafjöldi: 1427

Eftir hundrað ára blund

Höfundur: J. M. Wolf
 Þýðandi og leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir
 Þátttakendafjöldi: 24
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 121

Sex grísir, úlfur og allir hinir

Höfundur: J. M. Wolf
 Þýðandi og leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir
 Þátttakendafjöldi: 24
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 121

Skýrsla Leikfélags A-Eyfellinga leikárið 2013-14:

Stjórn skipa:

Guðrún Inga Sveinsdóttir, formaður
 Ármann Fannar Magnússon, gjaldkeri
 Margrét Tryggvadóttir, ritari

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Þetta ár er búið að vera viðburðarríkt og skemmtilegt. Vetrarstarfið hófst með leiklistarnámskeiði í október, til að koma fólki af stað í verkefni vetrarins. Leiðbeinandi var Sveinn Óskar Ásbjörnsson og voru þátttakendur 12 talsins.

Eftir áramót hófst svo samlestur á leikgerð Margrétar Tryggvadóttur á sögunni um Önnu frá Stóru-Borg. Langþráður draumur varð að veruleika. Leikstjóri var Sveinn Óskar Ásbjörnsson. Leikstjórinn hannaði að mestu leikmyndina og smíðaði. Var þetta töluvert verk því ekki minna en fjall með helli var töfrað fram, ásamt ýmsu öðru, í salnum á Heimalandi. Sigrún Jónsdóttir listmálari málaði síðan leikmyndina og Þorsteinn Sigurbergsson sá um ljósahönnun, snillingar öll þrjú. Hluti leikara í verkinu voru unglingar úr leikhópnum Glætunni, sem Margrét hefur leiðbeint á undanförunum árum. Greinilega kom fram árangurinn af þessu starfi. Samstarfið við þau og alla aðra sem komu að sýningunni var einkar

ánægjulegt. Sýningunni var gríðarlega vel tekið og erum við afar stolt af þessu verkefni. Áhorfendafjöldi fór langt fram úr björtustu vonum. Fólk kom alls staðar að, allt frá Keflavík að Klaustri.

Í janúar hófst barna- og unglingastarfið þegar leikhópurinn Glætan hóf sitt 12 starfsár með leiklistaræfingum og síðan æfingum á tveimur leikþáttum sem sýndir voru um vorið.

Þátttakendur í starfinu þetta árið voru börn á aldrinum 10-12 ára. Leiðbeinandi var Margrét Tryggvadóttir.

Margrét Tryggvadóttir, ritari

Leikfélag Blönduóss**Dagbókin hans Dadda**

Höfundur: Sue Townsend
 Þýðandi: Guðný Halldórsdóttir
 Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson
 Þátttakendafjöldi: 34
 Sýningarfjöldi: 8
 Áhorfendafjöldi: 669

**Skýrsla stjórnar 2013-2014:**

Haustið 2013 barst Leikfélagi Blönduóss fyrirspurn frá forstöðukonu Dreifináms A-Hún, Ásdísi Ýr Arnardóttur, hvort áhugi væri hjá leikfélaginu að starfa með unglingum í nýstofnaðri framhaldsdeild Fjölbrautarskóla NV á Blönduósi. Vel var tekið í erindið og var í framhaldinu ákveðið að uppsetningin yrði í nafni Leikfélagsins sem bæri jafnframt allan kostað og tekjur af uppsetningunni. Þátttakendur úr dreifináminu fengu samstarfið metið til einingar í sínu námi auk ómetanlegrar reynslu.

Eftir stutta leit að leikstjóra bárust böndin að Ólafi Jens Sigurðssyni sem tók að sér verkefnið og hóf þegar í stað leit að hentugum verkum fyrir leikhópinn. Í byrjun febrúar lágu fyrir tvö verk sem komu til greina en eftir samlestur var ákveðið að setja upp leikverkið *Dagbókin* hans Dadda eftir Sue Townsend í þýðingu Guðnýjar Halldórsdóttur.

Æfingatímabilið gekk að mestu stóráfallalaust fyrir sig en þrátt fyrir nýliðun kom berlega í ljós hversu stór skörð hafa verið höggvin í innviði félagsins á liðnum árum og mæddi því mikið á fámennum hópi eldri félaga þó allt hefðist nú að lokum.

Frumskýnt var 28. mars og í heildina sýndar átta sýningar en 8. sýningin var styrktarsýning fyrir ungan Blönduósing, Pál Þórðarson sem hefur vegna veikinda sinna þurft að dvelja langtíðum fjarni heimabyggð. Rann öll innkoma og önnur frjáls framlög vegna styrktarsýningarinnar óskipt til Páls og hans fjölskyldu. Aðsókn á þessar átta sýningar var ásættanleg en heildarfjöldi áhorfenda var 669 manns.

Kostnaðarlega séð kemur uppsetningin líklega nokkurnvegin út á sléttu en í heildina tókst sýningin vel og hlaut lof áhorfenda. Það er líka ómetanlegt fyrir félag sem legið hefur í dvala að fá vítamínsprautu eins og þann fjölda ungmenna sem þátt tóku í leiksýningunni. Það er einlæg von félagsins að grundvöllur verði fyrir áframhaldandi samstarfi en það veltur að mestu á hvort framhald verði á dreifináminu á Blönduósi.

Að lokum er vert að minnast á hið góða samstarf sem stjórn félagsins átti við leikstjórann Ólaf Jens og mælir félagið óhikað með honum og án vafa verður hans starfskrafta leitað í framtíðinni.

Guðmundur Karl Ellertsson, formaður.

Leikfélag Dalvíkur

Fullkomið brúðkaup

Höfundur: Robin Howdon
Þýðandi: Örn Árnason
Leikstjóri: Aðalstein Bergdal
Þátttakendafjöldi: 17
Sýningarfjöldi: 13
Áhorfendafjöldi: 841



Fáranlega fine

Höfundar: Unglingastig Dalvíkurskóla og kennari
Leikstjóri: Andrea Raguels
Þátttakendafjöldi: 25
Sýningarfjöldi: 8
Áhorfendafjöldi: 498

Leikfélag Fjallabyggðar

Brúðkaup

Höfundur og leikstjóri: Guðmundur Ólafsson
Þátttakendafjöldi: 24
Sýningar verða haustið 2014

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Í júní hélt fjörið áfram hjá leikfélögunum í Fjallabyggð, en þann 16. júní 2013 sýndum við samvinnuverkefni okkar Stöngin inn! í Þjóðleikhúsinu fyrir fullum sal af fólki. Ó já, við vorum valin athyglisverðasta áhugamannsýningin 2013. Var setið í hverju sæti og komust færri að en vildu. Er þetta upplifun sem mun aldrei gleymast, fagnaðarlætin í lok sýningarinnar kom út tárur á ansi

mörgum ef ekki öllum leikurum og aðstoðarfólki. Eigum við höfundinum og leikstjóranum Guðmundi Ólafssyni mikið að þakka.



Þann 12. júlí 2013 voru svo leikfélögin í Fjallabyggð sameinuð í eitt félag sem hlaut nafnið Leikfélag Fjallabyggðar. Vonum við að þessi góða byrjun komi til með að efla áhuga ungs fólks á leiklist í báðum bæjarkjörnum. Þess má geta að í ársbyrjun var Leikfélag Fjallabyggðar kosið sem bæjarlistamannahópur Fjallabyggðar fyrir árið 2014.

Á haustdögum var ákveðið að biðja Guðmund Ólafsson að semja fyrir okkur annað verk sem hann og gerði. En þetta er í fimmta sinn sem hann semur fyrir okkur. Hófust æfingar 27. janúar og gekk vel að manna verkið. Reyndar svo vel að Guðmundur var í því að semja og bæta við hlutverkum svo allir sem vildu leika gætu verið með. Æfingar gengu vel og var fyrirhugað að sýna leikritið sem hlaut nafnið Brúðkaup þann 14. mars.

En þá gripu örlögin inn í og er sárt að segja frá því að einn af okkar dyggustu aðstoðarmönnum, Guðmundur Garðarsson, andaðist þann 12. mars langt fyrir aldur fram. Og þegar svona gerist í litlu bæjarfélagi þar sem allir þekkja alla var ekki annað í stöðunni en að fresta frumsýningu. Mun hans verða sárt saknað af leikfélögum og þökkum við honum fyrir alla hans óeigingjörnu vinnu og yndislegan félagsskap í gegnum tíðina. Æfingar á Brúðkaupi munu svo hefjast aftur á haustdögum og er fyrirhugað að frumsýna í október.

Þuríður Sigmundsdóttir, formaður.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Gull í tönn

Höfundur og leikstjóri: Ásgeir Hvítaskáld
Þátttakendafjöldi: 37
Sýningarfjöldi: 7
Áhorfendafjöldi: 408



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Stuttu eftir aðalfund 2013 kom nýkjörin stjórn saman og skipti með sér verkum:
 Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir, formaður
 Jörundur Ragnarsson, gjaldkeri
 Guðný Drífa Snæland, ritari
 Jón Gunnar Axelsson, meðstjórnandi
 Einar Sveinn Friðriksson, meðstjórnandi
 Kristrún Jónsdóttir, varamaður
 Steinunn Elva, varamaður
 Steinunn Elva óskaði fljótlega eftir að hætta þar sem hún flutti frá Egilsstöðum.

Síðasta stjórn hafði lagt drög að sumarverkefni í skóginum eins og var árið áður. Leikstjóri hafði þegar verið ráðinn, en fljólega kom í ljós að það var lítil áhugi hjá ungmönnum í unglingsvinnunni fyrir leiklistinni og endaði með að leikfélagið varð að hætta við allt saman og greiða leikstjóra hlutalaun. Alcoa og Menningarráð Austurlands höfðu styrkt þetta verkefni, en það fékkst samþykki fyrir því að styrkurinn myndi renna til unglingsstarfs í leiklist. Jón Gunnar hélt utan um bráðskemmtilegt leiklistarnámskeið sem haldið var í Barnaskólanum á Eiðum í mars 2014. Halldóra Malín var ráðin sem leiðbeinandi. 12 börn komu á námskeiðið og vegna mikilla ánægju komu strax óskir um að halda svona námskeið aftur. Vonandi getum við orðið við þeirri ósk. Á skemmtun Harmónikkufélags Héraðsmanna um verslunarmannahelgina fóru nokkrir leikarar úr Kardimommubænum með spunaverk þar sem persónurnar úr Kardimommubæ voru að hittast aftur mörgum árum seinna. Mjög skemmtilegt spunaverk varð til þarna og vakti kátínu.

Á Ormsteiti stóð leikfélagið fyrir notalegri samkomu sem heitir því skemmtilega nafni Rómantik í rökkrinu og hefur verið á Ormsteiti undanfarin ár. Viðburðurinn átti að vera í Selskógi en vegna veðurs þá fluttist hann inn í Menningarhúsið Sláturhúsið. Ágæt mæting var og almennt var fólk ánægt með kvöldið. Ljóðalesarar voru: Ódinn Gunnar, Steinunn Friðriksdóttir, Áslaug Sigurgestsdóttir og Sólveig Heiðrún.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs styrki Bandalag ísl. leikfélaga um 120.000 kr. vegna fjárhagsörðuleika þess. Fleiri leikfélög styrktu og það skipti miklu máli fyrir Bandalagið. En LF er aðilildarfélag í Bandalag-

inu og Þráinn Sigvaldason sem hefur til margra ára starfað með LF situr í stjórn Bandalagsins. Félagsfundur var haldin í haust á Bókakaffi og mættu 18 manns á hann. Þar var kynnt fyrir félagsmönnum vetrarstarfið sem fólst aðallega í að félagsmenn hittust reglulega undir nafninu Leikum saman í vetur og hugað var að uppsetningu leikrits á vordögum.

Leikum saman er hugmynd að samverustund til að efla félagsandann í félaginu og efla áhuga fólksins á leiklistinni og öllu sem því viðkemur. Á þeim kvöldum voru lesin leikrit, sungið saman, farið í leiki og spjallað. Litið var á leikritasafn félagsins sem er nokkuð stórt og verðugt að koma góðri reglu á það síðar. Það skal tekið fram að félagsmenn æfðu sig að syngja Bandalagsönginn Allt fyrir andann. Það er hugur í fólki að halda þessu áfram og leika saman.

Leikfélagið hefur undanfarin ár haft góðan aðgang að aðstöðu í Valaskjálfi í gegnum leigusamning Sveitafélagsins. Við nýttum okkur vel aðstöðu í bíósal hússins í vetur til leikstarfsins en áður en það hófst var ráðist í tiltekt þar, málað gólfíð, skipt um perur og gert við rafmagn.

Laust eftir áramót samdi leikfélagið við Ásgeir Hvítaskáld um leikstjórn á leikriti eftir hann sjálfan Gull í tönn. Þar sem bíósalurinn var orðin húsum hæfur þá var hann nýttur til æfinga og sviðsmyndin var að miklu leiti smíðuð þar. En Leikfélag Menntaskólans var á sama tíma að æfa á sviðinu í Valaskjálfi. Æfingar byrjuðu í janúar og var æft aðeins tvisvar í viku til að byrja með. En smátt og smátt var gefið í og æfingum fjölgað og í apríl var æft daglega en gefið gott páskafrí á milli. Þetta fyrirkomulag hentaði mörgum vel, þar sem flestir eru í vinnu og fólk varð ekki útkeyrt eins og oft gerist á stuttum æfinartímabilum. Frumsýnt var í Valaskjálfi 27. apríl 2014 og var almenn ánægja með þennan frumflutning á verkinu sem fólk sagði að kæmi sér mjög á óvart. Rúmlega 400 manns kom á sýninguna.

Við ljúkum nú þessu leikári með gleði í hjarta og hamingju með okkar framtak. Áhugaleikfélög þrífast á áhuga fólksins og þegar fólk kemur saman með sinn áhuga þá gerist eitthvað, já eitthvað og úr því getur orðið eitthvað merkilegt, eitthvað gott og eitthvað skemmtilegt.

Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir, formaður.

Leikfélag Hafnarfjarðar**Velkominn í heiminn Vésteinn**

Höfundur: Sóley Ómarsdóttir
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendaföldi: 3
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 60

**Undirlægjur og yfirvaraskegg**

Höfundur: Elín Eiríksdóttir
 Leikstjóri: Kristbjörg Víðisdóttir
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 60

Glögg er gests augað

Höfundur: Inga M. Beck
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 60

**Halló**

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson
 Leikstjóri: Halldór Magnússon

Þátttakendaföldi: 3
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 60

Ómissandi fólk

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 4
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 60

Nýji staðurinn þarna í Skipholtinu

Höfundur: Ólafur Þórðarson
 Leikstjóri: Leikhópurinn
 Þátttakendaföldi: 5
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 60

Fyrir augað

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
 Leikstjóri: Halldór Magnússon
 Þátttakendaföldi: 3
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 65

Aðlaðandi er ungfrúin ánægð

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 65

Truth or dare

Höfundur: Elín Eiríksdóttir
 Leikstjóri: Halldór Magnússon
 Þátttakendaföldi: 3
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 65

Stígur

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 4
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 65

Kona um konur, frá kynslóð til kynslóðar

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Predator

Höfundur: Halldór Magnússon
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Kjartan og Bolli baða sig

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Ávaxtaflugur

Höfundur: Gunnhildur Magnúsdóttir
Leikstjóri: Elva Dögg Gunnarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

**Ugla sat**

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
Leikstjóri: Elva Dögg Gunnarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Maður finnur kvíða víða

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
Leikstjóri: Halldór Magnússon
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Lögga og Bófi

Höfundur: Heiðís Buzgó
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

You are what you eat

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Leikstjóri: Halldór Magnússon
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Laxness

Höfundur: Guðfinna Rúnarsdóttir
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Síðasta jobbið

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Deja vu

Höfundur: Halldór Magnússon
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Sá á kvölina

Höfundur: Inga M. Beck
Leikstjóri: Jóhanna Dalkvist
Þátttakendafjöldi: 2

Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Þakklæti, frelsi, ritstífla

Höfundur: Inga M. Beck
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Íslenskt vor

Höfundur: Heiðdís Buzgó
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendafjöldi: 5
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 94

Vasinn

Höfundur: Sóley Ómarsdóttir
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Mannheim

Höfundur: Guðfinna Rúnarsdóttir
Leikstjóri: Theodóra Listalín
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Framtíðin

Höfundur: Heiðdís Buzgó
Leikstjóri: Halldór Magnússon
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Möguleikarinn

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Leikstjóri: Halldór Magnússon
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Hamingjan

Höfundur: Elín Eiríksdóttir
Leikstjóri: Elva Dögg Gunnarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65



Segðu okkur satt Jónas

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Mögulegar flóttaleiðir

Höfundur: Inga M. Beck
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Dansað til að gleyma

Höfundur: Halldór Magnússon
Leikstjóri: Elva Dögg Gunnarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Amen

Höfundur: Elín Eiríksdóttir
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Hringsson, the musical

Höfundar og leikstjórar: Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ólafur Þórðarson
Þátttakendafjöldi: 5
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Skýrsla fomanns 2013-14:

Nú leikárið er liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur tilbaka.

Nú gengin er sérhver þess gleði og þraut, það gjörvallt er runnið á eilífðar braut, en minning þess víst skal þó vaka.

Leikárið sem nú er að ljúka er búið að vera rússíbani, með miklum hæðum og miklum lægðum. Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar var að framfylgja ákvörðun seinasta aðalfundar um innheimtu félagsgjalda. Þetta var aðallega gert til að félagsskrá leikfélagsins yrði skilvirkari. Við hófum leikárið með því að ákveða leikverk og varð fyrir valinu að setja upp Nakinn maður og annar í kjólfötum. Við settum niður tíma í húsinu og byrjuðum að æfa. Halldór Magnússon ætlaði að leikstýra, við vorum komin með leikhóp og vorum búin að hittast þrisvar til fjórum sinnum þegar allt í einu kom upp úr kafinu að ekki yrði hægt að setja upp verkið innan þess tímaramma sem við höfðum ákveðið, þar sem ákveðið hafði verið að leigja út Gaflaraleikhúsið til annarra á þeim tíma.

Þegar útséð var með að við gætum ekki sett upp stærra verk fyrir áramót var ákveðið að hafa byrjendanámskeið í leiklist og settum við niður tímaplan fyrir það en þá bar svo við að það var ekki heldur hægt þar sem búið var að leigja út húsið. Við hættum því líka við það og sáum ekki fram á að neitt yrði gert á vegum leikfélagsins fyrir áramót. Ég sá að við svo yrði ekki búið og hóaði í félagi í leikfélaginu á spunakvöld í desember. Þetta urðu nokkur skipti með fámennum hópi sem spunnu af krafti í desember mánuði. Síðan hófst nýtt ár. Í janúar var leikfélagið með tvö námskeið, byrjendanámskeið í umsjón Ágústu Skúladóttur og höfundanámskeið í umsjón Karls Ágústis Úlfssonar. Það hefðu gjarnan mátt vera fleiri á námskeiðinu hjá Ágústu en höfundanámskeiðið hjá Karli var mun betur sótt og bæði námskeiðin tókust mjög vel og voru, held ég, allir

ánægðir með þau.

Eftir að námskeiðunum lauk var farið að skoða hvað hægt væri að gera það sem eftir lifði leikárs. Okkur í stjórn leist mjög vel á tillögu Halldórs Magnússonar um að fara í verkefni sem nefndist Hið vikulega, sem snýst um að skrifa og setja upp stuttverk á einni viku. Það var þó ógerlegt þar sem ekki var pláss í leikhúsinu til að sýna um helgar vegna fyrirhugaðra sýninga Gaflaraleikhússins. Við sáum ekki fram á að geta farið í þetta verkefni en þá fengum við þær fréttir að Gaflaraleikhúsið hefði hætt við sína uppsetningu og var þá ákveðið að fara í verkefnið Hið vikulega.



Undirbúningur fyrir Hið vikulega hófst á því að sett var á fót höfundasmiðja sem byrjaði að skrifa af fullum krafti. Á sama tíma vorum við með byrjendanámskeið í leiklist, sem var opið og ókeypis fyrir alla. Um tólf manns voru í höfundasmiðjunni og sautján manns á byrjendanámskeiðinu. Að loknu byrjendanámskeiðinu var síðan hafist handa við Hið vikulega. Höfundasmiðjan fékk viku til að skrifa og leikstjórar og leikarar fengu viku til að setja upp verkið sem þau fengu í hendur. Þetta gerði leikfélagið fjórum sinnum og voru þrjátíu og fjögur stuttverk frumsýnd á þessum fjórum vikum. Þetta tókst í alla staði vel og komu samtals um þrjú hundruð áhorfendur á sýningarnar. Stjórnin hefur nú þegar óskað eftir því við Gaflaraleikhúsið að fá inni í húsinu fyrir byrjendanámskeið og Hið vikulega á haustdögum, en það yrði þá viðauki við þá tíma sem kveðið er á um að leikfélagið eigi til umráða fyrir stærri uppsetningar. Nú í maí skrifaði leikfélagið undir endurnýjun á samstarfssamningi við Gaflaraleikhúsið. Breytingar voru gerðar á samstarfssamningnum, bæði að beiðni leikfélagsins og Gaflaraleikhússins, sem miðar að því að auðvelda samstarfið og minnka þá árekstra sem hafa orðið í samstarfinu fram að þessu. Við vonum að samstarfið verði farsælt og langvinnt, en samningurinn er til þriggja ára. Leikfélag Hafnarfjarðar er farið af stað af endur-

nýjuðum krafti og til merkis um það þá eru átta manns á leið í Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga núna í júní, en það er líklegast mesti fjöldi sem sótt hefur skólann frá stofnun hans, þar á meðal eru tvö á Leiklist I, sem voru á byrjendanámskeiðinu í mars og tvö úr höfundasmiðjunni á Leikritun II.

Í maí fór síðan undirritaður fyrir hönd leikfélagsins á aðalfund Bandalags ísl. leikfélaga í Vestmannaeyjum og var þar kosinn í varastjórn Bandalagsins.

Á leikárinu var einnig opnuð ný og endurbætt heimasíða félagsins á leikhaf.is og á Styrmir veg og vanda af þessari velkomnu endurnýjun á síðunni okkar. Við munum kappkosta að setja þar inn efni tengt leikfélaginu, tengt leiksýningum og öðru því sem leikfélagið tekur sér fyrir hendur.

Að lokum má geta þess að Sindri Þór Hannesson sagði sig úr stjórn á vordögum vegna þess að hann sá sér ekki fært að starfa áfram í leikfélaginu. Við viljum þakka honum samstarfið á liðnum árum og óskum honum velfarnaðar í framtíðinni.

Gísli Björn Heimisson, formaður.

Leikfélag Hofsóss



Blúndur og blásýra

Höfundur: Joseph Kesselring
Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson
Þátttakendafjöldi: 28
Sýningarfjöldi: 9
Áhorfendafjöldi: 470

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Aðalfundur Leikfélags Hofsóss sem haldinn var þann 16. desember 2013 samþykkti að ráðast í uppsetningu á leikriti þetta leikárið samkvæmt þeirri hefð sem mótast hefur að setja upp verk annað hvert ár. Stjórn var falið að leita eftir leik-

stjóra og koma með uppástungur að verkefnum Eftir nokkra leit var ákveðið að ráða Ármann Guðmundsson til verksins og um miðjan febrúar var hafist handa. Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að taka til sýningar leikritið Blúndur og blásýra eftir Joseph Kesselring sem gerist á heimili aldraðra systra í Brooklyn í kringum 1940.

Æfingar gengu að mestu vel fyrir sig þó tíminn sem til þeirra var ætlaður hafi verið í knappara lagi. Allt hafðist þetta þó og þann 4. apríl var verkið frumsýnt í Félagsheimilinu Höfðaborg við góðar undirtektir. Sýnt var 9 sinnum og áhorfendur voru u.þ.b. 470. Alls tóku 28 manns þátt í uppsetningunni, þar af 11 leikarar.

Í júní tók leikfélagið að vanda þátt í kvöldvöku á Jónsmessuhátíð á Hofsósi.

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður.

Leikfélag Hornafjarðar

Blúndur og blásýra

Höfundur: Joseph Kesselring
Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson
Leikstjóri: Eyvindur Karlsson
Þátttakendafjöldi: 20
Sýningarfjöldi: 6
Áhorfendafjöldi: 180

Leikfélag Hólmavíkur

Rómeó og Júlía

Höfundur: W. Shakespeare
Leikstjóri: Guðbjörg Ása Huldu og Jónsdóttir
Þátttakendafjöldi: 5
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 90

Skilaboðaskjóðan

Höfundar: Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Leikstjóri: Esther Ösp Valdimarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 48
Sýningarfjöldi: 5
Áhorfendafjöldi: 400



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Í stjórn sátu Einar Indriðason formaður, Ester Sigfúsdóttir ritari og Salbjörg Engilbertsdóttir gjaldkeri.

Aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur var haldinn 13. október 2013. Ákveðið var að setja upp leikrit í fullri lengd í samstarfi við Grunn- og tónskólann á Hólmavík eftir áramót. Einnig voru viðraðar aðrar hugmyndir. Á leikárinu 1. júní 2013 til 31. maí 2014 voru eftirfarandi verkefni hjá leikfélaginu:

Upplestur í Kaupfélagi Strandamanna á Hólmavík
Nokkrir félagar úr leikfélaginu tóku að sér að lesa upp úr nýútkomnum jólabókum Í K.S.H. 21. desember.

Uppsetning á Skilaboðaskjóðunni

Leikfélagið setti upp leikritið Skilaboðaskjóðuna í samvinnu við Grunn- og tónskólann á Hólmavík. Einnig tóku nemendur í FNV þá í uppfærslunni. Sýndar voru 5 sýninga á Hólmavík. Tuttugu og fimm manns tóku þátt í sýningunni auk fjölda annarra á bak við tjöldin. Áhorfendur voru um 400 talsins.

Spunaverkefnið Rómeó og Júlía

Leikfélagið setti upp spunaleikþátt byggðan á Rómeó og Júlíu í tengslum við bæjarhátíðina Hörmungardaga á Hólmavík. Verkið var flutt einu sinni og tóku fimm manns þátt í uppsetningunni. Verkefnið tókst afar vel og voru áhorfendur um 90 talsins.

Súpufundur á Café Riis

Leikfélagið hélt kynningarfund um starfsemi

félagsins á súpufundi á Café Riis fyrri hluta árs 2014.

Einar Indriðason, formaður.

Leikfélag Húsavíkur

Sitji Guðs englar

Höfundar: Guðrún Helgadóttir og Illugi Jökulsson

Leikstjórar: Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir

Þátttakendafjöldi: 33

Sýningarfjöldi: 22

Áhorfendafjöldi: 2020

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Á síðasta aðalfundi 10. október 2013 var kosin ný stjórn:

Auður Jónasdóttir, formaður

Ása Gísladóttir, gjaldkeri

Anna Ragnarsdóttir, ritari

Dómhildur Antonsdóttir

Einar Halldór Einarsson



LH setti upp sýninguna Sitji guðs englar eftir sögu Guðrúnar Helgadóttur í leikgerð Illuga Jökulssonar. Það voru þau Margrét Sverrisdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson sem leikstýrðu. Í upphafi vertíðar bauð leikfélagið öllum börnum bæjarins á aldrinum 11-15 ára á leiklistanámskeið sem Margrét stjórnaði og úr þeim hópi voru þau valin sem fengu hlutverk í sýningunni.

Þetta var fjölmenn sýning og aldursdreifð.

Stemmingin í hópnum var alveg einstök og allt gekk mjög vel fyrir sig. Sýningin var mjög vinsæl og hlaut mjög góða dóma almennings.

Við vorum í smá samstarfi við Heimabakari sem fólst í því að við lásum upp úr barnabókum í bakariinu á laugardagsmorgnum á haustönninni og einnig lásum við á bókasafninu á aðventunni. Að venju fórum við í göngu á annan í jólum og það var finast mæting og enginn lét smá éljagang á sig fá.

Auður Jónasdóttir, formaður.

Leikfélag Hveragerðis

Mjallhvít og dvergarnir sjö

Höfundur og leikstjóri: Hafsteinn Þór Auðunsson

Þátttakendafjöldi: 32

Sýningarfjöldi: 18

Áhorfendafjöldi: 1008

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Aðalfundur var haldinn 1. september og þar var kosin ný stjórn.

Formaður: Jóhann Tr. Sigurðsson

Varaformaður: Hjörtur Már Benediktsson

Gjaldkeri: Berglind Soffía Blöndal

Ritari: Árný Rún Helgadóttir

Meðstjórnandi: Berglind Sigurðardóttir

Varastjórn:

Kristín Ólafsdóttir

Hrafnhildur Faulk

Íris Jutith Svavarsdóttir.



Þegar sýningum á Með vífið í Lúkunum lauk þá kom hlé í starfið yfir sumarið.

Þegar fór að hausta, var farið að huga að verkefni til að taka til sýninga eftir áramótin. Komu upp margar hugmyndir bæði um leikrit og leikstjóra. Eftir miklar þælingar var ákveðið að ganga til samninga við Hvergerðinginn og nýútskrifaðan

leikarann frá Englandi, Hafstein Þór Auðunsson til að leikstýra leikritinu *Mjallhvíti og dvergunum sjö*. Einnig myndi hann semja leikgerð, tónlist og söngtexta.

Þegar jólamánuðurinn gekk í garð var nóg að gera hjá jólasveinum leikfélagsins. Þeir voru viðstaddir þegar kveikt var á jólatré Hveragerðisbæjar á fyrsta sunnudegi í aðventu, báru út pakka til barna í Hveragerði á aðfangadag jóla, þjónusta sem vex ár frá ári. Jólasveinarnir komu fram á Jólaballi Lions á Hótel Örk á annan í jólum. Þar var troðfullt af börnum og einnig fullorðnum. Einnig heimsóttu þeir þrettándagleði sem haldin var í Lystigarðinum í Hveragerði.

Helgina 4.-5. janúar var haldið leiklistarnámskeið í Leikhúsinu okkar að Austurmörk 23. Námskeiðið var fyrir aldurshópinn 10-16 ára. 25 sóttu námskeiðið sem tókst frábærlega.

Strax í framhaldi af því eða 6. janúar var haldin áheyrnarprufa fyrir væntanlegt leikrit, *Mjallhvít og dvergana sjö*. Mætti mikill fjöldi áhugasamra leikara sem reyndu að heilla leikstjórnann Hafsteinn Þór Auðunsson. Flestir sem sóttu fyrrgreint leiklistarnámskeið voru þar á meðal.

13. janúar var tilkynnt um á val í hlutverk fyrir fullu leikhúsi og síðan hófust æfingar á fullu. Þegar upp var staðið urðu hlutverkin 32 og voru leikararnir á aldrinum 8-55 ára. Eftir miklar og strangar æfingar var barnasöngleikurinn *Mjallhvít og dvergarnir sjö* frumsýndur 14. mars. fyrir troðfullu húsi. Sýningin fékk mjög góða dóma bæði hjá áhorfendum og í fjölmiðlum. Sýningar urðu alls 18.

Átjándi sýningin var styrktarsýning haldin fyrir Aron Edvarð Björnsson og fjölskyldu. Aron Edvarð er með sjúkdóm sem heitir „short gut bowel syndrome“ eða stuttar garnir. Sjúkdómurinn gerir það að verkum að hann getur ekki nýtt næringu úr mat eins og við hin. Hann fær næringu í æð daglega auk þess að fá mjólk í sondu allan sólarhringinn.

Fullt hús var á sýningunni og öll sala á aðgöngumiðum fór til Arons Eðvarðs og fjölskyldu.

Einnig lagði mikill fjöldi fólks inn á reikning Leikfélagsins til styrktar fjölskyldunni.

Færum öllum bestu þakki fyrir.

Jóhann Tr. Sigurðsson, formaður

Leikfélag Keflavíkur**Hamagangur í hellinum**

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Hópurinn

Þátttakendafjöldi: 23

Sýningarfjöldi: 9

Áhorfendafjöldi: 520

Ávaxtakarfan

Höfundur: Kristlaug María Sigurðardóttir

Leikstjóri: Gunnar Helgason

Þátttakendafjöldi: 18

Sýningarfjöldi: 15

Áhorfendafjöldi: 1771

Skýrsla formanns 2013-2014:

Leikárið hófst að vanda með aðalfundi þar sem stjórn komandi leikárs var skipuð. Verkefni félagsins þetta leikárið voru í stórum dráttum eftirfarandi.



Þátttaka í opnum degi á Ásbrú

Samstarf um leiklistarhóp með vinnuskóla Reykjanesbæjar

Hýsing á listaskóla barnanna.

Húsið var leigt út til Gylnanna vegna leiksýningar á þeirra vegum.

Umsjón og þátttaka í 17. júní hátíðarhöldum.

Þátttaka og umsjón með Sandgerðisdögum í Sandgerði.

Uppi voru skemmtilegar hugmyndir um götuleikhús sem átti að hrinda í framkvæmd í kringum Ljósanótt en þær féllu niður vegna veðurs.

Stjórnin ákvað að setja upp jólasýningu sem frumsýna átti í byrjun desember og tóku

nokkrir leikfélagar sig til og endurskrifuðu handrit eftir Maríu Guðmundsdóttur. Úr varð verkið Hamagangur í hellinum. Leikstjórn var í höndum leikhópsins vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir ráðningu leikstjóra og er það miður. Engu að síður tókst vel til þótt áhorfendur hefðu mátt vera fleiri.

Þátttaka félagsins í þrettándagleðinni var með óhefðbundnu sniði og einkar glæsileg þetta árið. Eftir sémilegt jólafrí var komið að næsta verki og var ákveðið að slá til og setja upp Ávaxtakörfuna eftir Kikku. Kikka var okkur stoð og stytta við þessa uppsetningu þar sem hún lét okkur eftir handritið, búningana og leikmuni og á hún miklar þakkir skildar fyrir það.

Stjórn ákvað að ganga til samninga við Gunnar Helgason um leikstjórn á verkinu og hann fékk svo með sér ljósahönnuðinn Egil Ingibergsson og má segja að Ávaxtakarfan hafi slegið í gegn. Eftir að sýningum á Ávaxtakörfunni lauk fékk List án landamæra inni í húsinu og gekk það samstarf vel.

Leikfélagið tók þátt í Barnahátíð í Reykjanesbæ og ekki var um neitt annað að ræða en að Ávaxtakarfan yrði framlag okkar í ár en haldið var Búningaball með Ávaxtakörfunni.

Þrátt fyrir að sýningum hafi lokið eru leikarar Ávaxtakörfunnar ennþá á fullri ferð um allan bæ að skemmta og sér hvergi fyrir endann á því ævintýri.

Skemmtilegu og viðburðarríku leikári er nú lokið og upp rennur nýtt leikár sem vonandi verður ennþá skemmtilegra og viðburðarríkara en því sem var að ljúka. Manni virðist félagið vera í sókn og sést það best á því að áhorfendatölur eru með hærra móti en undanfarin ár auk þess að eftirspurn eftir atriðum frá félaginu á hinar ýmsu samkomur er meiri en oft áður. Til þess að þessi sókn geti haldið áfram þarf sterka féлага og er stjórn Leikfélags Keflavíkur ekki í nokkrum vafa að þeir sem hafa kveðið sér hljóðs innan félagsins undanfarin misseri standi fyllilega undir því að halda áfram að byggja ofan á það sem unnið hefur verið.

Leikfélag Kópavogs**Frásögur færandi**

Höfundur og leikstjóri: Hrunn Ólafsdóttir
 Þátttakendafjöldi: 4
 Sýningarfjöldi: 3
 Áhorfendafjöldi: 132

Móðurímyndin

Höfundur: Alan Ayckbourn
 Þýðendur: Sigríður Karlsdóttir og Rúnar Lund
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson
 Þátttakendafjöldi: 3
 Sýningarfjöldi: 3
 Áhorfendafjöldi: 132

Bílabúðin

Höfundur: Eugene Ionesco
 Leikstjóri: Örn Alexandersson
 Þátttakendafjöldi: 3
 Sýningarfjöldi: 3
 Áhorfendafjöldi: 132

Kemurr á deit?

Höfundur: Ástbjörg Rut Jónsdóttir og hópurinn
 Leikstjóri: Ástbjörg Rut Jónsdóttir
 Þátttakendafjöldi: 15
 Sýningarfjöldi: 3
 Áhorfendafjöldi: 146

Þrjár systur

Höfundur: Anton Tsjekhov
 Þýðandi: Ingibjörg Haraldsdóttir
 Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson
 Þátttakendafjöldi: 17
 Sýningarfjöldi: 9



Áhorfendafjöldi: 517

Úlfur í ömmugæru

Höfundur og leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson
 Þátttakendafjöldi: 4
 Sýningarfjöldi: 2
 Áhorfendafjöldi: 107

Strikið

Höfundur: Páll J. Árdal
 Leikstjóri: Örn Alexandersson
 Þátttakendafjöldi: 6
 Sýningarfjöldi: 2
 Áhorfendafjöldi: 107

Bóleró

Höfundur: David Ives
 Þýðandi og leikstjóri: Hörður Sigurðarson
 Þátttakendafjöldi: 2
 Sýningarfjöldi: 2
 Áhorfendafjöldi: 107

**Skýrsla stjórnar 2013-2014:**

Leikárið er nú á enda og margt hefur á dagana drifið. Átta félagsmenn sóttu Leiklistarskóla BÍL á Húnavöllum í júní á síðasta ári á námskeiðum í leiklist, leikstjórn og leikritun. Lítur út fyrir að svipaður fjöldi verði í skólanum í ár. Félagið styrkir félagsmenn að hluta í námið enda teljum við að það sé félaginu í hag að auðvelda félagsmönnum slíkt.

Töluverðar breytingar voru gerðar á starfsemi yngri félagsmanna. Eins og undanfarin ár rákum við unglíngadeild fyrir áramót en þó voru gerðar nokkrar breytingar á fyrirkomulagi. Í stað þéttrar

dagskrár í styttri tíma var ákveðið að lengja tímabilið og bjóða námskeið einu sinni í viku, 2 tíma í senn í 10 vikur samtals. Að námskeiði afloknu var unnið þéttar í 2 vikur til að koma upp leiksýningu sem sá dagsins ljós í lok nóvember undir heitinu Kemurr' á deit? Sýningin lukkaðist vel og var sýnd þrisvar sinnum.

Þar með er þó ekki sagan öll sögð því stjórn ákvað að bjóða einnig upp á námskeið fyrir 11-12 ára börn. Fyrirkomulagið var svipað og hjá þeim eldri, þ.e. einn tími á viku í 10 vikur en þó aðeins 1 klst. í senn. Í síðasta tíma var foreldrum boðið að sjá afrakstur námskeiðsins og gerðu góðan róm að. Eins og undanfarin ár sá Ástbjörg Rut Jónsdóttir um kennslu og leikstjórn.

Ætlunin var að bjóða upp á byrjendanámskeið fyrir leikara eins og undanfarin ár en nú brá svo við að aðsókn var ekki næg og því ákveðið að fresta námskeiði fram yfir áramót. Uppsetningu leikdagskrár var þess í stað flýtt og voru æfðir upp þrjár leikþættir undir stjórn Hrunnar Ólafsdóttur, Arnar Alexanderssonar og Harðar Sigurðarsonar. Þættirnir voru frumsýndir 1. október undir samheitinu Mixtúra. Meðal þátttakenda var fólk sem sótt hafði byrjendanámskeið fyrr um vorið.

Sýnt var þrisvar sinnum.

Bryddað var upp á nýjung í september þegar Hörður Sigurðarson hélt fyrirlestur um sögu leiklistar. Fámennt var en viðstaddir lýstu ánægju með framtakið og töldu sig nokkru fróðari eftir. Síðsumars samdi félagið við Rúnar Guðbrandsson um leikstjórn á sýningu í fullri lengd sem frumsýnd skyldi eftir áramót. Formaður og Rúnar lögðust í leit að hentugu verkefni og voru gefnar þær forsendur að velja klassískt verk með áherslu á krefjandi kvenhlutverk. Haldnar voru leiksmiðjur í október og nóvember með áhugasömum og á endanum var ákveðið að setja upp Þrjár systur eftir Anton Tsjechov. Æfingar hófust seinnipart nóvember en gert var hlé yfir hátíðarnar. Þráðurinn var tekinn upp strax eftir áramót og stífar æfingar voru til 29. janúar þegar frumsýnt var.

Samdóma álit er að afar vel hafi tekist til við uppsetninguna á öllum póstum. Leikstjórn, leikur, leikmynd, búningar og tæknivinna var framúrskarandi og áhorfendur notuðu stór orð til að lýsa ánægju sinni. Sautján leikarar tóku þátt í sýningunni. Fagmennska á öllum sviðum einkenndi Þrjár systur og félagið getur verið afar stolt af

niðurstöðunni. Sýndar voru 9 sýningar og voru flestar fyrir fullu húsi.

Að venju hélt félagið svo sitt árlega Stjörnu-ljósakvöld í kringum afmæli félagsins sem er 5. janúar. Á dagskrá var gamanþátturinn Kirsuberja-systurnar þar sem ögn var skopast að Tsjechov. Einnig steig Leikhúsbandið á svið og flutti lög við góðar undirtektir.

Byrjendanámskeið sem frestað hafði verið í haust hófst loks í byrjun febrúar. Aðsókn var mikil og um tíma stóð til að halda annað námskeið í kjölfarið til að koma til móts við hana en á endanum varð ekki úr því. Átta manns sóttu námskeiðið sem gekk vel og hefur þegar skilað nýju fólki á svið hjá félaginu.



Samkvæmt venju fékk Leikfélag MK leikhúsið til afnota á leikárinu, að þessu sinni í mars. Á ýmsu hefur gengið í gegnum árin meðan á veru þeirra í húsinu hefur staðið en nú tók steininn úr. Hægt væri að skrifa langan pistil um vandamálin sem upp komu en hér verður látið nægja að nefna að írekaðar kvartanir bárust frá nágrönnum okkar í Funalindinni vegna hávaða um nætur, formaður leit við í húsinu einn morguninn og var þá húsið ólæst og öll ljós kveikt og við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þannig hafði það verið síðan kvöldið áður. Auk þess kom í ljós að brunakerfi hafði verið tekið úr sambandi og var sambandslaust svo dögum skipti. Ótal önnur atriði mætti telja en verður það þó ekki gert hér. Formaður hafði samband við skólameistara MK sem mun aftur hafa haft samband við hópinn en það dugði ekki nema í stuttan tíma þar til aftur fór að síga á ógæfuhliðina. Stjórn hefur rætt málið og samþykkt að Leikfélag MK muni ekki fá aðstöðu í húsinu á næsta leikári nema breytingar verði á fyrirkomulagi. Því hefur verið komið á framfæri

við skólameistara en ekki hefur borist svar vegna þessa. Þessari ákvörðun verður því aðeins breytt að gagngerar breytingar verði á skipulaginu og er fyrsta krafan sú að skýrt verði kveðið á um ábyrgð á veru hópsins í húsinu og að fullorðinn starfsmaður skólans verði skipaður til að hafa umsjón með og ábyrgð á veru þeirra í Leikhúsinu.

Æfingar hófust í byrjun apríl á leikdagskrá sem frumsýnd var í lok maí undir heitinu Vorverkin. Þrír leikþættir voru sýndir; Úlfur í ömmugæru eftir Guðmund L. Þorvaldsson í leikstjórn hans, Strikið eftir Pál J. Árdal í leikstjórn Arnar Alexanderssonar og Bóleró eftir David Ives í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar.

Allnokkuð var framkvæmt í húsinu á árinu og er þar helst að nefna að rafmagnsmál voru loks tekin almennilega í gegn enda hafa þau verið í ólestri frá opnun hússins. Þessar framkvæmdir voru okkur dýrari en upphaflega var áætlað en bráðnauðsynlegar og eru þessi má nú í mun betra horfi. Enn er ýmislegt eftir í þessum málum og mun ný stjórn ákveða framkvæmdir í samræmi við fjárhag. Við rafmagnsvinnuna kom í ljós slæmur leki í þaki andyris. Var ekki um annað að ræða en fá hann lagaðan strax og bættust þar við óvænt útgjöld. Ótalið er síðan að milli jóla og nýárs kom saman lítill en öflugur hópur og smíðaði ljósabru framan á tæknibúrið. Var sú framkvæmd mikil búbot fyrir ljósaönnuði og sparar mikinn tíma og pening.

Áfram hefur verið haldið í tækjakaupum fyrir húsið og keyptir voru nokkrir ljóskastarar auk þess sem fest voru kaup á hljóðkorti og fjórum hátölurum. Leikhúsið er því enn betur tækjum búíð en búast má við að enn verði haldið áfram að bæta tækjakostinn þó líklega megi hægja ögn á í þeim efnum.

Ýmsir aðilar leigðu aðstöðuna í leikhúsinu og er þar helst að nefna vini okkar hjá Kvíkmynda-skólanum sem æfðu upp leiksýningar í desember og svo aftur í maí. Í ágúst voru haldnir tónleikar og flutt tónlist eftir Helga Rafn Ingvarsson sem hefur komið við sögu hjá leikfélaginu. Í desember var einnig haldin danssýning í húsinu. Þá sýndi Hlutverkasetur tvisvar í húsinu og var seinni sýningin liður í Kópavogsdögum í maí. Þá er von á Waldorskólanum sem hyggst hafa nemendasýningu í byrjun júní. Leikhúsið er orðið nokkuð eftirsótt enda er aðstaðan sífellt að batna.

Formaður sótti aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga í Vestmannaeyjum í byrjun maí. Helsta mál á dagskrá var bág fjárhagsstaða hreyfingarinnar. Félagið fékk sérstakar þakkir fyrir 150.000 kr. styrk sem það veitti til Þjónustumiðstöðvarinnar til að hægt væri að ná endum saman. Það er skoðun okkar að áhugafélögunum sé það brýn nauðsyn að viðhalda rekstri skrifstofu BÍL með sómasamlegum hætti.

Hörður Sigurðarson, formaður.

Leikfélag Mosfellssveitar

Súpuleikhúsið, 8 stuttir leikþættir

Höfundar: María Guðmundsdóttir og Brynhildur Sveinsdóttir
Leikstjóri: Ýmsir leikfélagar
Þátttakendafjöldi: 14
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 110

Bakkabræður

Höfundur: Jón Árnason
Leikstjóri: Ólöf A. Þórðardóttir
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 250



Kötturinn sem hvarf

Höfundur: Nína Tryggvadóttir
Leikstjóri: Ólöf A. Þórðardóttir
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 250

Líf mitt í kassanum

Höfundur: Hrafnkell Stefánsson
 Leikstjóri: Jól Sæmundsson
 Þátttakendafjöldi: 8
 Sýningarfjöldi: 4
 Áhorfendafjöldi: 120

Jólin hennar ömmu

Höfundur: Agnes G. Wild
 Leikstjóri: Jól Sæmundsson
 Þátttakendafjöldi: 14
 Sýningarfjöldi: 4
 Áhorfendafjöldi: 280

Prinsinn í konuleit

Höfundur: Leikhópurinn
 Leikstjóri: Egill Kaktuz Wild
 Þátttakendafjöldi: 10
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 80

**Langt í burtu staðurinn**

Höfundar: Egill Kaktuz Wild og leikhópurinn
 Leikstjóri: Egill Kaktuz Wild
 Þátttakendafjöldi: 18
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 74

Ævintýrið

Höfundar: Eva Björk Harðardóttir og leikhópurinn
 Leikstjóri: Eva Björk Harðardóttir
 Þátttakendafjöldi: 10
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 50

Í upphafi vorum við ...

Höfundar: Agnes G. Wild og leikhópurinn
 Leikstjóri: Agnes G. Wild
 Þátttakendafjöldi: 16
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 90

Eldgos og ævintýri

Höfundar: Sigríður Harðardóttir og leikhópurinn
 Leikstjóri: Sigríður Harðardóttir
 Þátttakendafjöldi: 5
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 50

Velkomin í Álfaland

Höfundar: Eva Björk Harðardóttir og leikhópurinn
 Leikstjóri: Eva Björk Harðardóttir
 Þátttakendafjöldi: 22
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 75

Einelti kostar

Höfundar: Agnes G. Wild og leikhópurinn
 Leikstjóri: Agnes G. Wild
 Þátttakendafjöldi: 18
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendafjöldi: 75

Leikfélag Norðfjarðar**Skvaldur**

Höfundur: Michael Frayn
 Þýðandi: Árni Ibsen
 Leikstjóri: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir
 Þátttakendafjöldi: 26
 Sýningarfjöldi: 5
 Áhorfendafjöldi: 315

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Ári eftir endurkomu Leikfélags Norðfjarðar má með sanni segja að það er búið að vera viðburðaríkt 1 ½ ár. Settar hafa verið upp tvær leik-sýningar ásamt öðrum viðburðum inn á milli. Ætla ég því að tæpa á því helsta sem við höfum gert. Eftir síðasta aðalfund settumst við niður og

fórum yfir stöðuna. Hvað gátum við gert þegar flest okkar vorum græn á milli eyrnanna og með litla reynslu á uppsetningu leikrits og annari leikfélagsstarfsemi. Réðumst við í verkið Allt í plati, barnaleikrit sem tvinnar saman sögur Astrid Lindgren og Thorbjörn Egner. Settum við upp sýninguna að mestu leiti upp sjálf en fengum aðstoð Hrafníðsaru Báru leikstjóra við fínþússun á verkinu. Gekkk sýningin vonum frammar og sýndum við tvisvar við fullu húsi leikhúsgesta. Í framhaldi af sýningunni vorum við beðin um að koma fram á 17. júní sem haldinn var hátíðlegur á fótbolta-vellinum hérna í Norðfirði.

Í ágúst vorum við svo með eldgleypa við varðeldinn á Neistaflugi, sem varð eini eldurinn sem sást það kvöld vegna veðurs. Gekkk það virkilega vel og stefnum við á að þjálfa fleiri til að sýna á Neistaflugi aftur nú í ár sem vonandi gerir okkur kleift að koma fram á fleiri viðburðum með eldgleypa. Í haust réðumst við í það verkefni að setja upp unglíngastarf sem fékk nafnið Espolín. Espolín var með gjörning á dögum myrkurs sem kynja-verur, við mikla lukku gesta í miðbænum. Einnig voru þau með gjörning á Þorlákssmessu, gáfu kakó frá Egilsbúð og voru með söfnunarbauk þar sem ágóðinn rann til kvennfélagsins Nönnu hér í Neskaupstað. Núna á vordögum aðstoðuðu þau okkur við uppsetningu á leikritinu Skvaldur bæði sem leikarar, sviðsmenn og aðstoðarfólk. Unglíngastarfið hefur verið í mikilli mótun í vetur bæði unglíngarnir og við í stjórn verið að finna einhvern jarðveg sem hægt er að fylgja sem virkar fyrir okkur öll. Sú hugmynd kom upp að stofna 3 manna unglíngastjórn sem sæi um skipulag Espolíns með aðstoð frá aðalstjórn leikfélagsins. Viljum við þakka unglíngunum fyrir gríðalega vel unnin störf í vetur og getum við sagt í fullri einlægni að við erum stolt af þeim og hlökkum til áframhaldandi starfs í sumar og vetur.

Unglíngastarfið er ekki það eina sem gerðist í haust. Við ákváðum leikrit sem átti að setja upp og réðum til okkar leiksþóra. Sat stjórnin sveitt við að lesa leikrit og komumst að samkomulagi að setja upp leikritið Skvaldur. Var það ákveðið að finna leikstjóra og enduðum á að ráða til okkar Bryndísi Ósk Þ. Ingvarsdóttir. Hún var okkur ómetanlegur leiðbeinandi sem nýtist okkur í áframhaldandi starfi í framtíðinni.

Í lok febrúar í vetur héldum við námskeið undir stjórn Bryndíðsaru sem endaði í áheyrnarprufum, sem þó voru opnar öllum. Gekkk námskeiðið vel og komu fleiri en við þjuggumst við. Aldursbilið var breytt sem gerði skemmtilega blöndu sem allir höfðu gott af að upplifa. Er ég þess fullviss að allir hafi skemmt sér vel. Um miðjan mars byrjaði vinnan við leikritið á fullu. Gengu æfingar vel og handrit fóru fljótlega að fjúka. Það er ótrúlegt hversu vel þetta gekk miðað við erfitt verk. Sýningargestir voru allir ánægðir og heyrði maður bara hlátur og gleði eftir sýningarnar. Fjöldi sýningargesta var nokkuð jafn á allar sýningarnar svo að salan eftir sýningar var frekar jöfn. Það er gaman að segja frá því með gleðitarum að við fengum frábæra dóma með sýninguna okkar frá þeim sem hafa séð sýninguna annarstaðar þar á meðal í uppsetningu Þjóðleikhússins.

Nú í sumar er búíð að biðja okkur að skemmta með barnaatriði á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði. Þetta er frábært tækifæri fyrir okkur og



gríðalega góð meðmæli að leitað sé til okkar með svona verkefni. Það sýnir okkur hvað við höfum verið að standa okkur vel síðasta árið.

Nú er þó komið að lokum þessa langa leikárs og nýtt leikár að byrja. Vonumst við til að fleiri skrái sig og komi með okkur í þetta ævintýri, sem þetta starf er, og sjái hvað þetta er flottur og skemmtilegur hópur. Við minnum þó á að leikfélag er ekki bara að sýna upp á sviði. Það er ekkert leikrit án baksviðs, tækni, sminks og aðstoðafólks. Það sást best núna í vor hvað það er frábært hvað allir ná vel saman sama þótt aldursbilið sé stórt. Það eru allir jafnir og þannig viljum við hafa það áfram.

Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, formaður.

Leikfélag Rangæinga

Góðverkin kalla!

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson
Þátttakendafjöldi: 25
Sýningarfjöldi: 11
Áhorfendafjöldi: 750

Barnastarf:

Höfundar: Hópurinn
Leiðbeinendur: Elli og Sigga frá Leikfélagi Selfoss
Þátttakendur: 18
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 60 – 70



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Á haustmánuðum 2013 fór Leikfélag Rangæinga að æfa Góðverkin kalla! í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar, sem er jafnframt einn af höfundunum. Frumsýnt var í Hellubíó á Hellu. Fór leikfélagið í samstarf við eiganda veitingastaðarins sem er rekin í þessu fornfræga húsi og áttu gestir kost á því að fá sér að borða fyrir sýningu, gafst þetta mjög vel og erum við þakklát fyrir gott samstarf.

Í vor vorum við svo með barna- og unglíngastarf í menningarsal Oddakirkju á Hellu. Var verið að í 2 helgar og sýndu þau svo afraksturinn síðasta daginn, þar sem foreldrar og aðrir komu að sjá þessa snillinga sem settu upp nokkra leikþætti sem þau sömdu sjálf. Í lokin var svo boðið uppá kaffi og kleinur.

Stjórn Leikfélags Rangæinga:

Kristín Pála Sigurðardóttir, formaður
Þröstur Guðnason, gjaldkeri
Berglind Kristinsdóttir, ritari
Guðni Kristinsson, meðstjórnandi
Jóhann Björnsson, meðstjórnandi
Kristín Pála formaður.

Leikfélag Sauðárkróks

Rjúkandi ráð

Höfundar: Jónas Árnason, Jón Múli Árnason og Stefán Jónsson
Leikstjóri: Jól Sæmundsson
Þátttakendafjöldi: 32
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendafjöldi: 702

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Nýtt leikár hófst formlega 1. júní 2013 og var aðalfundur haldinn 9. júní 2013.

Ný stjórn var kosin og var fyrsti stjórnarfundur svo haldinn 26. júní 2013 og stjórnin skipti með sér verkum.

Formaður: Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir
Varaformaður: Sonja Hafsteinsdóttir
Gjaldkeri: Agnes Skúladóttir
Ritari: María Dagmar Magnúsdóttir
Meðstjórnandi: Hrafnhildur Guðjónsdóttir
Varastjórn: Saga Sjöfn Ragnarsdóttir, Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir og Gróa Guðmunda Haraldsdóttir.



Á fyrstu fundum stjórnar var væntanlegt hauststarf rætt og margir möguleikar skoðaðir, t.d hvort ætti að hafa barnaleikrit eða eitthvað annað. Talað var við Írisi Baldvinsdóttur um að leikstýra.

Reynt var að hafa haustverkefni, fyrsta hugmynd var að sýna Karius og Baktus en ekki fékkst sýningarleyfi þar sem Þjóðleikhúsið var að sýna leikritið um veturinn.

Þá kom upp hugmynd um að setja upp morðgátu í samvinnu við Ólafshús, sú vinna fór á stað en vegna manneklu og veikinda var hætt við og ákvað stjórn LS að hafa ekkert verk þetta haustið.

Grímuball var haldið 29. desember 2013. Leikfélagið fékk aðstoðu í Gamla barnaskólanum og þangað voru allir búningar fluttir og var María Dagmar ráðinn til að þrifa og flokka búningana. Nokkrir komu og hjálpuðu til við að flytja þá á milli. Ennþá er eftir þónokkur vinna við að bjarga hlutum úr Leikborg og nauðsynlegt fyrir stjórn að fá aðstoð við það.

Fyrsti fundur vegna sæluvikustykkis 2014 var haldinn í byrjun febrúar, búið var að ráða Jól Sæmundsson sem leikstjóra og búið að ákveða að leikritið Rjúkandi ráð yrði sýnt. Nokkrir mættu og tók smá tíma að ná saman í leikarahóp en það gekk að lokum. Æfingar hófust um miðjan mars og frumsýnt var 27. apríl 2014.

Sýningar urðu 10 og áhorfendur alls 702 Sýningin fékk góða dóma, aðallega fyrir leik.

Komandi leikár er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS að þátttaka fólks verði góð því án ykkar er þetta ekki hægt. Að lokum viljum við þakka leikstjóra og leikhóp fyrir gott og skemmtilegt samstarf sem og öllum sem hafa starfað með okkur á leikárinu, styrktaradilum og áhorfendum fyrir stuðninginn.

Sigurlaug Dóra, formaður.

Leikfélag Selfoss



Maríusögur

Höfundur: Þorvaldur Þorsteinsson
Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 5
Sýningarfjöldi: 7
Áhorfendafjöldi: 252

Bróðir minn Ljónshjarta

Höfundar: Astrid Lindgren og Eva Sköld
Þýðandi: Þorleifur Hauksson
Leikstjóri: Sigrún Valbergdóttir
Þátttakendafjöldi: 21
Sýningarfjöldi: 22
Áhorfendafjöldi: 1500

Peningalykt

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson
Leikstjóri: F. Elli Hafliðason
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 35

Eldgos

Höfundar: Arndís María Finnsdóttir og Finnur Hafliðason
Leikstjóri: Raket Ýr Stefánsdóttir
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 35

Ostakakan

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson
Leikstjóri: F. Elli Hafliðason
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 35

Djárninn á Myrká

Höfundar: Stefán Örn Viðarsson og Guðný Lára Gunnarsdóttir
Leikstjóri: Stefán Örn Viðarsson og Guðný Lára Gunnarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 35

Týndur og börnum gefinn

Höfundur og leikstjóri: F. Elli Hafliðason
Þátttakendafjöldi: 8
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 35

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Nýkjörin stjórn hittist á fyrsta stjórnarfundinum sínum 1. maí 2013 undir forystu Sigríðar Hafsteinsdóttur sem kosin var formaður á aðalfundi leikfélagsins deginum áður. Stjórnin skipti með sér verkum og með eftirfarandi hætti: F. Elli Hafliðason varaformaður, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri, Finnur Hafliðason ritari og meðstjórnandi Krístrún Jónsdóttir. Auk þess sátu í varastjórn Lilja Jóna Halldórsdóttir, Erla Dan Jónsdóttir og Gerður Halldóra Sigurðardóttir. Alls var haldinn 31. stjórnarfundur á árinu. Sigríður, Gerður og Elli sóttu aðalfund BÍL fyrir hönd LS en hann var haldinn að Logalandi í Borgarfirði helgina 4.-5. maí 2013. Þar var helst rætt um mjög alvarlega fjárhagsstöðu Bandalagsins auk þess sem hugmyndir um stuttverkahátíð haustið 2014 og stóra leiklistarhátíð 2015 voru kynntar. Þar verður e.t.v. góður vettvangur fyrir frjóa og öflugan meðlimi leikfélagsins að láta ljós sitt skína.

Haldið var Opið hús í tengslum við Vor í Árborg-hátíðina þann 11. maí. Gestum bauðst að skoða húsið, fræðast um leikfélagið, skoða myndir og gæða sér á kaffiveitingum auk þess sem leikhúsið var einn viðkomustaða í stimpilleiknum Gaman saman á Vor í Árborg. Að vanda kom fjöldinn allur af gestum og margir voru að heimsækja leikhúsið í fyrsta sinn.

Hugarflug var haldið 26. maí og tókst vel að vanda. Alls voru sýnd 10 fjölbreytt og skemmtileg atriði og var sérstaklega ánægjulegt hvað margir nýir félagar tóku þátt. Áhorfendur hefðu þó mátt vera fleiri en þeir voru 30 talsins og skemmtu sér hið besta.

Fimm félagar úr LS sóttu leiklistarskóla Bandalagsins í júní í fyrrasumar. Guðfinna Gunnarsdóttir og F. Elli Hafliðason fóru á leikstjórnarnámskeið, Íris Árný Magnúsdóttir og Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson á leikritunarnámskeið og Ármann Bernharð Ingunnarson fór á námskeið í leiklist.

Um sumarið voru haldin þrjú leiklistarnámskeið fyrir börn, 2 grunnnámskeið og eitt framhaldsnámskeið. Námskeiðin voru í umsjón Sigríðar Hafsteinsdóttur, Írisar Árnýjar Magnúsdóttur og Sigrúnar Sighvatsdóttur en þeim til aðstoðar voru Gerður H. Sigurðardóttir, Rakel Ýr Stefánsdóttir og Eydís Líf Þórisdóttir. Mikil aðsókn var líkt og undanfarin ár en 45 krakkar sóttu þessi 3 námskeið og komust færri að en vildu. Í lok hvers námskeiðs sýndu krakkarnir afraksturinn. Tókust námskeiðin í alla staði vel og eru þau mikilvægur þáttur í starfi leikfélagsins.



Leikhópurinn Brotinn vasi fékk leikhúsið lánað til æfinga og sýningar á frumsömdu leikverki sínu, Litla-París, í ágúst og september en forsprakkar hópsins eru þeir Viktor Ingi Jónsson og Teitur Magnússon. Sýndu þeir eina sýningu föstudaginn 13. september en þrátt fyrir dagsetninguna gekk sýningin vel.

Það var mikið um að vera síðastliðið haust hjá Leikfélagi Selfoss. Haldinn var opinn haustfundur 11. september þar sem dagskrá vetrarins var kynnt. Þar sté Guðfinna Gunnarsdóttir m.a. í pontu og kynnti tilvonandi uppsetningu á leikritinu Maríusögum eftir Þorvald Þorsteinsson en stjórnin hafði ráðið hana til leikstýra verkinu.

Guðfinna hélt svo workshop helgina eftir í leikhúsinu og í framhaldi hófust æfingar á Maríusögum. Maríusögur voru frumsýndar 25. október og sýndar voru 7 sýningar. Alls sáu 252 sýninguna og fékk hún mikið lof og góða dóma.

Er stjórnin Guðfinnu og litla leikhópnum hennar mjög þakklát fyrir vel unnin störf.

Áfram hélt dagskráin og þegar rykið eftir síðustu sýningu á Maríusögum var rétt að setjast var haldið byrjendanámskeið í leiklist fyrir 20 ára og eldri. Sigrún Valbergsdóttir hafði verið ráðin til að halda námskeiðið og fór það fram 15.–17. nóvember. Það var vel sótt og tókst í alla staði vel. Var ánægjulegt að sjá mörg ný andlit á námskeiðinu.

Sigrún hafði einnig verið ráðin sem leikstjóri stóru sýningar vetrarins og að þessu sinni varð hin vinsæla saga Astridar Lindgren, Bróðir minn Ljónshjarta, fyrir valinu. Fyrsti samlestur var 22. nóvember en æfingar hófust formlega í byrjun janúar. Nokkuð brösuglega gekk að manna síðustu skörðin í stóran leikhópin en vinir okkar í Leikfélagi Ölfuss komu okkur til aðstoðar og tók einn gestaleikari þátt frá þeim. Alls léku 20 leikarar í þessari stóru sýningu sem frumsýnd var 21. febrúar. Sýndar voru 22 sýningar og viðtökurnar voru frábærar. Alls sáu sléttir 1500 áhorfendur sýninguna sem er besta aðsókn í áraraðir enda þótti sýningin skemmtileg, falleg og einstaklega vel heppnuð.

Leikfélagið fékk þær gleðifréttir í nóvember frá Héraðsskjalasafni Árnesinga að búið væri að gera skilti um leikfélagið sem sett var upp í Bæjargarðinum á Selfossi ásamt öðrum skiltum um ýmsa sögulega viðburði og félög á Selfossi. Þykir það viðurkenning á því hvað heimamönnum þykir vænt um leikfélagið sitt og starf þess í gegnum tíðina.

Hið árlega jólakvöld leikfélagsins var haldið þann 17. desember. Notaleg jólastemmning umvafði káta gesti. Hljómsveitin Myrká kom í heimsókn og flutti kvæðið um Jólaköttinn undir leikrænni túlkun leikfélaga en auk þess voru fleiri tónlistaratriði, glæný jólasaga og tveir jólasveinar kíktu í heimsókn og gáfu mandarínur.

Opið hús var aftur haldið í tengslum við Vor í Árborg 24. apríl síðastliðinn en hátíðin var óvenju snemma í ár. Tókst það mjög vel í alla staði og kom fjöldi fólks að skoða húsið, hina glæsilegu leikmynd og umgjörð úr Bróður mínum Ljónshjarta, gæða sér á vöflum auk þess sem stríður

straumur var í andlitsmálningu. Stóðu andlitsmálarar sig svo vel að þeir hafa verið pantaðir til starfa á Sunnlenska sveitadeginum í byrjun maí.

Það er því ansi viðburðarríkt ár að baki og verið nánast óslitin dagskrá í gangi frá því fyrstu laufin féllu í haust þar til fyrstu blómin eru að springa út núna að vori. Reyndar svo mikið að fastir liðir eins og laugardagskaffi hafa hreinlega ekki komist að. Það er líka mjög ánægjulegt að sjá hversu mikið af nýju efnilegu fólki hefur komið af krafti til starfa á leikárinu og vonandi að það eigi eftir að starfa með okkur um langa framtíð.

Stjórnin vill þakka öllu því öflugra fólki sem hefur starfað með okkur og fylgst með starfi okkar á þessu viðburðarríka leikári og vonar að það verði engin breyting þar á.

Stjórn Leikfélags Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Villa og sjóræningjarnir

Höfundur og leikstjóri: Ágúst Torfi Magnússon
Þátttakendafjöldi: 31
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendafjöldi: 460



Skýrsla stjórnar Leikfélags Seyðisfjarðar 2013-2014:

Sjórn skipa:

Ágúst T. Magnússon, formaður
Eygló Björg Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Ingibjörg Lárusdóttir, ritari
Rúnar Gunnarsson
Lilja Kristinsdóttir

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Eftir að hafa legið í dvala árin 2012-2013 ákvað stjórn að blása í lúðra og hafa veglega sýningu vorið 2014. Eins og svo oft áður varð fyrir valinu nýr heimasmiðaður, fjölskylduvænn söngleikur, Villa og sjóræningjarnir. Og til að sem flestum gæfist kostur á að sjá, var ákveðið að börn, 12 ára og yngri fengju frítt inn. Aldrei þessu vant gekk með eindæmum vel að manna hlutverk. Og var stærstur hluti leikaranna að stíga sín fyrstu skref á sviði. Alls komu að sýningunni um 30 manns á einn eða annan hátt. Æfingar hófust undir lok febrúar og frumsýnt var þann 12. apríl. Sýningar voru 4 og heildarfjöldi sýningargesta um 460. Sem verður að teljast ágætt í 600 manna bæjarfélagi.

Ágúst T. Magnússon, formaður

Leikfélag Sólheima**Lorca og skóarakonan**

Höfundurog leikstjóri: Edda Björgvinsdóttir

Þátttakendafjöldi: 12

Sýningarfjöldi: 7

Áhorfendafjöldi: 737

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Samkvæmt venju var frumsýnt leikrit á sumardaginn fyrsta, verkið sem frumflutt var Lorca og Skóarakonan.

Edda Björgvinsdóttir tók að sér ritun á verkinu og hafði til hliðsjónar verk Lorca.

Æfingar byrjuðu í lok febrúar og mjakaðist okkar vinna á okkar hraða, en það nýjasta í þessari uppfærslu var, að verkið er að stórum hluta látbragðsleikur, sem kemur til af því, að þessi uppfærsla verður sýnd í Madrid á Spáni í

júní. Æfingarnar fóru vel fram og gekk allt upp að endingu.

Gerla var fengin til að hanna búninga og leikmynd og töfraði hún fram litríka búninga og leikmynd, sem unnin var mest úr ull og er létt fyrir flutning til suðrænna landa.

Við vorum í samstarfi við leikhópinn Afanias frá Spáni, en hann sérhæfir sig í dansi og kom hingað til lands og sýndi sitt verk hér á Sólheimum og einnig á Hátíðarsýningu í Þjóðleikhúsinu, ásamt okkar hóp.

Dansverk Spánverjana hét Bergmál og var íslensk náttúra og Halldór Laxnes innblástur í þeirra verki.

Vill stjórn Leikfélagsins þakka þeim góðu höndum sem lögðu hönd á plóg og einnig mökum og foreldrum sem heima voru.

Enginn komst á aðalfund BÍL þetta árið, þar sem að við vorum að sýna um sömu helgi og fundurinn var.

Annað markvert var ekki að gerast hjá Leikfélagi Sólheima á árinu 2014

Sölvi B Hilmarsson, formaður.

Leikfélag Vestmannaeyja**Don't stop believing**

Höfundar: Chris D'Arienzo og Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Þátttakendafjöldi: 35

Sýningarfjöldi: 15

Áhorfendafjöldi: 1484



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Á fyrsta fundi leikársins var stjórninni skipt niður í eftirfarandi stöður:

Unnur Guðgeirsdóttir, formaður

Birkir Thór Högnason, varaformaður

Viktor Rittmüller, gjaldkeri

Árni Þorleifsson, ritari

Haraldur Ari Karlsson, markaðsstjóri

Alexander Páll Tórshamar, innra eftirlit

Elvar Þór Eðvaldsson, innkaupastjóri

Stjórnin hélt reglulega fundi allt leikárið. Breytingar urðu á stjórn í nóvember og febrúar en þá hættu Haraldur Ari og Birkir. Stjórnin tók þá ákvörðun að fá ekki aðra menn í þeirra stöður. 3.maí sl. hélt stjórnin fyrir hönd félagsins aðalfund Bandalagsins í sal félagsins. Fundinn sóttu 45 manns frá 15 leikfélögum um land allt.

Fundurinn var með hefðbundnu sniði, liðnu leikári gerð skil, ársreikningur skýrður og kosið í stjórn. Leikfélagið bauð öllum fundargestum á sýningu „Don't Stop Believing“ við mjög góðar undirtektir.

Verkefni leikársins

Verkefni á þessu leikári voru ekki eins mörg og á síðasta ári sökum framkvæmda sem voru í húsinu. Þar leiðandi var ekki hægt að setja upp haustsýningu eins og vaninn hefur verið.

Við héldum samt sem áður þriðju styrktartónleikana okkar „Líf í Leikhúsið“ í Höllinni í nóvember. Að þessu sinni var safnað fyrir ýmsum tækjum og tólum sem vantaði í húsið eins og t.d. var hresst uppá smínkaðstöðuna, keypt sléttujárn, hárbílar, verkfæri og fartölva og einnig keyptir tveir nýir monitorar og tvö hreyfiljós til viðbótar. Húsið var svo formlega opnað eftir framkvæmdir 11.apríl og hlaut það nafnið „Menningarhúsið Kvika“ við hátíðlega athöfn.

Söngleikurinn „Don't Stop Believing“ var svo vorverkefni félagsins. Ágústa Skúladóttir var ráðin aftur sem leikstjóri eftir mjög vel heppnaða uppsetningu á Grease á síðasta leikári. Prufur hófust strax í desember og sett voru í hlutverk í kjölfarið á þeim. Æfingar hófust síðan formlega í janúar. Sýningin var afar fjölmenn og lögðu leikarar, tónlistarmenn, sviðsmenn og tæknimenn sig alla fram við að búa til þessa glæsilegu sýningu. 15 sýningar voru sýndar af verkinu í apríl og maí og fékk sýningin mjög góða dóma.

Félagið tók þátt á ýmsum bæjarhátíðum eins og

t.d. við tendrun á jólatrénu, 17.júní, Sumardeginum fyrsta og Goslokahátíð. Bæði kom félagið fram með figúrur og tónlistaratriði en einnig með hljóðkerfa- og ljósaleigu.

Góð staða

Leikfélag Vestmannaeyja heldur alltaf áfram að stækka. Við erum orðin mjög vel búin sérstaklega hvað varðar hljóð- og ljósakerfi og erum við afar stolt af því hvað hefur fjölgað í félagið á síðustu árum og hlökkum við mikið til haustsins sem verður án efa mjög skemmtilegt.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem lögðu krafta sína í félagið á þessu leikári.

Viktor Rittmüller, gjaldkeri/framkvæmdastjóri.

Leikfélag Ölfuss**Makalaus sambúð**

Höfundur: Neil Simon

Þýðandi: Ásgeir Sigurvaldason

Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Þátttakendafjöldi: 20

Sýningarfjöldi: 11

Áhorfendafjöldi: 421

Loki Laufeyjarson

Höfundar: Guðmundur L. Þorvaldsson, Gísli Björn Heimisson og Guðrún Sóley Sigurðardóttir

Leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson

Þátttakendafjöldi: 12

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 70

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Leikárið hófst með óbreyttri stjórn frá síðasta ári en stjórn skipuðu Þrúður Sigurðardóttir formaður, Hulda Gunnarsdóttir varaformaður, Helena Helgadóttir ritari, Oddfreyja H. Oddfreysdóttir gjaldkeri, Árný Leifsdóttir meðstjórnandi, Magnþóra Kristjánsdóttir varamaður og Aðalsteinn Jóhannsson varamaður.

Bandalagsskólinn

Ákvörðun stjórnar frá því 2011 um að greitt verði fyrir allt að 3 nemendur í Bandalagsskólann var og er áfram í gildi. Einungis einn nemandi sótti um í skólann sumarið 2013 og var greitt fyrir hann. Aðalsteinn Jóhannsson fór á námskeið í Leikritun 1 undir stjórn Karls Ágústs Úlfssonar. Nú í sumar (2014) eru 3 nemendur á leið í skólann sem eru miklar gleðifréttir fyrir okkur í LÖ. Það eru þau Aðalsteinn sem fer á Leikritun 2, Magnþóra og Oddfreyja sem fara á Leiklist 1. Við óskum þeim góðrar ferðar og vonum að þau eigi ánægjulega dvöl í skólanum sem formaður efast reyndar ekki um. Að sjálfsgöðu er greitt fyrir þau í skólann samkvæmt fyrrnefndri samþykkt.

Verkefni félagsins

Hafa verið með nokkuð hefðbundnu sniði. Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson var ráðinn sem leikstjóri og stóð til að setja upp verkið Nönnu systur á haustmánuðum. Það tókst því miður ekki að manna það verk þar sem skortur á karlmönnum er enn að hrella okkur. Því var gripið til þess ráðs að setja upp verkið Makalaus sambúð eftir Neil Simon í útgáfu Ásgeirs Sigurvaldasonar þar sem búið er að snúa kynjahlutföllunum við, það er karlkynspersónum er breytt í kvenkyns. Gekk sú sýning mjög vel og var í alla staði bæði gaman og fróðlegt að vinna með Guðmundi. Að venju þurfti að rífa niður leikmynd nokkrum sinnum meðan á æfingum og sýningum stóð og erum við orðin nokkuð vel sjouð í þeim efnum þó hvítleitt sé. Leikfélagar sáu um jólasveinafjör við tendrun jólaljósa á Ráðhústorgi eins og oft áður við mikinn fögnuð viðstaddra enda með eindæmum skemmtilegir gaurar þar á ferð. Þá tók félagið þátt í Þorablóti ásamt öðrum félagasamtökum hér í bæ eins og undanfarin ár. Á vormánuðum þegar ljóst var að stefndi í verkfall hjá framhaldsskólakennurum ákvað stjórn að setja af stað leiklistarnámskeið fyrir ungmenni með það

að markmiði að halda þeim virkum félagslega og efla framtíðarstarf félagsins. Til verksins var ráðinn Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson sem setti á fjalirnar verkið Loki Laufeyjarson eftir Guðmund sjálfan, Gísli Björn Heimisson og Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur og var það sýnt við upphaf Hafnardaga. Þá tók félagið að sér að vera með atriði á Vorhátíð leikskólans og mættu hressir Bergheimabjálfar til leiks við mikinn fögnuð barna og fullorðinna.

BÍL þing

Meirihluti stjórnar fór á aðalfundinn sem að þessu



sinni var haldinn í Vestmannaeyjum. Þrúður, Hulda, Helena, Oddfreyja og Magnþóra sóttu fundinn og tóku þátt í hugmyndavinnu og þingstörfum ásamt því að efla tengslanet okkar og samskipti við önnur leikfélög. Staða BÍL er enn slæm en tekist hefur að koma rekstrinum í þokkalegt horf eftir niðurskurð og uppsagnir og skert starfshlutfall starfmanna á skrifstofunni. Allt útlit er fyrir að styrkir haldist óbreyttir út árið 2015. Það er því áfram áhyggjuefni hvernig rekstur skrifstofunnar verður en til að reyna að ná endum saman var aftur samþykkt á aðalfundi að taka 1. milljón af verkefnastyrk félaganna til reksturs skrifstofunnar. Það er því ljóst að leikfélögin verða að stóla ennfrekar á sín sveitarfélög hvað styrki varðar. Eins og fram kemur í reikningum félagsins er það stuðningur fyrirtækja í bænum sem heldur okkur leikfélagi á lífi og ljóst að án þeirra værum við ekki starfandi!

Verkefni stjórnar og nefnda

Í upphafi leikárs sendi stjórn bréf á menningarfulltrúa og bæjarstjórn þar sem óskað var eftir afnotum af Versölum til æfinga og sýninga þar sem breytt rekstrarform var á húsinu. Þau svör

fengust að við fengjum inni og undirrituðum við samning þess efnis. Ákvæði samnings voru á þá leið að ekki væri hægt að vísa okkur úr húsinu þá daga sem auglýstar sýningar væru. Það voru einhverjir annmarkar á þeim samningi sem vert er að huga að nú í haust þegar nýr samningur verður væntanlega undirritaður. Sú breyting varð á styrkjanefnd að Árný og Magnþóra létu þar af störfum og við tóku Oddfreyja og Hulda. Send var inn umsókn til Þjóðleikhússins um athyglisverðustu áhugaleiksýninguna eins og undanfarin ár en sýningin Stund milli stríða í uppsetningu Hugleiks varð hlutskörpust að þessu sinni. Formlegir stjórnarfundir voru fáir á árinu þar sem stjórn fundaði mikið í lokuðum hópi á Facebook til að auðvelda samskipti á hinum ýmsu tímum sólarhrings vegna anna stjórnarmanna og hefur það gefist mjög vel.

Þrúður Sigurðardóttir, formaður.

Leikfélagið Grímnir

Lýðræði

Höfundur: Bjarki Hjörleifsson
Leikstjóri: Hrafnís Bára Einarsdóttir
Þátttakendafjöldi: 25
Sýningarfjöldi: 7
Áhorfendafjöldi: 250

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Leikfélagið Grímnir hefur á nýliðnu leikári unnið að ýmsum verkefnum. Síðast liðið haust fór félagið aftur af stað með „pub-quiz“ í samstarfi við veitingastaðinn Plássið og stóð að mánaðarlegum uppákomum.

Leikfélagið stóð einnig að sýningum á upptökum á fyrri uppsetningum félagsins t.d. Síldin kemur og Gretti sem sýnd voru 1992 og 1986.

Að því loknu, nú á vormánuðum setti félagið upp sýninguna Lýðræði eftir Bjarka Hjörleifsson, einn af okkar eigin. Verkið var frumflutningur sem var meðal annars unnin í samstarfi við leikhópinn og leikstjóran. Að sýningunni komu um 25 manns og tókst til með mikilli þrýði. Þá hefur félagið áfram unnið að því að rétta af fjárhagsstöðu sína og hefur hún nú gjörbreyst frá því þegar fráfarandi stjórn félagsins tók við. Í dag er félagið algjörlega skuldlaust.

Einnig hefur stjórnin unnið að endurgerð laga

félagsins til að færa þau nær nútímanum og hentar þá betur þeim aðstæðum sem félagið starfar við í dag. Þessi endurgerð verður lögð fram á aðalfundi. Leikfélagið Grímnir heldur áfram að vinna að metnaðarfullu og nýungagjörnu lista og menningarstarfi í Stykkishólmi í samstarfi við bæjarbúa.

Bjarki Hjörleifsson, formaður.

Leikfélagið Peðið

Hrútspáttur Hreðjamikla

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson
Leikstjóri: Magnús Guðmundsson
Þátttakendafjöldi: 10
Sýningarfjöldi: 6
Áhorfendafjöldi: 237



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Á þessu leikári var einungis sett upp eitt leikverk, Hrútspáttur hreðjamikla, hetju og kynlífssaga. Sýningin tókst reyndar mjög vel, leikarar, leikstjóri og aðrir sem að sýningunni komu eiga svo sannarlega heiður skilinn. Lengi var spáð og spekulerað um hvar hægt væri að fá inni til að sýna, stjórnin gekk öldurhúsa á milli og spjallaði við hina ýmsu verta.

Þegar við loks komum hingað á Hlemm Square var okkur tekið með kostum og kynjum og Kláus, vertinn hér, er búinn að vera hreint dásamlegur við leikhópinn, ekki nóg með að vilja endilega setja upp leikrit herna bauð hann okkur æfinga-aðstöðu og geymslustað fyrir leikmuni á milli sýninga og kann leikfélagið honum bestu þakkir fyrir. Eins og fyrr sagði gekk sýningin alveg glimrandi vel og hefur eitthvað verið rætt um að taka hana upp í haust.

Langar mig fyrir hönd stjórnar Peðsins að þakka öllum þeim sem stutt hafa við bakið á okkur með einum eða öðrum hætti, eða tekið að sér hin ýmsu störf því að öll eru þau jafn mikilvæg.

Hjördís Jóhannsdóttir, formaður.

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn

Sagnakonan

Höfundur: Óskar Guðmundsson

Leikstjóri: Jakob S. Jónsson

Þátttakendafjöldi: 13

Sýningarfjöldi: 11

Áhorfendafjöldi: 321

Ársskýrsla 2013:

Aðalfundur var haldinn 28. febrúar 2013, þar var kosin ný stjórn og hana skipa eftirtaldir: Kristín Ásgeirsdóttir formaður, Gerða Bjarnadóttir gjaldkeri, Guðbjörg Árnadóttir ritari og meðstjórnandi Þór Binó Friðriksson.

Námskeið fyrir unglinga (20 stundir) var haldið í apríl undir stjórn Sindra Birgissonar og voru 13 þátttakendur á aldrinum 13-20 ára.



Þátttaka unglinganna var þeim að kostnaðarlausu. Í apríl og maí fóru 2 stjórnarmenn einu sinni í viku í HVER endurhæfingarhús, lásu stutta leikþætti og spjölluðu um leiklist við skjólstæðinga þar.

Leikfélagið hefur stutt við ýmsa leiklistarstarfsemi á Akranesi (skólana, stuttmyndagerð og fl.) og reynt að gera félagið sýnilegt þó ekki sé um uppsetningu á leikverki að ræða. Í húsnaðisleysi félagsins hefur það notið velvilja safnastjóra Byggðasafnsins og fengið inni í Stúkuhúsinu m. a. fyrir fundi og námskeið.

Óskar Guðmundsson skilaði handriti af einþáttingu „Sagnakonan“, um Guðnýju Böðvarsdóttur í

Görðum (móður Snorra Sturlusonar) í september 2012 og stjórn sótti um styrki m. a. til Menningarráðs Vesturlands til að fjármagna uppsetningu á verkinu og fékk félagið 300.000 kr frá Menningarráðinu.

Samið var við Jakob S. Jónsson leikstjóra um uppsetningu og vinna hófst við undirbúning í maí. Æfingar fóru svo af stað í september í Stúkuhúsinu og frumsýnt var í Safnaskálanum 22. nóvember 2013. Sýningar urðu alls 11 og áhorfendur 320.

Guðbjörg Árnadóttir ritari.

Leikfélagið Sýnir

Sjö Samúræjar

Höfundur og leikstjóri: Guðmundur Erlingsson

Þátttakendafjöldi: 41

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendafjöldi: 140

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Stjórn leikfélagsins var þannig skipuð á leikárinu: Ármann Guðmundsson, formaður
Gísli Björn Heimisson, varaformaður
Helga Björk Pálsdóttir, gjaldkeri
Guðmundur Erlingsson, ritari
Unnar Reynisson, meðstjórnandi
Varastjórn: Askur Kristjánsson, Heiðdís Buzgò og Ninna Karla Katrínardóttir.

Stjórn fundaði alloft á leikárinu og átti auk þess í tíðum samskiptum á internetinu. Þegar leikárið hófst stóð yfir lokasprettur æfinga á verkefni sumarsins, Sjö samúræjum eftir Akira Kurosawa í leikgerð og leikstjórn Guðmundar Erlingssonar. Gert var hlé á æfingum á meðan Bandalagsskólinn stóð yfir en þeim síðan haldið áfram af fullum krafti að honum loknum og frumsýnt 5. júlí í Elliðaárdalnum.



Sýndar voru fjórar sýningar á jafnmörgum dögum og var aðsókn ágæt, þrátt fyrir að veðráttan væri ekki beint hvetjandi fyrir áhorfendur og var ákveðið að sýna þrjár aukasýningar í byrjun september. Aðeins þurfti að endurmanna í nokkur hlutverk en það reyndist lítið mál. Hins vegar brá nú svo við að á tvær fyrstu sýningarnar var sáralítill mæting (hlutföllin á annarri þeirra var 1 áhorfandi á móti tæplega 30 leikurum) en fullt á þeirri þriðju og má kenna veðurútliti að einhverju



leyti um fámennið á fyrri sýningunum tveimur. Næst á dagskránni var að halda aðalfund og var hann haldinn 30. september í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. Þar bar helst til tíðinda að samþykkt var að fjölga stjórnarfólki úr þremur í fimm og varastjórnarfólki úr tveimur í þrjá. Ákveðið var að sækja um að fara með Sjö samúræja sem fulltrúa Íslands á leiklistarhátíð NEATA sem halda átti í Porvoo í Finnlandi dagana 1.–6. júlí 2014. Það var gert og reyndumst við einu umsækjendurnir og vorum tilnefnd til fararinnar. Hófst þá undirbúningur að fjáröflun fyrir ferðina enda ljóst að hópurinn yrði fjölmennur og ferðin mundi ekki

kosta undir 2,5 milljónum. Fjáröflunin fólst framman af mest í sölumennsku í gegnum netsöfnun. Ís og tónleikahaldi en einnig var sótt um styrki til þriggja ráðuneyta, Forsætis-, Utanríkis- og Mennta- og menningarmála. Skemmt er frá því að segja að Utanríkis- og Mennta- og menningarmálaráðuneyti höfnuðu styrkumsóknunum og Forsætisráðuneytið svaraði ekki einu sinni. Það virðist því ljóst að sú hefð sem verið hefur fyrir því að a.m.k. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrki þau leikfélög sem fara sem fulltrúar Íslands á NEATA og IATA-hátíðir er ekki lengur til staðar. Þetta er mál sem stjórn Bandalagsins hlýtur að taka upp við ráðherra. Leikhópurinn lét þetta samt ekki á sig fá heldur greiddi sjálfur allan ferðakostnað sinn. Æfingar á Sjö samúræjum hófust síðan á ný í lok apríl og stóðu út maí en lítilsháttar breytingar voru gerðar á sýningunni og skipta þurfti um leikara í nokkrum af smærri hlutverkunum þar sem upphaflegir leikarar sáu sér ekki fært að fara með. Leikárinu lauk því skömmu fyrir einu sýninguna sem sýnd var hér heima fyrir ferðina þann 12. júní en ekki var hægt að æfa eftir það þar sem þrjú leikarar í burðarhlutverkum sóttu workshop á vegum NEATA–Youth og fóru því á undan hinum í leikhópnum til Finnlands. Nánar verður fjallað um leiklistarhátíðina í næstu árskýrslu.

Leikflokkurinn Hvammstanga

Algjör súpa

Höfundar: Ingrid Jónsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Þátttakendafjöldi: 22

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 250

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Stjórn skipa:

Hörður Gylfason, formaður

Auðbjörg Magnúsdóttir, gjaldkeri

Guðrún Helga Marteinsdóttir, ritari

Svava Lilja Magnúsdóttir og Gísli Már Arnarsson, meðstjórnendur.

Leikárið var afar skemmtilegt hjá Leikflokknum á Hvammstanga. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir og flestir í kringum leikritið sem sett var upp um haustið.

Í febrúar kom leikflokkurinn að þorrablóti ungmennafélagsins Kormáks eins og ár hvert þar sem skemmtiatriðin eru samin og leikin af heima-mönnum. Um er að ræða klukkutíma dagskrá þar sem verið er að gera góðlátlegt grín að ýmsu sem gerst hefur á árinu. Alltaf jafnskemmtilegt. Undirbúnings vinna fyrir það er um það bil mánuður. Svo á haustmánuðum var farið að huga að einhverju skemmtilegu verki til að setja upp og haft var samband við leikstjórnann Ingrid Jónsdóttur, sem áður hefur sett upp verk á Hvammstanga, og hún kom með þá skemmtilegu hugmynd að setja upp súpuleikhús. Eitthvað alveg nýtt sem ekki hefur verið gert hjá leikflokknnum. Það var svo þannig að verkið var alveg samið af leikurum og leikstjóra og fékk nafnið Algjör súpa. Útkoman var alveg meiriháttar skemmtun. Leikarar voru þjónarnir og var súpa og brauð og kaffi á eftir í boði. Kvenfélagið Björk á Hvammstanga aðstoðaði okkur með matarhlutann og eldaði súpu og bakaði brauð fyrir sýningarnar. Frumsýning var 8. nóvember 2013. Sýnt var tvisvar fyrir fullu húsi og ein generalprufa, þar sem einnig var fullur salur. Verkið hlaut mikið lof þeirra sem mættu. Því miður tókst ekki að hafa fleiri sýningar vegna anna í félagsheimili og svo leikara.

Guðrún Helga Marteinsdóttir ritari.

Leikklúbburinn Saga

Leyndarmál

Höfundur: Jónína Leósdóttir
Leikstjórn: Leikhópurinn
Þátttakendafjöldi: 12
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendafjöldi: 80

Fenris

Höfundar: Joachim Clausen
og leikhópurinn
Leikstjóri: Stefan Moberg
Þátttakendafjöldi: 70
Sýningarfjöldi: 3
Áhorfendafjöldi: 1230

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Stjórn skipa:

Formaður: Máney Dís Davídsdóttir
Gjaldkeri: Sigríður Valdís Bergvinsdóttir
Ritari: Kristín Tómasdóttir
Varaformaður: Krístrún Jóhannesdóttir
Sýningarstaður: Hof Akureyri, Norðurlandahúsið
Tórshavn og Kulturværftet í Helsingor

20. nóvember 2013 var haldinn aðalfundur Leikklúbbsins Sögu. Á fundinn mættu 19 manns. Á fundinum var aðallega rætt um stóra verkefnið Fenris, sem Leikklúbburinn Saga ætlaði að taka þátt í. Frumsýning þess verkefnis var í Hofi 10. júlí 2014. Fenris er samnorrænt leiklistarverkefni þar sem 5 norðurlandapjóðir tóku þátt í. Auk Íslands voru það Danmörk, Færeyjar, Finnland og Noregur. Verkefnið stóð frá 3. júlí til 6. ágúst. Æfingar og frumsýning voru í Hofi á Akureyri, svo var farið með Norrænu til Færeyja og sýnt í

Norðurlandahúsinu í Þórshöfn og svo í Kulturværftet í Helsingor í Danmörk. Æfingar fóru einnig fram í Finnlandi um jól og áramót 2013-14 og svo um páskana í Danmörku. 12 krakkar úr Leikklúbbsnum Sögu tóku þátt í þessu ævinýri og Gréta Kristín Ómarsdóttir var hópstjórinn yfir íslenska hópnum. Í ágúst 2013 sýndi Leikklúbburinn Saga leikritið Leyndarmálið eftir Jónínu Leósdóttur og sýningar fóru fram í Rýminu á Akueyri.



Leiknefnd Umf. Grettis

Engin starfsemi var hjá leikfélagi Ungmenna-
félagsins Grettis á Laugarbakka árið 2013-2014
Ingibjörg Jónsdóttir, formaður.

Litli leikklúbburinn

Þið munið hann Jörund

Höfundur: Jónas Árnason
Leikstjóri: Víkingur Kristjánsson
Þátttakendafjöldi: 36
Sýningarfjöldi: 7
Áhorfendafjöldi: 337



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. júní.
Á starfsárinu voru haldnir 4 stjórnarfundir og 1
félagsfundur.
Lýsingarnámskeið var haldið 30.8 til 1. 9. Kennari
var Benedikt Axelsson. Þátttakendur voru 22.
Engin uppsetning var haustið 2013 en við
komum að 20 ára afmælisýningu Listaskóla
Rögnvaldar Ólafssonar. Það var finnskt leikrit
„Loftur langalöpp“. Leikstjórnarnir voru finnsk
hjón. Að öðru leyti fór haustið í undirbúning fyrir

50 ára afmæli félagsins sem er árið 2015.

Helgarnámskeið í vinnu leikarans var haldið 18.
og 19. Janúar. Kennari var Víkingur Kristjánsson.
Þátttakendur voru 12.



Vorstykkið okkar var „Þið munið hann Jörund“
eftir Jónas Árnason. Leikstjóri var Víkingur
Kristjánsson. Tónlistarstjóri var Jón Hallfréð
Engilbertsson. Leikarar voru 8. Hljóðfæraleikarar
5. Aðrir sem komu að uppsetningunni voru 23.
Frumstýnt var 12. apríl og urðu sýningar 7. Áhorf-
endafjöldi var 337. Sýnt var í Edinborgarhúsinu.

Snúður og Snælda

Í góðum gír með Snúði og Snældu

Höfundar: Ýmsir
Leikstjóri: Hópurinn
Þátttakendafjöldi: 14
Sýningarfjöldi: 5
Áhorfendafjöldi: 150

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Verkið Í góðum gír með Snúð og snældu var
sérstaklega sett saman með það í huga að
skemmta eldri kynslóðinni. Efni verksins var



fengið héðan og þaðan og hugsað sem ein heild með því að tveir kynnar halda utanum atburðarásina með beinu samtali við áhorfendur. Mikil fjölbreytni einkennir verkið, söngur, leikþættir, upplestur á bundnu og óbundnu máli, uppistand, revíuatríði og gamanmál ýmiskonar. Þátttakendur voru 14 talsins og sýningartíminn rúmlega 60 mín. Þar sem verkið hefur verið flutt hefur það hlotið lof áhorfenda.

Björg Aðalsteinsdóttir, formaður.

Stúdentaleikhúsið

Sá á fund sem finnur sig

Höfundar: Pétur Ármannsson og Jónas Reynir Gunnarsson

Leikstjóri: Pétur Ármannsson

Þátttakendafjöldi: 12

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendafjöldi: 285



Djamm er snilld!

Höfundur: Tryggvi Gunnarsson

Leikstjóri: Tryggvi Gunnarsson

Þátttakendafjöldi: 21

Sýningarfjöldi: 10

Áhorfendafjöldi: 547

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn í júlí 2013. Þá var farið yfir skipulag og áherslur í starfi komandi leikárs ásamt ráðningu leikstjóra. Pétur Ármannsson var valinn til að leikstýra Stúdentaleikhúsinu fyrir áramót. Á fyrsta fundi kynnti Pétur hugmynd að spunaverki sem ákveðið var að



Sýningin var tilraun til þess að færa raunveruleikaþætti yfir á leikhúsformið og búa því til „raunveruleikaleikhús“. Var sýningin keppni í að finna sjálfan sig. Vinningshafinn, myndi ekki aðeins finna sjálfan sig heldur einnig fá 10 milljónir að launum.

Leikararnir í sýningunni voru þjálfaðir í spuna með miklum og stífum spunaæfingum sem þeir gátu nýtt sér vel í sýningunni. Þó sýningin hafi að mestu leyti verið byggð á spuna voru þó nokkur atriði leikin eftir handriti sem skrifuð voru af Jónasi Reyni Gunnarssyni.

Tvö hlutverk voru eftir handriti, en það voru Adolf Smári Unnarsson og Ásthildur Sigurðardóttir sem fóru með þau hlutverk. Ásthildur sem kynnrir, en Adolf sem gúrú. Keppendur voru: Arnrun Tryggvadóttir, Grétar Mar Sigurðsson, Kjartan Orri Þórsson, Kirsti Lind Villard, Marjan Gjorsheski, Pálmi Freyr Hauksson, Vilhelm Þór Neto og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir.

Margir aðrir stóðu að sýningunni og má þar nefna Birni Jón Sigurðsson sem sá um videogerð, Ágústu Gunnarsdóttur sem sá um leikmyndina og var frumsamin tónlist samin af Ingvari Erni Arngeirssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni. Sýndar voru átta sýningar í Dansverkstæðinu á Skúlagötu og fékk sýningin mjög jákvæð viðbrögð.

Eftir áramót var Tryggvi Gunnarsson fenginn til að leikstýra Stúdentaleikhúsinu. Ákveðið var að kanna reynslu meðlima Stúdentaleikhússins á djamminu og búa til sýningu út frá því. Á fyrstu æfingum var djammíð skoðað og sendu allir vangaveltur og reynslusögur af djamminu til leik

stjórans. Út frá þessum sögum, vangaveltum um djammið og hugmyndavinnu frá æfingum skrifaði Tryggvi handrit. Í sýningunni voru teknar fyrir hinar ýmsu hliðar djammsins. Aðalsöguhetjunni, Villa, fannst ekki gaman á djamminu og kunni ekki á það. Þegar líður á verkið kynnist hann þessum heimi betur og kynnist meðal annars djammprinsinum sem drottinn yfir djamminu. Þetta á eftir að hafa djúpstæð áhrif á Villa og samband hans við bestu vinkonu sína.

Sýningin varð mjög umfangsmikil en 19 leikarar voru í sýningunni. Með aðalhlutverk fóru Vilhelm Þór Neto, Kirsti Lind Villard, Andrés Pétur Þorvaldsson og Villi Vill. Inga Sörensen og Marta Kjartansdóttir sáu um ljós og hljóð í sýningunni ásamt því að vera sýningarstjórar. Allir í leikhópnum unnu hörðum höndum og hjálpuðust að við að setja upp sýningarrými í gamla hitaveitutanki Perlunnar. Þar voru sýndar tíu sýningar við mikið lof áhorfenda en uppselt var á allar sýningar.

Markmið stjórnarinnar var að halda áfram að ýta undir fjölbreytileika sýninga Stúdentaleikhússins og þora að ögra sér og komandi meðlimum með því að taka áhættu. Það má með sanni segja að það hafi tekist því sýningarnar voru báðar mjög ólíkar og óhefðbundnar að mörgu leyti.

Ánægjulegt er hversu mikla athygli Stúdentaleikhúsið hefur hlotið, en u.þ.b. 50 manns sóttu námskeiðin í byrjun hvefarrar annar. Nú hefst nýtt leikár og verður spennandi að fylgjast með Stúdentaleikhúsinu halda áfram að vaxa og dafna undir nýrri stjórn.

Umf. Biskupstungna

Barið í brestina

Höfundur: Guðmundur Ólafsson
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendafjöldi: 16
Sýningarfjöldi: 13
Áhorfendafjöldi: 1415

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Í desember s.l. kom saman hópur fólks til að taka þátt í leikverki komandi vetrar. Ánægjulegt

var hve mikið af nýjum andlitum mættu því að endurnýjun í félagið er jú nauðsynleg svo leikdeildin megi vaxa og dafna. Ákveðið var að taka til sýninga gaman og söngleikinn „Barið í brestina“ eftir Guðmund Ólafsson leikara og rithöfund. Bráðskemmtilegt leikrit sem gerist á sjúkrastofnun út á landi og gengur á ýmsu í allskonar plotti og ráðabruggi. Ákveðið var að fá Gunnar Björn Guðmundsson til að leikstýra, en þetta var sjöunda leikverkið sem hann leikstýrir hér í Biskupstungum. Góðir menn er aldrei ofnotaðir.

Æfingar hófust þann 3. janúar og gengu vel.

Góður andi var í hópnum og þrátt fyrir að nánast allir leikarar hefðu nælt sér í flensu einhvern tíma á æfingátímabilinu þá hlupu bara aðrir leikarar í skarðið og björguðu málunum.



Frumstýnt var 14. febrúar og alls voru 13 sýningar. Aðsókn var með eindæmum góð eða ríflega 1400 manns sem sáu sýninguna. Að setja upp leiksýningu er mikil vinna en allt hefst þetta með samvinnu og fórnfýsi fólks sem leggur allt í sölurnar til að vel megi takast til. Við eigum hóp af hæfileikaríku fólki hér í uppsveitunum og þetta væri ekki hægt nema með samstilltu átaki.

Breytingar urðu á stjórn leikdeildar á aðalfundi nú í mars, þar sem Guðný Rósa Magnúsdóttir gjaldkeri og Egill Jónasson ritari gáfu ekki kost á sér í stjórn. Í þeirra stað komu Íris Blandon sem nú er formaður og Hildur María Hilmarsdóttir gjaldkeri. Leikdeildin vill þakka Guðnýju og Agli gott starf í þágu félagsins.

Camilla Ólafsdóttir ritari.

Umf. Efling

Í beinni

Höfundur: Hörður Þór Benónýsson
Leikstjóri: Jenný Lára Arnórsdóttir
Þátttakendafjöldi: 48
Sýningarfjöldi: 14
Áhorfendafjöldi: 772

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Í ár er 110 ára afmæli Eflingar og þótti leiknefnd því vera tilefni til að ráðast í stórvirki. Ákveðið var að setja á svið frumsamið verk með frumsamdri tónlist. Til verksins voru ráðnir þeir Hörður Þór Benónýsson og Jaan Alavere sem áður höfðu samið saman söngleikinn, Ólafía, sem settur var upp á Breiðumýri árið 2010 og fékk mjög góðar viðtökur. Til að leikstýra verkinu var fengin heimastúlkan, Jenný Lára Arnórsdóttir. Tónlistarstjórn var í höndum þeirra Jaan Alavere og Péturs Ingólfssonar sem búa yfir mikilli reynslu þegar kemur að vinnu í leikhúsi og starfi með ungu fólki.



Boðað var til fundar á haustmánuðum þar sem mæting var með fádæmum góð og ljóst að áhugi á leikstarfi var mikill. Þar voru mættir gamlir refir ásamt fjölmörgu ungu fólki með mismikla reynslu af leikhúsi. Í framhaldinu var ákveðið að bjóða upp á leiklistarnámskeið sem Jenný Lára stýrði og tóku tuttugu einstaklingar þátt og sýndu afraksturinn á Breiðumýri í lok námskeiðs.

Einnig bauð Efling nemendum í unglingadeild Þingeyjarskóla upp á leiklistarnámskeið í Þróttó undir stjórn Jennýjar Láru. Það var síðan í lok janúar sem æfingar á „Í beinni“ hófust. Veður og verkfall framhaldsskólakennara settu mark sitt á æfingaferlið en þau vandamál sem upp komu voru leyst eins vel og hægt var. Í sýningunni tóku

þátt 25 leikarar, fjögurra manna hljómsveit og að tjaldabaki er fjölmennur hópur fólks sem vinnur að sýningunni með einum eða öðrum hætti.

Verkið „Í beinni“ er samtímaverk sem gerist á einum sólarhring um verslunarmannahelgina á hinum ýmsu stöðum á landinu, auk þess sem beinar útsendingar frá útvarpsstöðinni FM 101 eru í gangi. Má segja að verkið sé gamandrama þar sem m.a. er fjallað á grátbroslegan hátt um fréttamat nútímans, auk þess sem skyggst er nánar í fjölskyldulíf nokkurra persóna. Í verkinu eru 11 lög eftir Jaan Alavere með textum Harðar Þórs Benónýssonar.

Frumkýning var laugardaginn 22. mars eftir að veðrið hafði leikið okkur grátt og sett svip sinn á lokasprett æfinga og generalprufu. Sýningar urðu 15 talsins og tæplega 800 manns sem sáu verkið. Í vikublaðinu Skarpi fékk verkið og sýningin mjög góða dóma og umfjöllun.

Kvenfélag Reykdæla stóð fyrir veitingasölu á sýningum og lagði þannig sitt af mörkum við að skapa þessa skemmtilegu kaffileikhússtemningu sem hefur verið einkennandi fyrir leikhús á Breiðumýri um árabíl. Auk þess var leikdeildin í samvinnu við Dalakofann sem hafði á boðstólum sérstakan leikhúsmatseðil í tengslum við sýninguna og mæltist það vel fyrir.

Í leiknefnd voru Freydis Anna Arngrímsdóttir formaður, Guðrún Sædis Harðardóttir og Ólafur Ólafsson.

*Fyrir hönd leiknefndar,
Guðrún Sædis Harðardóttir*

Umf. Íslendingur, leikdeild

Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Starf leikdeildar var lítið starfsárið 2013-2014. Ekki var sett upp leikrit á starfsárinu, hefð hefur skapast fyrir því að leikrit séu sett upp annað hvert ár. Var starfsárið 2013-2014 því leikritslaust ár samkvæmt hefðinni. Þátttaka í Jónsmessugleði ungmennafélagsins er fastur liður í starfsemi okkar, þar stjórnnum við leikjum. Fáir fundir voru haldnir.

Valdimar Reynisson formaður.

Umf. Reykdæla

Ert'ekki að djóka (elskan mín)

Höfundur: Bjartmar Hannesson
Leikstjóri: Pröstur Guðbjartsson
Þátttakendafjöldi: 29
Sýningarfjöldi: 11
Áhorfendafjöldi: 533



Skýrsla stjórnar 2013-2014:

Leikstarfið fór vel af stað eftir að höfundur verk-sins og leikstjóri höfðu setið saman og rætt málin skömmu áður. Æfingartímabilið var nokkuð langt enda ekkert smá stykki hér á ferð.

Eitthvað kvarnaðist úr upphaflega hópnum sem ætlaði sér af stað með okkur en það stóð ekki á félögum okkar að fylla í þau skörð sem mynduðust. Mönnum hætti þó að lítast á blik-una þegar fyrstu rennslin með öllu því hiksti og stami sem þeim fylgja var allt að 3 og hálfur tími að lengd. En allt slípaðist þetta til og megum við þakka það frábærum leikstjóra ásamt snilldar áhugaleikurum og söngvurum.

Leikverkið einkennist af hómor sveitarinnar þar sem bæði er gert grín að ákveðnum aðstæðum í þjófélaginu sem og því sem hent hefur í sveitarfélaginu okkar á síðustu misserum. Þannig eru allir sveitarstjórnarmenn sem nefndir eru í stykkinu raunverulegir auk slökkviliðsstjórans og ýmissa annarra persóna sem fram koma en þó alls ekki allir.

Sveitalífið er ljúft og kannski ekki margt sem ónáðar íbúa þar dags daglega þangað til undarlegir atburðir fara af stað og litla blómlega sveitin er verður allt í einu miðdepill alls heimsins. Þeir

vinda upp á sig sumum til góða en öðrum miður.

Sýningarnar gengu vel og voru nokkuð vel sóttar þrátt fyrir að hefðum að sjálfsgöðu viljað sjá meiri fjölda sýningargesta eins og alltaf en við erum mjög ánægð með útkomuna og leikstarfið í heildina.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, formaður.

Umf. Skallagrímur

Stöngin inn

Höfundur: Guðmundur Ólafsson
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson
Þátttakendafjöldi: 43
Sýningarfjöldi: 14
Áhorfendafjöldi: 1065
Skýrsla stjórnar 2013-2014:



Skýrsla stjórnar:

Leikdeild Umf Skallagríms setti í vetur upp leikritið Stöngin inn eftir Guðmund Ólafsson, nýjan söng- og gamanleik sem frumsýndur var í fyrsta sinn í mars 2013 hjá sameinuðu leikfélagi Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Frumskýning var föstudaginn 14. mars í Lyngbrekku. Leikstjóri var Rúnar Guðbrandsson. Fyrsti samlestur var laugardaginn 30. nóvember 2013 undir stjórn Rúnars.

Söngæfingar voru tvisvar í viku í janúar 2014 í Tónlistarskóla Borgarfjarðar undir stjórn Theodóru Þorsteinsdóttur söngkennara. Sviðsæfingar hófust í Lyngbrekku í byrjun febrúar 2014 og stóðu til frumsýningar. Auk þess að njóta aðstoðar Rúnars og Theodóru naut leikhópurinn leiðsagnar Birnu Hafstein við danshreyfingar á sviði.



Sýningar urðu 14 talsins, lokasýning var sunnudaginn 6. apríl og komu í heildina 1.065 áhorfendur á sýningarnar.

Stöngin inn reyndist afar skemmtilegt og gefandi verkefni. Leikarar á sviði voru sextán talsins og þar af voru átta nýliðar í Leikdeildinni. Tveir úr hópnum komu til starfa á ný eftir áratuga fjarveru og sex hafa starfað með Leikdeildinni í einhverjum verkefnum á undanförunum árum. Þriggja manna hljómsveit lék með á sýningum. Utan sviðs vann einnig stór hópur að uppfærslunni en samtals komu 43 að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti.

Olgeir Helgi, formaður.



Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2013-2014



Dómnefnd Þjóðleikhússins komst að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem Athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2013-2014 sýningu Hugleiks á Stund milli stríða. Þetta er söngleikur eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn Jóns St. Kristjánssonar. Tinna Gunnlaugsdóttir tilkynnti um valið á Skype á hátíðarkvöldverði aðalfundarfulltrúa í Vestmannaeyjum 3. maí.

Greinargerð valnefndar:

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og fyrsta sinn. Sautján leikfélög með nítján sýningar sóttu um að koma til greina við valið að þessu sinni. Að vanda var úrval sýninganna afar fjölbreytt, leikfélögin sýndu ný frumsamin verk og eldri íslensk verk, nýleg og sígild erlend leikrit, spunasýningar, söngleiki, gamanleikrit og dramatísk verk, og jafnt leikrit fyrir börn sem fullorðna.

Allar sýningar voru skoðaðar af upptökum.

Í dómnefnd í ár sátu Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins og leikarnir Ragnheiður Steindórsdóttir og Snorri Engilbertsson.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. Borgarbörn, barna-og unglingleikhús:

Jólanótt Viktoríu eftir Erlu Ruth Harðardóttur leikstjóra. Í sýningum Borgarbarna fá börn og unglingar mikilsverða reynslu í leik, söng og dansi, og sýndu þátttakendur í sýningunni fjölbreytta hæfileika og mikið öryggi.

2. Freyvangsleikhúsið: Emil í Kattholti eftir

Astrid Lindgren. Leikstjóri: Saga Jónsdóttir. Sýning Freyvangsleikhússins á Emil í Kattholti er

sérlega falleg, litrík og fjörleg. Leikarar á öllum aldri stóðu sig vel, og verður þó sérstaklega að geta afar góðrar frammistöðu barnanna.

3. Halaleikhópurinn: Sambylingar eftir Tom Griffin. Leikstjórar: Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir. Leikhópurinn færði áhorfendum sínum sterkar, áhugaverðar og skemmtilegar mannlýsingar, sem kalla fram bæði bros og ýmsar vangaveltur.

4. Leikdeild Umf. Eflingar: Í beinni eftir Hörð Þór Benónýsson. Leikstjóri: Jenný Lára Arnórsdóttir. Reykdælingar sýndu nýtt og skemmtilegt leikrit með dramatískum undirtóni, byggt á sniðugri grunnhugmynd, með frumsaminni tónlist eftir Jaan Alavere, þar sem hinn stóri leikhópur félagsins naut sín vel.

5. Leikdeild Umf. Skallagríms: Stöngin inn eftir Guðmund Ólafsson. Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson. Leikdeildin spreytti sig hér á leikritinu sem var valið áhugasýning ársins á liðnu leikári með góðum árangri, og bjó til fyndna og skemmtilega sýningu.

6. Leikfélag Austur-Eyfellinga: Anna í Stóru-Borg, leikgerð eftir Margréti Tryggvadóttur. Leikstjóri: Sveinn Óskar Ásbjörnsson. Leikhópurinn sýndi metnaðarfulla sýningu á nýju verki, og var gaman að sjá hvernig heimamenn tókust á við þessa frægu ástarsögu úr héraðinu.

7. Leikfélag Hólmavíkur: Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson. Leikstjóri: Esther Ösp Valdimarsdóttir. Grunnskólinn, tónlistarskólinn, nemendur úr Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra og leikfélag Hólmavíkur tóku höndum saman um að skapa litríka og skemmtilega sýningu, þar sem ungir leikendur nutu sín vel.

8. Leikfélag Keflavíkur: Ávaxtakarfan eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur. Leikstjóri: Gunnar Helgason. Umgjörð og leikur verksins er vel unninn og boðskapur þessa þekkta verks kemst vel til skila í uppsetningunni.

9. Leikfélag Kópavogs: Þrjár systur eftir Anton Tsjechov. Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson. Hér er

á ferðinni vönduð uppfærsla á þessu sígilda verki. Leikritið gerir miklar kröfur til leikara, og var frammistaða leikenda með miklum ágætum.

10. Leikfélag Selfoss: Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren. Leikstjóri: Sigrún Valbergisdóttir. Leikfélag Selfoss sýndi hugljúfa sýningu á þessu fallega verki, þar sem mikið mæddi á ungum leikurum í aðalhlutverkum og skiluðu þeir og hópurinn sínu vel.

11. Leikfélag Selfoss: Maríusögur eftir Þorvald Þorsteinsson. Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir. Þetta tragíkómíska verk gerir talsverðar kröfur til leikaranna sem komust afar vel frá sínu.

12. Leikfélag Seyðisfjarðar: Villa og sjóræningjarnir eftir Ágúst T. Magnússon leikstjóra. Sýningin er fjörug og hugmyndaþrik, með leikurum á öllum aldri.

13. Leikfélag Ölfuss: Makalaus sambúð eftir Neil Simon. Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson. Í sýningunni náðist að skapa trúverðugar persónur og leikurinn var lipur og áreynslulaus.

14. Leikfélagið Grímnir: Lýðræði eftir Bjarka Hjörleifsson. Leikstjóri: Hrafnís Bára Einarsdóttir. Leikhópurinn skapar hér nýtt verk, byggt á spuna, þar sem gerðar eru ýmsar skemmtilegar tilraunir.

15. Leikfélagið Hugleikur: Stund milli stríða eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson. Þórunn Guðmundsdóttir hefur hér skrifað heilan söngleik fyrir félag sína, og er útfærsla tónlistar í sýningunni sérlega vönduð. Sýningin, þar sem unnið er með ákveðna þætti í sögu 20. aldarinnar, er skemmtileg og vel unnin.

16. Skagaleikflokkurinn: Sagnakonan eftir Óskar Guðmundsson, Jakob S. Jónsson og leikhópurinn. Leikstjóri: Jakob S. Jónsson. Leikhópurinn teflir saman tveimur ólíkum tímabilum, til að koma hugvittsamlega yfir áttasögu úr héraði.

17. Stúdentaleikhúsið: Djamm er snilld! eftir Tryggva Gunnarsson leikstjóra, sem samdi

handrit byggt á sögum og reynsluheimi meðlima Stúdentaleikhússins. Stúdentaleikhúsið leiðir áhorfandann um króka og kima „djammsins“ í þessari kraftmiklu og skemmtilegu sýningu.

18. Stúdentaleikhúsið: Sá á fund sem finnur sig eftir Pétur Ármannsson, Jónas Reyni Gunnarsson og hópinn. Leikstjóri: Pétur Ármannsson. Sýningin var lífleg og skemmtileg tilraun sem vindur upp á sig með óvæntum hætti og vísar til áhorfendanna sjálfra.

19. Umf. Reykdæla: „Ert' ekk' að djóka (elskan mín)?“ eftir Bjartmar Hannesson. Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson. Hér skiptast á gaman og alvara, í fjörugri sýningu með skemmtilegri tónlist.

Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleik-sýningu leikársins 2013-2014 sýningu Hugleiks á Stund milli stríða.

Umsögn dómnefndar um sýninguna:

Stund milli stríða eftir Þórunni Guðmundsdóttur, í leikstjórn Jóns St. Kristjánssonar, er nýr íslenskur söngleikur, en Þórunn semur bæði texta og tónlist. Sögusviðið og umfjöllunarefnið er áhugavert, við hverfum aftur til kreppunnar milli stríða, með það í huga hvernig sá tími kallast á við okkar tíma. En hér eru húmorinn og ástin aldrei langt undan, né heldur tónlistin, og leikritið er bráðskemmtilegt. Fjöldi leikara og tónlistarmanna stendur að sýningunni, og flutningurinn er í senn kraftmikill, fjörugur og agaður. Umgerð sýningarinnar er einnig afar vel heppnuð, bæði leikmynd og búnningar. Stund milli stríða, þrjátíu ára afmælisýning Hugleiks, sýnir svo um munar að leikfélagið ber aldurinn vel, og er fullt af áræðni, metnaði, fjöri og orku.

Þjóðleikhúsið óskar Hugleik til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Stund milli stríða um miðjan júní í Þjóðleikhúsinu.



Aðalfundur og leiklistarhátíð AITA/IATA í Mónakó 2013

Dagana 22. til 26. ágúst 2013 sótti undirrituð fundi AITA/IATA, (alþjóða áhugaleikhúsráðsins), NEATA, (Norður-evrópska áhugaleikhúsráðsins) EFAT (nýstofnaðra samtaka þriggja Evrópubandalaga, NEATA, CIFTA og CEC) og NAR, (Norræna áhugaleikhúsráðsins), sem haldnir voru í Mónakó samhliða alþjóðlegri leiklistarhátíð IATA/AITA sem þar var haldin í fimmtánda sinn.

Leiklistarhátíðin skartaði að þessu sinni sýningum frá 24 löndum; Þýskalandi, Austurríki, Bangladesh, Belgíu, Kína, Danmörku, Spáni, Eistlandi, Bandaríkjum Norður-Ameríku, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi, Ísrael, Ítalíu, Japan, Litháen, Marokkó, Tékklandi, Rúmeníu, Bretlandi, Singapúr, Slóvakíu, Slóveníu og Sviss. Einnig voru á boðstólum þrjár leiksmiðjur og umræður um sýningarnar voru á hverjum morgni. Á sínum stað voru einnig opunarhátíð, rauða og hvíta ballíð og svo lokahóf ásamt uppákomum í hátíðarklúbbnum á hverju kvöldi. Hátíðafréttir voru gefnar út á hverjum degi en að þessu sinni eingöngu á frönsku.

Leikhóparnir fá fría gistingu og uppihald á hátíðinni í 4 sólarhringa þannig að mjög fáir hafa efni á að dvelja lengur en það í Mónakó - sem er langt frá því að vera ódýrt land. Að þessu sinni þurfti stjórn AITA/IATA virkilega að hafa fyrir því að fylla dagskrá hátíðarinnar af góðum leiksýningum en umsóknir voru færri en hátíðahaldarar sættu sig við. Því var brugðið á það ráð að falast eftir sýningum sem getið höfðu sér gott orð á ýmsum hátíðum í Evrópu, en sýningarnar frá Rúmeníu og Litháen voru t.d. á NEATA hátíðinni í Sønderborg 2012.

Hátíðin fór að öllu leyti vel fram og voru þátttakendur allir til fyrirmyndar, bæði til orðs og æðis, þrátt fyrir að hvergi bólaði á hjálparsevitarfólki eða stígamótakonum. Það var helst að gæslumenn spilavítisins fræga í Monte Carlo hefðu horn í síðu druslulegra hátíðargesta sem af forvitni stungu þar inn nefi. Vörðum þar utandyra var einnig lítið um að sauðsvartur almúginn stillti sér upp við



Greinarhöfundur á sínum bás með íslenska fánann sér til halds og trausts

hlið glæsibifreiðanna til að láta taka myndir af sér. En allir voru spakir.

Undirritaðri auðnaðist að sjá leiksýningar frá Litháen, Japan, Ítalíu, Bretlandi, Sviss, Singapúr, Slóvakíu, Marokkó, Rúmeníu og Austurríki.

Fundahöldin hófust að morgni miðvikudagsins 22. ágúst með aðalfundi NEATA. Í kjölfar hans var svo stjórnarfundur hjá sömu samtökum og að lokum var fulltrúafundur NAR.

Á aðalfundi NEATA voru venjuleg aðalfundarstörf, s.s. skýrslur forseta Hilmars Joensen frá Færeyjum, varaforseta Anders Hind frá Danmörku, fulltrúa NEATA í stjórn AITA/IATA Steinars Arnesen frá Noregi, framkvæmdastjóra Kristian Hald Jensen frá Danmörku og síðan fluttu fulltrúar aðildarlandanna skýrslur um verkefni sín tengd NEATA frá síðasta aðalfundi. Merkast var að heyra fulltrúana frá Finnlandi lýsa



Japan, Ítalía og Bretland

vinnu við undirbúning NEATA hátíðarinnar sem þeir koma til með að halda í Porvoo 1. til 6. júlí 2014. Opinbert boð til aðildarlandanna var sent út í haust og þátttöku þarf að tilkynna fyrir 10. janúar 2014. Undirrituð gaf fundinum upplýsingar um fyrirhugaða NEATA stuttverkahátíð sem við erum að undirbúa í Mosfellsbæ helgina 3.-6. október 2014. Umræður um hana voru töluverðar og margir lýstu áhuga á að koma sem áhorfendur en sýningar verða líklega frá Færeyjum, Noregi og Íslandi að þessu sinni. Rætt var að halda svona hátíð annað hvert ár ef vel tekst til og bæta einu þátttökulandi við í hvert sinn. Beðið var um að við Íslendingar sendum út allar upplýsingar sem fyrir geta legið um tilhögun, verð og aðstöðu sem allra fyrst svo hægt verði að kynna viðburðinn í aðildarlöndunum og kanna áhuga á þátttöku. Fundurinn fól Hilmar frá Færeyjum ásamt undirritaðri að semja drög að reglum (guidelines) fyrir NEATA stuttverkahátíðir. Að síðustu var farið yfir fyrirleggjandi verkefni AITA/IATA fundarins og þau skýrð hvað NEATA varðar.

Stjórnarfundur NEATA var svo settur að loknu stuttu hléi. Þarna fækkaði fundarmönnum í einn til tvo frá hverju aðildarlandi en aðalfundinn á undan sátu allt að 10 fulltrúar frá sumum löndunum. Eftir að fundargerðir síðustu funda höfðu verið yfirfarnar og samþykktar var gengið til kosninga. Kjósa þurfti um forseta og varaforseta,

ákveða hvar skrifstofa NEATA ætti að vera staðsett næstu tvö árin og skipa framkvæmdastjóra. Hilmar Joensen, fráfarandi formaður, gaf ekki kost á sér áfram. Nýr forseti var kosin Kristiina Oomer frá Eistlandi. Anders gaf kost á sér áfram sem varaforseti og var kosinn einróma. Danir buðu NEATA að hafa áfram aðsetur á skrifstofum DATS og buðu einnig fram þjónustu Kristians sem framkvæmdastjóra en þeir hafa greitt allan kostnað vegna vinnu hans og funduferða. Þetta höfðinglega boð var auðvitað þegið og Dönnum þakkað framlagið.

Því næst var farið yfir stöðuna varðandi hið nýstofnaða EFAT (European Forum of Amateur Theatre) en hlutverk þess verður að auðvelda samvinnu NEATA, CIFTA og CEC, sem öll eru svæðisbandalög í Evrópu. Ástæða þess að talið var nauðsynlegt að stofna svona samvinnubatteri er sú að Evrópuskrifstofan í Lingen hefur verið lögð niður en hún gengdi svipuðu hlutverki. Fundarmenn voru á einu máli um að þetta væri þarft framtak ef þess yrði gætt að hlutverk EFAT yrði eingöngu að safna upplýsingum um áhugaleiklistarstarfsemi allra aðildarlandanna í gagnagrunn og vera málpípa áhugaleikhússins gagnvart Evrópusambandinu. EFAT þarf lagalega viðurkenningu aðalfundar AITA/IATA svo samtökin geti fengið auðkennisnúmer svo hægt sé að sækja um styrki úr Evrópu-sjóðum til sameigin-



Greinarhöfundur ásamt Hilmari Joensen frá Føreyjum



Kristiina Oomer frá Eistlandi og Inguna Gremze frá Lettlandi

legra verkefna. Skrifstofan í Lingen hafði áður getað sótt um slíka styrki þar sem notast var við auðkenni Lingenborgar. Þegar allir voru komnir á sömu blaðsíðuna varðandi þessi nýju Evrópu-samtök var frekari umræða geymd til fundar sem boðaður hafði verið um málið þann 24. ágúst.

Næst var NEATA-Youth á dagskrá en það er starfsemi áhugaleikhúsfólks 18-25 ára að aldri. Danir höfðu verið með sérstaka tveggja vikna dagskrá fyrir þennan aldurshóp á NEATA-hátíðinni 2010 og nú hafa Finnar ákveðið að gera eins á sinni hátíð sem haldin verður dagana frá 22. 6. til 6. 7. 2014. Þeir bjóða þremur frá hverju landi þátttöku gegn 100 EUR gjaldi. Hlutverk ungmennanna verður að taka þátt í leiksmiðjum, leiksýningu og að auki eiga þau að hjálpa til við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar. Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 10. janúar 2014.

Starfáætlun NEATA 2010 til 2014 var næst á dagskrá. Farið var yfir verkefnið fimm sem þar er að finna og staðan tekin á hverju fyrir sig.

NEATA-Youth, umræður voru í síðasta lið.

Stuttverkahátíðin á Íslandi var rædd á aðalfundi-num.

Námskeið fyrir leikstjóra, ábyrgðarmaður þessa verkefnis var Anna Karin Valdemarsson frá Svíþjóð. Skýrði hún frá því að líklega yrði þessu verkefni frestað til 2014 og við yrðum látin vita þegar að því kæmi.

Alþjóðlegi leikhúsdagurinn. Ákveðið hafði verið að safna saman upplýsingum um hvað gert væri í tilefni dagsins í hverju aðildarlandi fyrir sig. Kristiina Oomer hafði tekið að sér að safna þessum upplýsingum saman en hún fékk einungis svör frá tveimur löndum og var Ísland annað þeirra. Ákveðið var að gera aðra tilraun 2014 og ef viðbrögð yrðu ekki betri, þá að leggja verkefnið niður.

EFAT, sjá umræður hér að ofan.

Hjálparsjóður NEATA (NEATA Solidarity fund) var síðasta mál á dagskránni. Ákvörðun um stofnun sjóðsins var tekin á síðasta stjórnarfundinum sem haldinn var í Finnlandi. Tilgangur sjóðsins er að styrkja þau aðildarlönd sem hafa ekki fjárhagslega burði til að sækja fundi NEATA. Framlög voru frjáls en Danir, Norðmenn og Svíar greiddu í hann 6.000 DKK hver og Færeyingar greiddu 2.000 DKK. Samtals 20.000 DKK. Vitað var um tvær umsóknir í sjóðinn vegna fundar í Mónakó, frá Eistlandi og Íslandi, en fleiri gætu verið á



Ítalía endaði áhrifamikla sýningu sína á nærfötunum og áhorfendur fögnuðu innilega

leiðinni þar sem tilkynning um sjóðinn var send út aðeins einni viku fyrir Mónakó-fundina.

Innskot:

Við Bandalagsfólk höfðum af fjárhagsástæðum ekki gert ráð fyrir að sækja þessa viðburði en þegar tilkynnt var að NEATA hefði stofnað sérstakan hjálpar sjóð (solidarity fund) til að gera öllum aðildar löndunum kleift að ferðast til Mónakó og nýta atkvæðisrétt sinn á fundum AITA/IATA, NEATA og NAR sló undirrituð til (þar sem formaðurinn var ekki ferðafær enda nýkominn úr bakuppskurði) og ákvað að fara, þrátt fyrir að þurfa að greiða umtalsverðan hluta af kostnaðinum úr eigin vasa. Það er reyndar engin nýlunda þegar um ræðir að sækja fundi erlendis fyrir Bandalagsins hönd, en það hefur aldrei verið greiddur raunkostnaður við slík ferðalög.

Síðasti fundurinn á dagskrá þessa fyrsta dags var svo **fulltrúafundur** NAR og fækkaði nú um Baltnesku fulltrúana þrjá.

Fundarefnið var aðallega að ræða barnaleikhúshátíð NAR sem haldin var í Östersund í Svíþjóð í byrjun ágúst 2013 og undirbúningsumræður um samsvarandi hátíð sem halda á 2015.

Eftir stofnun NEATA var ákveðið að leiklistarhátíðir fyrir fullorðna yrðu haldnar á tveggja ára fresti á vegum NEATA og á móti myndu barnaleikhúshátíðir verða á vegum NAR.

Þátttaka var mjög léleg á hátíðinni í Östersund. Aðeins þrjú þáttökulönd auk Svía; Færeyjar, Danmörk og Noregur. Svo virðist sem Svíar hafi ekki einu sinni verið sjálfir með sýningu en þátttakendur voru engu að síður glaðir með hátíðina. Hátíðin 2015 verður að öllum líkindum haldin í Noregi.

Ákveðið var að boða til næsta NAR fundar í Noregi strax í september nk. Ég sagði fundarmönnum að við Íslendingar myndum ekki geta sent fulltrúa á þann fund en það væri svo sem allt í lagi að við gætum ekki mætt á alla fundi meðan fjárhagsstaðan væri svona léleg hjá okkur ef þeir bara lofuðu að senda okkur fyrirfram dagskrá til að við gætum sagt okkar álit á umræðuefninu hverju sinni og þeir myndu svo skrifa nákvæmar fundargerðir og senda okkur eftir fundi. Ég notaði tækifærið og kvartaði yfir því að hafa ekki fengið fundargerð frá síðasta skrifstofumóti í Svíþjóð sem haldið var í fyrra haust, eins og lofað var. Þar með lauk fundarhöldum þessa fyrsta dags.

Aðalfundur AITA/IATA var settur kl. 09.30 þann 23. ágúst að viðstöddu hefðarfólki úr röðum heimamanna, borgarstjóra og verndara hátíðarinnar, Elizabeth-Ann De Massy barónessu. Eftir hálf tíma af ræðuhöldum og afhendingu viðurkenninga fyrir hitt og þetta hófust störf fundarins. Fundarstjóri var kosinn Thomas Hauger frá Danmörku, fyrrverandi forseti AITA/IATA. Þar næst var gengið til venjulegra aðalfundarstarfa og starfsmenn skipaðir. Atkvæði staðfest og nýjum aðildarfélögum fagnað. Skýrslur forseta og nefnda skýrðar og samþykktar. Sömuleiðis reikningar fyrir 2011–12 og fjárhagsáætlun fyrir 2013–14. Jafnvægi hefur náðst í tekjum og gjöldum með því að loka skrifstofunni í Tallin og segja upp eina starfsmanninum sem þar vann. Í staðin hefur Anne Gilmour, fyrrum enskumælandi ritari stjórnar AITA/IATA, verið verkefnaráðin til að sinna því nauðsynlegasta, senda út upplýsingar, sjá um sambandið við aðildarlöndin og koma vefsíðunni aftur í gang.

Leyfi aðalfundar til smávægilegra lagabreytinga þurfti til að hægt væri að samþykkja okkar nýstofnaða EFAT sem samvinnuaðila AITA/IATA og voru þær samþykktar.

Skýrslur voru fluttar um sjóði í eigu AITA/IATA, Solidarity Fund og Culture and Education Fund en allnokkrar fjárhæðir eru í þeim báðum. Solidarity Fund er ætlaður til að hjálpa allra fátækustu löndunum með ferðastyrkjum og greiðslu aðildargjalda.

Culture and Education Fund er sjóður sem styrkir alþjóðleg menntunarverkefni, aðallega fyrir börn og ungmenni en líka er eitthvað um að leiksmiðjur og ráðstefnur fyrir fullorðna hafi hlotið styrki úr sjóðnum.

Kl. 17.00 var fundi frestað til morguns.

Fundi fram haldið þann 24. ágúst.

Þegar hér var komið sögu var komið að kosningum í stjórn og nefndir en eftirtaldir voru kosnir í eftirtalin embætti:

Rob Van Genecten frá Belgíu - Forseti, tekur við eftir 2 ár, Villy Dahl frá Danmörku - Gjaldkeri. Beatrice Cellario frá Monaco - Frönskumælandi ritari. Jorge Crespi frá Spáni - Spænskumælandi ritari. Josef Hollos frá Austurríki - Börn og ungmenni, nefndarformaður.

Að kosningum loknum var ákveðið árgjald til AITA/IATA fyrir árin 2014–15. Stjórnin lagði

til að það yrði óbreytt og var það samþykkt. Það þýðir að þær þjóðir sem hafa fulla aðild og tilheyra ríkustu þjóðum heims skv. HDI lista Sameinuðu þjóðanna frá 2012 greiða 625 evrur - og þar er Ísland nr. 17 af 59.

Næst var að ákveða hvar 32. aðalfundur AITA/IATA og leiklistarhátíð ættu að vera. Belgía átti eina tilboðið og var því tekið eftir góða kynningu. Hátíðin verður haldin í Westouter í Flanders dagana 3. til 12. júlí árið 2015.

Tilkynnt var að næsta alþjóðlega barnaleikhúshátíð yrði haldin árið 2014 í Lingen í Þýskalandi og sú þarnaesta, árið 2016, yrði haldin í Stratford, Ontario í Kanada.

Að því loknu var fundi slitið og gert síðbúið hádegishlé fyrir næsta fund.

EFAT fundur 24. ágúst, síðdegi.

Til fundarins var boðið öllum þátttakendum frá NEATA, CEC og CIFTA ásamt öllum þeim sem áhuga höfðu á efninu.

Í forsvari sátu forsetar þessara þriggja svæðissambanda sem unnið höfðu að málinu, Hilmar Joensen fyrrum forseti frá NEATA, Josef Hollos forseti CEC og Jacques Lemaire fyrrum forseti CIFTA ásamt Norbert Rademacher sem var í forsæti Lingenskrifstofunnar sálugu.

Farið var yfir aðdragada stofnunar EFAT og lýstu talsmennirnir fjórir þeirri sameiginlegu skoðun sinni að áhugaleikhús í Evrópu þyrfti að geta staðið sameinað að mörgum málum sem tengjast öflun og dreifingu upplýsinga auk nauðsynjar á lagalegri stöðu sem umsækjandi Evrópustyrkja. Hvernig samtökin nákvæmlega ætla sér að starfa er að mestu óráðið ennþá en núverandi forsetar NEATA, CEC og CIFTA ætla að hittast áður en langt um líður í Berlín og ráða ráðum sínum. Nefnd fulltrúa níu aðildarlönda, þriggja frá hverju svæðissambandi, er í burðarliðunum og mun væntanlega taka við eftir Berlínarfundinn.

Starfsmaður þýska bandalagsins, Stephan Schnell, hefur lofast til að halda utan um starfsemina fyrstu skrefin. Hann hugsar sér að byrja á að senda út spurningalista til allra aðildarlandanna þar sem grunnupplýsinga um starfsemina verður leitað til að nota í sameiginlegan evrópskan áhugaleikhúsgagnagrunn.



Japan

Umræður voru líflegar á fundinum og greinilega ekki öllum ljós tilgangurinn með stofnun EFAT en forsvarsmönnum tókst þó að vinna fundarmenn á sitt mál með greinargóðum svörum og skýringum.

Fundi slitið kl. 17.30.

Umræður um strúktúinn á AITA/IATA og framtíðarsýn, sunnudagur 25. ágúst.

Smiðja undir stjórn Dirk de Corte frá Belgíu. Þátttakendur voru um 30 talsins, flestir núverandi og fyrrverandi stjórnar- og nefndarmenn AITA/IATA, sem gerði það vonlaust frá upphafi að fjalla að einhverju viti um kosti og galla núverandi vinnubragða. Þeir örfáu sem reyndu að setja fram gagnrýni á t.d. snobb og elítutilburði stjórnar (sem er sérstaklega augljós í Mónakó, þar sem leikhóparnir eru að mestu ósýnilegir nema rétt á meðan þeir sýna en fyrirfólkið t.d. matast við margrétta háborð sem Mónakóar setja upp og bjóða þeim hæstsettu til í allra auglýsni á hverjum degi) voru strax skotnir í kaf enda óþægilegt umræðuefni og auðvelt að láta það líta út sem persónulegar árásir. Sama var uppi á teningnum

þegar gagnrýnt var hve stjórnarskrá og lög eru ósveigjanleg og lítt nothæf utan Evrópu en hvoru tveggja hafa frá upphafi verið samin af Evrópubúum og Evrópuþjóðir eru ávallt langfölmennastar á öllum fundum og hátíðum. Af þessum 30 einstaklingum sem þarna tóku þátt voru hlutföll karla og kvenna nokkuð jöfn en einungis fjórir frá öðrum heimsálfum en Evrópu og aðeins tveir undir þrítugu, einn milli þrítugs og fimmtugs en restin 50+.

Það var svo sem enginn af þeim fáu sem að gagnrýninni stóðu með ákveðnar hugmyndir að breytingum en í lokin var sú framtíðarsýn þó sameiginleg öllum þátttakendum að samtök sem hafa það á stefnuskrá sinni að halda utan um áhugaleikhús í öllum heimsálfum myndi á öllum tímum gera best í því að vinna eftir 3. grein stjórnarskrár AITA/IATA þar sem kveðið er á um tilgang samtakanna og leiðir þar að.

Fundi slitið kl. 16.00.

*Vilborg Árný Valgarðsdóttir
framkvæmdastjóri*

Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur 5. maí 2013 haldinn í Reykholti, Borgarfirði

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Þrúður Sigurðar, Ylfa Mist Helgadóttir, Bernharð Axelsson, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson

1. Þorgeir stingur upp á óbreyttri skipan stjórnar. Samþykkt.
2. Ákveðið að hafa úthlutunarfund helgina 28.–30. júní í þjónustumiðstöðinni.
3. Ákveðið að ræða við Færeyinga um að halda fyrirhugaða NEATA stuttverkhátíð í lok september eða byrjun október 2014. Vilborg hefur undirstungið Sigríði Láru Sigurjónsdóttur með að vera okkur innan handar við styrkumsóknir.
4. Staðfest er að Færeyingar munu geta farið með atkvæði Íslendinga á aðalfundi IATA í Mónakó í sumari þar sem við höfum ákveðið að senda ekki fulltrúa.
5. Rætt um mögulega staðsetningu á leiklistarhátíðinni 2015. Akureyri efst á blaði.
6. Ákveðið að Þorgeir athugi með löggildi samnings við Félag leikskálda og handritshöfunda og Rithöfundasambandið og í framhaldi af því verði rætt við fyrrnefnda aðila um að fá upphæðina lækkaða vegna leikverka 15 mín. eða styttri.
7. Stjórn biður starfsmenn þjónustumiðstöðvar að senda ekki frá sér handrit sem vitað er að brjóta gegn höfundarétti.

8. Rætt um tillögu frá aðalfundi um að skrifað verði bréf sem leikfélögin sendi sveitarfélögum þar sem þau séu beðin að styrkja Bandalagið um litlar upphæðir. Ákveðið að stíga varlega til jarðar í þessum málum, þetta megi alls ekki verða til að skerða styrki frá sveitarfélögum til leikfélaganna.

9. Vilborg lagði til að við gerðum tilraun til að snúa karma Bandalagsins því í hag með því að byrja að leggja góðum málefnum lið með smáupphæðum í stað þess að einblína alltaf á eigin fjárskort. Hingað til hefur öllum umsóknum um framlög eða styrktarlínur til góðgerðarsamtaka verið neitað á grundvelli áðurnefndra blankheita en eins og kunnugt er „gefst þeim sem gefur“. Árleg heildarupphæð yrði ákveðin á næsta stjórnarfundum og styrkþegar valdir vandlega. Stjórn tók vel í tillöguna og verður hún rædd nánar á næsta fundi. Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

Stjórnarfundur 29. júní 2013 haldinn að Kleppsmýrarvegi 8.

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Þráinn Sigvaldason, Ólöf Þórðardóttir, Þrúður Sigurðar, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson

1. Farið yfir styrkumsóknir frá leikfélögum:
Borgarbörn
Jólaævintýrið - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.
Freyvangsleikhúsið
Dagatalsdömunar - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.
Leikfélag Fljótsdalshéraðs
Pétur og úlfurinn - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.
Leikfélag Hörgdæla
Djárninn á Myrká - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.
Leikfélag Keflavíkur
Jólin koma ... eða hvað? - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.
Leikfélag Kópavogs

Gutti og félagar - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélag Mosfellssveitar

Grímur - Umsókn hafnað, skoðast ekki sem leik-sýning.

Leikfélag Sólheima

Skilaboðaskjóðan - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Ölfuss

Rummungur ræningi - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar og hljóðmyndar.

Leikfélagið Grímnir

Við dauðans dyr - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélagið Peðið

Bjarmaland II - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélagið Sýnir

Gangverkin - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Litli leikklúbburinn

Gúttó - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Snúður og snælda

Bland í poka - Umsókn um frumflutning hafnað.

Stúdentaleikhúsið

Nashyrningar - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna hljóðmyndar.

Alls bærust umsóknir frá 36 félögum vegna 86 leiksýninga og leikþátta, 11 námskeiða og 26 nemenda Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga.

Niðurstaða úthlutunar er að styrkurinn verður 3.398 kr. pr. mín. eða 271,856 kr. fyrir leikrit 80 mín. eða lengra. Frumflutningsálag (30%) er 81,557 kr. og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) er 54,371 kr. Veitt var til 85 leikrita og leikþátta, 11 námskeiða og 26 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

2. Starfsáætlun

2.1. Rekstur þjónustumiðstöðvar.

Umsókn til Reykjavíkurborgar um styrk til rekstrar þjónustumiðstöðvar var hafnað og okkur bent á að sækja um í haust þegar borgin auglýsir almenna styrki til menningarmála.

2.2. Leitað eftir hækkuðum framlögum

Fundur hefur verið bókaður hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 15. ágúst nk. vegna samningsins sem endurskoða þarf árlega. Óvíst er hvort nýr mennta- og menningarmálaráðherra mun sitja fundinn. Skýra þarf fjárförf þjónustumiðstöðvar fyrir ráðuneytinu, leita eftir hækkun styrkja til verkefna aðildarfélaganna og leggja fram umsókn um styrk til að halda NEATA-stuttverkahátíð 2014. Einnig þarf að sækja um styrk til einkaaðila fyrir kostnaði við uppfærslu á vefkerfi Bandalagsins og kaupum á verslunarkerfi.

2.3. Stuttverkahátíð 2014

Þorgeir ætlar að tala við NEATA-fólk um hvort áhugi sé fyrir að senda sýningar á stuttverkahátíð 2014 og ræða við Hilmar í Færeyjum um endanlega tímasetningu.

2.4 Samþykkt frá aðalfundi

Þorgeir ætlar að bera undir lögfræðing samþykkt aðalfundar um að athuga með lögmati samninga Bandalagsins við Rithöfundasambandið og Félag handritshöfunda. Í framhaldi af því yrði svo leitað eftir að ákvæðið um að átta sýninga lámarksgjald gildi ekki um stuttverk undir 15 mín.

3. Leiklistarhátíðir

Verið er að kanna með staðsetningu og fjármögnun á NEATA-stuttverkahátíð. Stór leiklistarhátíð 2015 lítillaga rædd en engin ákvörðun tekin að svo stöddu.

4. Fjarfundir

Vegna sparnaðarumræðu frá aðalfundi var rætt um hvort að forsendur séu fyrir því að halda fjarfundi í stað þess að funda á þjónustumiðstöð. Ekki talin ástæða til þess að svo stöddu. Stjórnar-fólk lofaði að bæta sig í að svara tölvupóstum.

5. Landshlutamenningarsjóðir

Rætt um hvort ráðlegt sé að sækja um styrki í sjóði Menningarsamninga landshlutanna eins og tillaga kom fram um á aðalfundi. Einhugur um að svo sé ekki, það mundi að öllum líkindum taka fjármagn frá leikfélögum í viðkomandi landshlutum.

Næsti stjórnarfundur settur 5. október.

Stjórnarfundur 5. október 2013.*Haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 í Reykjavík*

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Þráinn Sigvaldason, Vilborg Á. Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarin og samþykkt.

2. Starfsáætlun 2013–14

a) Fjárhagsstaða skrifstofu:

Vilborg lagði fram yfirlit yfir mánaðar- og árleg útgjöld og tekjur. Ástandið er mjög svart, síðustu þrjá mánuði ársins verður mjög erfitt að halda þjónustumiðstöðinni á floti, 1.7 milljón vantar til að endar nái saman. Einnig hefur fjárlagaliðurinn sem þjónustumiðstöð fær framlag úr frá ríkinu verið lækkaður úr 64,6 milljónum í 35,5 milljónir svo óvíst er hvaða upphæð við fáum þaðan á næsta ári.

Ræddar voru mögulegar lausnir á fjárhagsvanda Bandalagsins þar sem ljóst er að við svo búíð verður ekki unað.

Í framhaldi af umræðum á aðalfundi um skert starfshlutfall starfsmanna skrifstofunnar var ákveðið að starfshlutfall Vilborgar verði í rúmlega 80% þetta árið. Það þýðir að hún verður ekki í vinnu í nóvember og desember. Þetta er gert með fullu samþykki Vilborgar og að hennar frumkvæði. Þar sem þetta dugar ekki til að endar nái saman á næsta ári var ákveðið að segja Ármanni upp frá 1. nóvember og vinnur hann út sinn uppsagnarfrest eða til 1. febrúar. Þessi ákvörðun var tekin með fullu samþykki Ármanns og að hans frumkvæði. Vilborg kemur svo aftur í 100% starf þann 1. janúar 2014, ráðningarsamningur hennar endurskoðaður og uppfærður skv. vísitölupróun VR og verður hún eini starfsmaður Bandalagsins þar til um hægist fjárhagslega. Athugað verður með það að ráða Ármann til ákveðinna afmarkaðra verkefna, eftir því sem fjárhagur leyfir.

Arionbanki hefur gert þá kröfu að yfirdráttarheimild sem er núna fullnýtt í 2.000.000 kr. verði lækkuð í áföngum frá og með mars nk.

Tilkynna þarf mennta- og menningarmála-ráðuneytinu um breytingar á starfsmannahaldi

til samræmis við framkomnar athugasemdir ráðuneytisins á fundi með framkvæmdastjóra í ágúst sl.

b) Fyrirhuguð stuttverkahátíð NEATA, sem er á starfsáætlun Bandalagsins leikárið 2013-14, verður haldin 3.-5. október 2014. Dagsetningu breytt til að koma til móts við óskir Færeyinga.

c) Í ljósi óvissu um fjárhagsstöðu er ekki hægt að taka ákvörðun um stóra leiklistarhátíð árið 2015.

3. Undirrituð yfirlýsing að beiðni Arionbanka um að Vilborg hafi prókúru á reikninga Bandalagsins.

4. Ármann gerði grein fyrir stöðu Ársrits 2014, það er komið vel á veg í uppsetningu en enn vantar eitthvað af efni sem væntanlegt er á næstu dögum.

5. Næsti fundur ákveðinn 25. janúar en þá ætti að vera komið á hreint hvernig mál skipast varðandi fjárframlagið frá ríkinu.

6. Önnur mál

a) Tvö félög hafa sagt sig úr Bandalaginu, Leikdeild Umf. Vöku og Spuni í Lúxembúrg, þar sem starfsemi hefur legið niðri um hríð.

b) Þorgeir greindi frá erindi sem honum barst um norrænt verkefni um leikritun fyrir áhugaleikfélög. Ákveðið að óska eftir frekari upplýsingum.

c) Ræddir möguleikar á fjáröflunarátaki fyrir Bandalagið. Þráinn varpaði fram tillögu að einhvers konar degi (eða viku) þar sem öll aðildarfélag héldu fjáröflunarkvöld og létu ágóðann renna til Bandalagsins. Þráni falið að útfæra hugmyndina nánar. Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundur 23. mars 2014*haldinn að Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík*

Mættir: Vilborg Valgarðsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf A. Þórðardóttir, Þorgeir Tryggvason og Þráinn

Sigvaldason á Skype.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Starfsáætlun BÍL 2013-14

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Þjónustumiðstöð: Vilborg dreifði kostnaðar-áætlun ársins miðað við tölur fyrra árs niður á hvern mánuð og reiknað er með að sækja áfram um þessa milljón af verkefnastyrknum. Þannig ættum við að vera réttu megin við núllið í árslok. Nokkuð ljóst að við munum ekki fá meiri peninga frá ráðuneytinu og megum víst teljast heppin að fá þetta sem við fáum.

Umræða var um að reyna að auka söluna á vörum í verslun og spurning um hvort að við ættum að reyna að fara út í einhverskonar auglýsingar, t.d. á netinu. Auglýsingar í Dagskrá sem gefin er út víðsvegar á landsbyggðinni (kostar), senda kynningar til nemendafélaga í grunn- og framhaldsskólum. Teljum að við höfum ekki bolmagn til að fara í auglýsingar sem kosta peninga og myndi ekki skila okkur miklu. Við þurfum að vera duglegri að nota fría miðla eins og facebook og deila af Bandalagssíðunni.

Leiklist.is: Þurfum ókeypis eða mjög ódýra markaðssókn - kasta því fyrir aðalfund og leggja upp með einhverjar niðursoðnar staðreyndir - stutt innlegg t.d. svipað og var á stjórnunarnám-skeiðinu í Mosó.

Setja inn frétt um búðina einu sinni í viku - svona búst: „Vara vikunnar“.

Fimm punkta „regla“ um markaðssetningu búðarinnar - skilgreina markhópa.

Þjónustumiðstöðin verður lokað vegna sumarleyfa frá 01.07. til 05.08. 2014.

Leiklistarskólinn: Fullbókað og biðlisti er á öll námskeið sumarið 2014.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna. Eins og fram hefur komið er ekki talið líklegt að

við náum að gera eitthvað þarna til viðbótar fyrr en á næsta ári - hugsanlega hægt að hreyfa við einhverju fyrir félögin. Reynum að fá viðtal við menntamálaráðherra í haust.

Nokkur félög styrktu BÍL rausnarlega í árslok og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Vantar svör frá Færeyingum svo hægt verði að byrja að skipuleggja þetta og mun Toggi hafa samband við formanninn og fá svör frá honum.

2. Að stjórn kanni möguleika á að halda leiklistarhátíð 2015 og hefji undirbúning, telji stjórn slíka hátíð framkvæmanlegt verkefni. Þetta er ekki á dagskrá - sjá fyrri fundargerð.

3. Aðalfundur 2014 undirbúinn

a) Ársreikningur yfirfarinn og áritaður. Farið í gegnum reikningana og engar athugasemdir gerðar. Þar sem Þráinn er á Skype mun hann skrifa undir reikningan og skanna inn og senda síðan Vilborgu til að hægt sé að senda reikningana út. Síðan mun hann skrifa undir frumritið á næsta fundi í maí.

b) Aðstaða og verð í Vestmannaeyjum
Heildarverð á pakka miðað við tillögu tvö verður u.þ.b. 26-28.000 kr.

Gisting 18.000 og matur og kaffi á laugardegi 8.500 + einhver salarleiga.

Vilborg mun hafa samband við Viktor vegna þessa og klára málin og fá allt á hreint, t.d. með kostnað við að leigja sal og fl.

c) Dagskrá fundar

Athuga með hópstarf þar sem við erum ekki að kalla eftir umræðum um starfsáætlun heldur t.d. „bara“ skólann, vefinn, sjálfbærni, hvernig högum við starfsemi í núverandi aðstæðum. Þrjú til fjögur verkefni sem tengjast ekki beint starfsáætlun með forsendum - hafa „nett“ hópefli - þetta yrði eitt af þeim verkefnum sem hópstjórinn stjórnaði. Toggi mun útfæra þetta verkefni

Þurfum við að hafa Plan B ef ófært verður til Eyja einhverra hluta vegna? Það verður leyst.

d) Stjórnarkjör

Halldór, Práinn og Guðfinna eiga að ganga úr aðalstjórn og Ylfa og Benni úr varastjórn. Guðfinna og Práinn ætla að gefa kost á sér áfram og Halldór er að hugsa málið. Ekki vitað með varastjórnarmenn. Kjörnefnd á að hafa samband við stjórnarmenn og kanna stöðuna fyrir aðalfundinn.

e) Lagabreytingar

Lögin eru í góðu lagi og ekki þörf fyrir neinar breytingar.

f) Starfsáætlun 2014-15

NEATA stuttverkahátíð í haust en ef ekki verður af henni þá einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2015. Ekki komið neitt boð enn frá aðildarfélögum um staðsetningu hans.

4. Önnur mál

a) Erindi frá Leikfélagi Fjallabyggðar

Erindið var samþykkt þar sem um mjög sérstætt mál er að ræða.

b) Erindi frá Alþingi þar sem óskað er eftir umsögn um þrjár tillögur varðandi umsókn Íslands í Evrópusambandið. Stjórn BÍL telur sig ekki hafa umboð til að hafa skoðun á þessu máli fyrir hönd sinna aðildarfélaga.

Fundargerð ritaði Ólöf A. Þórðardóttir

Stjórnarfundur 2. maí 2014

haldinn í Vestmannaeyjum

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldór Sigurgeirsson, Ólöf A. Þórðardóttir, Bernharð Arnason, Þrúður Sigurðar, Embla Guðmundsdóttir og Vilborg Valgarðs-dóttir.

1. Stjórn skipti með sér verkum fyrir aðalfund og útnefndi fundarstjóra, ritara og hópstjóra.

2. Stjórn ákvað að leggja til að 1 milljón verði tekin af verkefnastyrkjum aðildarfélaga Bandalagsins til reksturs þjónustumiðstöðvar.

3. Stjórn ákvað að leggja ekki til hækkun á árgjaldi.

Fundargerð ritaði Ólöf A. Þórðardóttir

Stjórnarfundur 4. maí 2014

haldinn í Vestmannaeyjum

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf A. Þórðardóttir, Þrúður Sigurðar, Bernharð Arnason, Gísli Björn Heimisson og Vilborg Valgarðsdóttir

1. Þorgeir stingur upp á óbreyttri skipan stjórnar. Samþykkt.

2. Ákveðið að hafa úthlutunarfund þriðjudaginn 24. júní í þjónustumiðstöðinni klukkan 13:00.

3. NEATA stuttverkhátíð fyrstu helgina í október 2014. Rætt var um staðsetningar og mun Ólöf athuga með húsnæði í Mosfellsbæ, en húsið þeirra er upptekið. Annað í stöðunni þar er t.d. Hlégarður eða einn af skólunum sem er með fína aðstöðu. Einnig var rætt um staðsetningu jafnvel í Kópavogi, Hafnarfirði eða á Selfossi. Ólöf mun hafa umsjón með nefnd fyrir þessa hátíð og með henni verða þau Þorgeir og Vilborg. Stungið var upp á að fá Ármann til að skipuleggja og raða niður sýningum en hann er hokinn af reynslu þegar að svona verkefnum kemur. Auglýst verður eftir verkum ekki lengri en 15 mínútur og verður frestur til að sækja um til 10.09.14. Gísli ætlar að athuga með ljósanámskeið sem gæti tengst hátíðinni.

4. Rætt var um IATA hátíðina í Belgíu í júlí 2015 en þegar hefur verið auglýst eftir verkefnum á hana þar sem vinnuferlið þar er mjög langt og þurfa umsóknar að hafa borist skrifstofu BÍL fyrir 01.10.2014.

5. Umræður voru um námskeið í framkvæmdastjórnun leiksýninga og hvernig á að setja upp sýningu. Tillögur voru um Þórdísi Elvu eða Karen Maríu í umsjón með svona námskeiði.

Í lokin var fólk minnt á að hampa handbók leikstjórans í sínu félagi þar sem hún er mjög gott vinnuþag fyrir uppsetningar sýninga.

Fleira ekki gert á þessum fundi

Fundargerð ritaði Ólöf A. Þórðardóttir

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga



Fulltrúar gestgjafanna í Leikfélagi Vestmannaeyja þau Unnur Guðgeirdóttir formaður, Árni Þorleifsson og Viktor Rittmüller

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

haldinn í Menningarhúsinu Kviku í Vestmannaeyjum dagana 3. maí 2014

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.

Þorgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins setti fundinn og stakk upp á Birki Högnasyni og Unni Guðgeirsdóttur frá Leikfélagi Vestmannaeyja sem fundarstjórum og Magnþóru Kristjánsdóttur, Leikfélagi Ölfuss og Önnu Maríu Hjálmarsdóttur, Freyvangsleikhúsinu sem fundarriturum. Tillagan samþykkt.

Fundarmenn kynntu sig.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Dýrleif Jónsdóttir, Leikfélaginu Hugleik og formaður kjörnefndar óskaði eftir að þeim kjörbréfum yrði skilað sem ekki höfðu borist. Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss útdeildi atkvæðaseðlum. Dýrleif gerði grein fyrir stöðu mála vegna stjórnarkjörs.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd. Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar og ritari stjórnar las Menningarstefnu Bandalagsins. Engar umræður.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af

félagaskrá.

Bernharð Arnarson, Leikfélagi Hörgdæla sagði frá því að Leikklúbburinn Spuni, Leikdeild Umf. Vöku og Leikdeild Umf. Stafholtstungna hefðu sagt sig úr Bandalaginu en það síðastnefnda gekk í Bandalagið fyrir á þessu ári en segir sig úr því aftur. Leikfélag Norðfjarðar sækir um inngöngu. Hlé var gert á afgreiðslu þessa liðar meðan kjörnefnd kláraði að deila út atkvæðaseðlum. Að því loknu samþykkti fundurinn úrsögn og inngöngu áðurtaldrá félaga.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundarstjóri bar fundargerð síðasta aðalfundar undir fundinn og var hún samþykkt.

6. Skýrsla stjórnar.

Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu stjórnar: Sjá skýrslu á bls. 8

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Sjá ársreikning á bls. 80

Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalagsins lagði fram og skýrði reikninga. Heldur lítur hann betur út en fyrir ári en niðurstaða rekstrarreiknings sýndi 295.637 króna hagnaði í ár. Munar þar miklu um fjárframlög frá eftirtöldum félögum sem styrktu Bandalagið í átakinu Björgum Bandalaginu: Umf. Grettir, Leikfélag Selfoss, Leikfélag Hörgdæla, Umf. Biskupstungna, Leikfélag Selfoss, Hugleikur,



Kampakátir Sunnlendingar, Lilja Jóna Halldórsdóttir og F. Elli Hafliðason frá Leikfélagi Selfoss og Magnþóra Kristjánsdóttir Leikfélagi Ölfuss

Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Fljótsdals-
héraðs og Leikfélag Hörgdæla aftur. Samtals námu
þessir styrkir um 1.000.000 króna. Fjárhagsáætlun
fyrir næsta starfsár verður dreift til fundarmanna
á fundinum.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Litlar umræður til að byrja með. Þorgeir Tryggva-
son steig í pontu og ræddi um að skýrslur stjórnar
og framkvæmdastjóra væru í raun þau málefni
sem fundurinn snýst um. Hann kynnti að hópa-
starf á fundinum yrði með nýju sniði.

Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs spurði
hvort stjórn Bandalagsins væri með langtímaplan
varðandi reksturinn og hvort þyrfti ekki að skoða
að gera t.d. fimm ára plan. Elli Hafliðason, Leik-
félagi Selfoss hrósaði framkvæmdastjóra og stjórn
fyrir að skila hagnaði en benti á að ef ekki væri
fyrir framlögin frá leikfélögunum væri staðan um
2 milljónir í mínus. Hann spurði hvort hægt væri
að gera áætlun sem myndi skila Bandalaginu
hagnaði þó ekki kæmi til þessara framlaga. Hall-
dór Sigurgeirsson, Freyvangsleikhúsinu þakkaði
þeim félögum sem lögðu til framlög til Bandalag-
sins því til bjargar. Þorgeir minntist á að fjárhags-
áætlun næsta árs muni skýra ágætlega hvernig
málin munu þróast. Vilborg fékk leyfi fundar-
stjóra til að dreifa fjárhagsáætlun næsta árs til
fundarmanna en þar er gert ráð fyrir 1 mkr. fram-
lagi af verkefnastyrk aðildarfélaganna í sumar.
*Atkvæði greidd vegna reikninganna í heild, og
var ársskýrslan samþykkt með öllum atkvæðum.
Enginn andmæli.*

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Dýrleif Jónsdóttir flutti skýrslu skólanefndar:
Sjá skýrslu bls. 10

Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar.
Sjá skýrslu bls. 11

Að lestri loknum fór Hörður yfir stefnu og mark-
mið Leiklistarvefs Bandalagsins.

Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handrita-
safnsnefndar:
Sjá skýrslu bls. 11

Umræður um skýrslur nefnda:

Elli spurði um kostnað og framkvæmd vegna
vefverslunar. Hörður svaraði því til að það vantaði
í raun mannskap til að setja upp vefverslunina.
Vilborg greindi frá því að á vefnum væri alltaf
auglýst vara vikunnar þar sem hægt er að skoða
ýmsar upplýsingar um vörurnar. Þannig verður
til smátt og smátt upplýsingagrunnur um vörur
þær sem eru til sölu hjá Bandalaginu. Sigríður
Hafsteinsdóttir, Leikfélagi Selfoss lýsti yfir ánægju
sinni með Leiklistarvefinn og skólann og allt
annað sem Bandalagið stendur fyrir. Hörður
spurði hvort til stæði að laga kynjahallann í
skólanefnd og Dýrleif svaraði því til að svo væri
ekki þar sem skólanefnd væri skipuð til tveggja
ára í senn með skipunarbréfi frá stjórn. Karlmennt
eru hinsvegar hjartanlega velkomnir hafi þeir
áhuga og óskaði Dýrleif eftir ábendingum til
stjórnar varðandi þetta. Hún notaði svo tækifærið



Guðrún Esther Árnadóttir og María Guðmundsdóttir frá Leikfélag Mosfellssveitar brosa sínu breiðasta

og auglýsti eftir framboðum í stjórn.

Hörður spurði hvort ekki væri ástæða til þess að birta t.d. á vefnum hvaða reglur gilda um hvernig skipað er í nefndir og hverjar stefnur og áherslur nefndanna eru.

Ekki fleiri umræður.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna Gunnarsdóttir, varaformaður, kynnti tillögu stjórnar að starfsáætlun næsta leikárs. Stjórn ákvað að breyta fyrirkomulagi hópastarfs. Skipt verður í fjóra hópa sem ræða tiltekin mál-efni til hádegishlés og haldi síðan áfram í klukkutíma eftir hádegi. Lagðar verða fyrir hópana fjórar spurningar, ein á hóp sem taka þarf tillit til þegar starfsáætlun er rædd.

Hörður Sigurðarson stýrir hópi 1 - umræðuefni: Þjónustan – Hvernig bregðumst við við þrengri stakk? Getum við nýtt vefinn betur? Getum við auðveldað þjónustumiðstöðinni störfín?

Helena Helgadóttir stýrir hópi 2 - umræðuefni: Búðin – hvernig komum við vörunum okkar á framfæri víðar og betur á viðráðanlegan hátt (peninga- og tímalega)?

Gísli Björn Heimisson stýrir hópi 3 - umræðuefni: Skólinn – Getum við gert hann enn betri? Hvernig?

Hulda B. Hákonardóttir stýrir hópi 4 - umræðuefni: Bandalagið – Hvað getum við gert til að gera

Bandalag íslenskra leikfélaga sýnilegra meðal almennings, þannig að ljóst sé hversu mikilvæg starfssemi Bandalagsins er leiklistarmenningu í landinu.

Niðurstöður hópa:

Starfshópur 1 - Þjónustan - Hvernig bregðumst við við þrengri stakk? Getum við nýtt vefinn betur? Getum við auðveldað þjónustumiðstöðinni störfín?

Þátttakendur:

Hörður Sigurðarson hópstjóri, Leikfélagi Kópavogs
Eygló Björg Jóhannsdóttir, Leikfélag Seyðisfjarðar
Anna María Hjálmarsdóttir, Freyvangur
Sigríður Hafsteinsdóttir, Leikfélag Selfoss
Oddfreyja Halldóra, Leikfélag Ölfuss
María Guðmundsdóttir, Leikfélag Mosfellssveitar
Axel Vatnsdal, Leikfélag Hörgdæla
Halla Sigurðardóttir, Litli Leikklúbburinn
Ágúst Magnússon, Leikfélag Seyðisfjarðar

Vefverslun

Setja upp vefverslun. Til að minnka fyrirspurnir um vörur símleiðis og með tölvupósti með því að setja upp og viðhalda vefverslun með upplýsingum og myndum. Stefnt á að því í náinni framtíð sé einnig hægt að panta vörur á vefnum.

Sjálfböðavinna í Þjónustumiðstöð.

Mesta álagið í júní í kringum umsóknir fyrir úthlutun og undirbúning fyrir skólann. Mögulega hægt að nota hjálparhendur þá og ráð að auglýsa eftir slíkum.



Axel Vatnsdal og Fanney Valsdóttir frá Leikfélagi Hörgdæla buðu til næsta þings

Ræstingar - Athuga hvort hægt sé að setja upp sjálfbóðaliðakerfi til að annast ræstingar í þjónustumiðstöð. 10-12 manna hópur gæti skipt með sér verkum.

Ársritið:

Útvista uppsetningu og frágangi ársrits. Gera þá kröfu að félögin skili skýrslum á tölvutæku formi auk pappírs þannig að einfaldara sé að setja þær inn í ársritið.

Styrkumsóknir:

Koma upp kerfi til að félögin geti fyllt út og sent inn umsóknir á vefnum.

Auka vöruúrval í Leikhúsbúðinni.

Er grundvöllur fyrir því að auka úrval í versluninni? Gerast t.d. umboðsaðili fyrir theatrehouse.com eða sambærileg?

Auglýsingar á vefnum.

Hvetja leikfélögin til að kaupa smáauglýsingu á vefnum í tengslum við frumsýningar.

Aukahugmynd:

Hollvinasamtök - Hugmynd að stofna slík samtök þar sem fólk getur skráð sig fyrir mánaðarlegum styrk til Bandalagsins.

Starfshópur 2 - Verslunin – hvernig komum við vörum okkar á framfæri víðar og betur á viðráðanlegan hátt (peninga- og tímalega)?

Hópstjóri: Helena Helgadóttir - Leikfélagi Ölfuss

Aðrir í hóp:

Rögnvaldur Þorkelsson, Umf. Skallagríms

F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss

Þrúður Sigurðardóttir, Leikfélagi Ölfuss

Linda Guðmundsdóttir, Freyvangsleikhúsinu

Sólveig Stefánsdóttir, Leikfélagi Fljótaldshéraðs

Lilja Kristinsdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar

Árni Þorleifsson, Leikfélagi Vestmannaeyja

Erna Björk H. Einarsdóttir, Leikfélaginu Sýnir

Rætt var um verslunina og hópurinn var sammála um að vörurnar séu vandaðar, góðar og á viðráðanlegu verði.

Allir voru sammála um að leikfélögin þyrftu að vera dugleg að auglýsa vörurnar og verslunina útávið með því að deila á fésbókinni, láta orðið berast til skóla, leikskóla og annarra hópa og breiða út fagnaðarerindið.

Hugmyndir komu upp að nýta myndir og vísa í vídeó á netinu til að skoða gervi og möguleika varanna. Lýsingarnar einar og sér séu ekki nóg þar sem möguleikarnir séu ekki síður í reynslunni frá þeim sem eru að skapa gervi og búa til listaverk á sviðum landsins. Eins að leikarar og aðilar sem eru að nota vörurnar séu duglegir að auglýsa þær við aðra aðila. Einnig er hægt að vísa í vörurnar í leikskrá.

Mikið var talað um hversu mikilvægt sé að allar upplýsingar og innihaldslýsingar á vefnum séu tæmandi. Hugsanlega væri hægt að mynda hóp sem kæmi saman og gangi í verkið á einum



Hópur 3 tekur sitt umræðuefni föstum tókum

góðum degi eða jafnvel oftar. Mjög brýnt sé að vefverslunin sé öflug, sýnileg og gagnvirk. Það sé einnig mikilvægt að verð séu inni.

Einnig var rætt um að tími væri kominn á förðunarnámskeið sem leikfélögin mættu vera mikið duglegri að tala fyrir þar sem síðasta námskeið var fellt niður vegna dræmrar aðsóknar.

Rætt var um að mjög lítið úrval væri af hárkollum og erfitt að nálgast þær. Það var þó skilningur á að þær séu dýrar og ekki auðvelt að eiga mikinn lager af þeim. Skoða þyrfti hvernig væri hægt að bæta aðgengi að þeim og eins að kynna fleiri möguleika á að búa til hárkollur og gervi sjálf.

2. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi 4. október 2014.

Hópurinn ræddi um slíka hátíð og rifjaði upp Margt smátt hátíðina á Seltjarnarnesi þar sem Færeyingar tóku þátt og var mjög skemmtileg og vel heppnuð. Fannst hópnum verkefnið mjög spennandi og vill endilega að af hátíðinni verði og sérstök ánægja er með þátttöku Færeyinga. Þeir sem höfðu reynslu af stuttverkadagskrám í sínum leikfélögum deildu reynslu sinni af slíku starfi og ítrekuðu mikilvægi þess í starfi félaganna og hversu mikið það skilar til baka. Slík hátíð sé því mjög skemmtilegur og góður vettvangur fyrir félögin að stefna á.

Bent var á að gaman væri að fá fleiri lönd til að taka þátt í slíkri hátíð þó það gæti kallað á lengri

og dýrari ferðalög á slíkar hátíðir í framtíðinni sem gæti verið letjandi fyrir sum félög.

Starfshópur 3 – Skólinn: Getum við gert hann enn betri? Hvernig?

Þátttakendur:

Gísli Björn Heimisson, hópstjóri, Leikfélag Hafnarfjarðar

Ármann Guðmundsson, Leikfélagið Sýnir

Gerður Sigurðardóttir, Leikfélag Selfoss

Gunnlaug Gunnlaugsdóttir, Umf. Skallagrímur

Lilja Jóna Halldórsdóttir, Leikfélag Selfoss

Ingibjörg Lárusdóttir, Leikfélag Seyðisfjarðar

Sigurður Stefánsson, Leikfélag Seyðisfjarðar

Halldóra Vilhjálmsdóttir, Freyvangsleikhúsið

Bára Einarsdóttir, Umf. Reykdæla

Lilja – hefur heyrt mikið af skólanum.

Gísli, Ármann og Gerður eru þau einu í hópnum sem hafa farið í skólann.

Ármann renndi yfir starfsemi skólans í stuttu máli. 9 dagar – unnið á hverjum degi 9-12 og 2-6 Lilja – er hægt að hafa leiklist 1 oftar en bara á 2-3 ára fresti. Dýrleif: Nei, það er ekki pláss fyrir fleiri en eitt stórt „hreyfinámskeið“ í einu.

Þau sem til þekktu töldu að Bandalagsskólinn eins og hann er í dag, sé í mjög góðum farvegi og í góðum höndum.

Gísli nefndi að hvort hægt væri að taka t.d. hálfan dag frá á hverju námskeiði í skólanum til að kenna eitthvað annað en það sem væri á námskeiðinu en leiðrétti sig síðan og sagði að í raun væri það



Leikskrár og veggspjöld leikársins vekja alltaf mikla athygli

til staðar í skólanum nú þegar, á föstudegi væri heimsókn í bekki þar sem nemendur kynntust því hvað væri verið að gera á hinum námskeiðunum. T.d. hefði eitt árið verið skipst á. Nemendum hefði verið blandað og síðan hefðu hóparnir fengið að vera hjá kennaranum í um klst. í kennslu.

Dýrleif beindi þeim tilmælum til leikfélaga að koma sér saman í landsfjórðungunum um að halda tækninámskeið. Planið er að Leiklist I og II skiptist á sitt hvort árið.

Hugmynd:

Hafa framkvæmdar/produksjón námskeið. Áætlunargerð og framkvæmdastjórn leiksýninga. Konkret námskeið, ekki glærusýningu. Halldóra spurði hvort hægt væri t.d. að hafa námskeið í barnaleikritum. Spunnust umræður um það í hverju það fælist í raun.

Rætt var um inntökuskilyrði og hvað þyrfti til að komast á námskeið, að það þyrfti að tiltaka allt sem viðkemur leiklist þegar sótt væri um (Dýrleif)

Lilja nefndi hvort ekki væri hægt að kynna skólann innan þeirra leikfélaga sem ekki senda neinn í skólann því, eins og Ármann nefndi, þegar einn hefur farið í skólann, þá fylgja fleiri eftir á næstu árum. Mórallinn innan leikfélagsins skiptir miklu máli (Gerður).

Hugmynd:

Búa til kynningarmyndband/stiklur fyrir skólann/

námskeiðin, þar sem kynning á skólanum er ekki alveg nóg (Gunnlaug).

Hugmynd:

Búa til ítarlegra kynningarefni fyrir námskeiðin og skólann sjálfan.

Starfshópur 4 – Bandalagið – Hvað getum við gert til að gera Bandalag íslenskra leikfélaga sýnilegra meðal almennings, þannig að ljóst sé hversu mikilvæg starfssemi Bandalagsins er leiklistarmenningu í landinu.

Hulda Hákonardóttir, hópstjóri, Hugleik
Fanneý Valsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla
Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss
Magnþóra Kristjánsdóttir, Leikfélagi Ölfuss
Steingrímur Rúnar Guðmundsson, Litli leikklúbburinn Ísafirði

Eydís Bára Jóhannsdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar
Rúnar Gunnarsson, Leikfélagi Seyðisfjarðar
Unnur Guðgeirsdóttir, Leikfélagi Vestmannaeyja
Guðrún Ester Árnadóttir, Leikfélagi Mosfells-sveitar

1. Byrja “heima”. Bandalagið minni stjórnir leikfélaganna reglulega á tilvist sína og hvetji til kynningar á mikilvægi starfseminnar, bæði við félagsmenn og “fjárveitingarvald” á sínu svæði. Fá e.t.v. kynningarfund með einhverjum frá Bandalaginu.

2. Efla umfjöllun/sýnileika í leikskrá. Staðlaður texti frá Bandalaginu og ávarp frá formanni þess eða stjórn. Auglýsing frá Bandalaginu/verslun/



Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir Leikfélagi Fljótsdalshéraðs

netverslun í hverja leikskrá.

3. Auka umfjöllun um starfsemi leikfélaganna og mikilvægi þjónustu Bandalagsins í því samhengi.

Fréttatilkynningar - bjóða einhverjum í leikhúsið gegn því að fá umfjöllun einhvers staðar. Stækka umfjöllun um Þjóðleikhússýninguna. Leiklist.is í “ketti” (myndi auka umferð um vefinn).

4. Búðin/netverslun. Gera hana sýnilegri. Hvetja fólk og bjóða því að vera á póstlista leiklist.is. Því sterkari og sýnilegri sem leikfélögin eru því sterkara verður Bandalagið.

Umræður um niðurstöður starfshópa.

Fyrirspurn barst um hvort hægt væri að halda námskeið í leikmyndagerð og smíði. Ármann ræddi um vefinn og benti á að það gæti verið góð hugmynd að setja inn kynningarmyndbönd um t.d. skólann fyrir þá sem vilja kynna sér hann. Elli sagði frá landshlutanámskeiði sem Leikfélag Selfoss hélt fyrir tæknimenn. Hann benti á að sniðugt væri fyrir félögin úti á landi að halda slík námskeið. Einnig ræddi hann um að kynna þyrfti skólann fyrir þeim sem ekki hafa sótt hann áður, t.d. með því að setja inn kynningarmyndbönd á netið.

Þorgeir þakkaði hópunum fyrir störf sín og áréttaði m.a. að hvetja þyrfti félögin til að vera betur til sýnis svo Bandalagið geti orðið það líka. Einnig minntist hann á að nýta þyrfti Þjóðleikhússýninguna betur sem kynningu. Hann tók þeirri hugmynd fagnandi að skrifa ávarp til að birta í leikskrám aðildarfélaganna og nefndi í því samhengi

samskonar ávörp sem birt eru í tilefni Alþjóða-leiklistardagsins.

Lilja Jóna Halldórsdóttir, Leikfélagi Selfoss sagðist aldrei hafa séð Facebooksíðu Bandalagsins og minnti á hversu stór markhópur leynist á þeim miðli. Erna Björk nefndi hóp sem til er á Facebook fyrir nemendur skólans og upp kom sú hugmynd að gera „like“ síðu fyrir skólann. Sigríður Hafsteinsdóttir bað fólk að segja öðrum frá út á hvað Bandalagsþing ganga. Elli kom með hugmynd um að setja upp miða í leikhúsunum þar sem vakin yrði forvitni fólks á að kynna sér Bandalagið

11. *Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.* Dýrleif lagði til að þessum lið yrði frestað þar til í lok dags og var það samþykkt.

12. *Lagabreytingar.*

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

13. *Tillögur lagðar fyrir fundinn.*

Þorgeir Tryggvason lagði fram eftirfarandi tillögu: Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að 1 milljón króna af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til rekstrar Þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.

F.h. stjórnar, Þorgeir Tryggvason

Tillagan samþykkt.

Rúnar Gunnarsson lagði fram eftirfarandi tillögu: Lagt er til að skólanefnd athugi með möguleika á námskeiðum í leikmyndagerð (hönnun og smíði)



Brosildar kjörnefndarkonur; Gerður H. Sigurðardóttir Leikfélagi Selfoss og Dýrleif Jónsdóttir Hugleik

og í gerð búninga og leikgerfa.
f.h. Leikfélags Seyðisfjarðar, Rúnar Gunnarsson
Tillögu vísað til skólanefndar.

Fleiri tillögur bárust ekki.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Guðfinna Gunnarsdóttir las upp tillögu stjórnar að starfsáætlun Bandalagsins leikárið 2014-2015:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi 4. október 2014.

Umræður um starfsáætlun:

Þorgeir sagði frá stuttverkahátíð NEATA að ósk Emblu Guðmundsdóttur og svaraði fyrirspurnum varðandi hátíðina.

Starfsáætlun borin undir fundinn og var hún samþykkt.

15. Stjórnarkjör.

Gerður gerði grein fyrir framboðum. Guðfinna Gunnarsdóttir Leikfélagi Selfoss, Þráinn Sigvaldason Leikfélagi Fljótsdalshéraðs og Halldór Sigur-

geirsson, Freyvangsleikhúsinu eiga að ganga úr aðalstjórn. Guðfinna, Þráinn og Bernharð Arnarson Leikfélagi Hörgdæla gefa kost á sér.
Aðalstjórnarmenn því sjálfkjörnir og var nýrri stjórn fagnað með lófaklappi en hana skipa Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf A. Þórðardóttir og Þráinn Sigvaldason auk Bernharðs Arnarsonar.

Ylfa Mist Helgadóttir, Leikfélagi Bolungarvíkur og Bernharð Arnarson eiga að ganga úr varastjórn. Bernharð fer í aðalstjórn. Ylfa Mist gefur áfram kost á sér ásamt Gísla Birni Heimissyni Leikfélagi Hafnarfjarðar og Brynhildi Sveinsdóttur Leikfélagi Mosfellssveitar. Haldnar voru magnaðar framboðsræður þar sem kosningastjórar þeirra tveggja sem fjarverandi voru á fundinum, Ylfu Mistar og Brynhildar, töluðu fyrir munn framboðenda auk þess sem Gísli gerði grein fyrir sér. Síðan var gengið til kosninga.

Ylfa Mist og Gísli Björn voru kjörin og sitja því Þrúður Sigurðar, Embla Guðmundsdóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir auk þeirra í varastjórn.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Dýrleif Jónsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Gerður Sigurðardóttir voru endurkjörnar og Erna Björk Hallbera Einarsdóttir til vara.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Hrefna Friðriksdóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir voru endurkjörnar og Júlía Hannam til vara.



Þórvör Embla Guðmundsdóttir Umf. Reykdæla og María Guðmundsdóttir Leikfélagi Mosfellsveitar

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Þrúður Sigurðar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um óbreytt árgjald aðildarfélaga frá fyrra ári:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2014-2015 verði kr. 60.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 90.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 120.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gjald eða 30.000.

Tillagan borin undir fundinn og var hún samþykkt.

18. Önnur mál

Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss lagði til að stofnaður yrði lokaður hópur á Facebook þar sem hægt væri að skiptast á leikmunum, búningum, tækjum og þess háttar og bauðst til að sjá um þetta. Í það var vel tekið og er hún því ráðin til verksins.

Þorgeir Tryggvason steig í pontu og lagði fram eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn í Vestmannaeyjum 3.-4. maí 2014 harmar það að fulltrúar Halaleikhópsins hafi þurft að hætta við þátttöku á fundinum eftir að hafa lagt á sig ferðlag frá Reykjavík í trausti þess að upplýsingar um

aðgengi fyrir fatlaða á gististað væru réttar.

Stjórn Bandalagsins mun gera sitt ítrasta til að slíkt komi ekki fyrir aftur á fundum og öðrum viðburðum samtakanna og mun óska eftir samstarfi við Halaleikhópinn og Sjálfsbjörg við mótun verklagsreglna þar um.

Samþykkt samhljóða.

Unnur Guðgeirsdóttir sagði frá því hversu mikil vinna var að finna leikverk hjá Leikfélagi Vestmannaeyja þetta leikár. Hún harmar að það sé ekki hægt að sýna hvaða söngleiki sem er nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og teknu tilliti til atvinnuleikhúsa þegar velja þarf verk. Nefndi hún snobb í því samhengi, að atvinnuleikhúsin vilji ekki setja upp leikverk sem áhugaleikhúsin hafa notað. Einnig kom hún inn á búningasafn Þjóðleikhússins og aðgengi áhugaleikhúsanna að því.

Birkir tók í sama streng og Unnur og er sammála henni í því að breyta þurfi hugsunarhættinum þannig að atvinnuleikhús geti sett upp sömu sýningar og áhugaleikhús og öfugt.

Hulda Hákonardóttir talaði á sömu nótum og fagnaði þessari umræðu. Hún benti á að það væri mikilvægt fyrir leikskáld að fá verk sín sýnd sem oftast og þannig ætti ekki að skipta máli hver setur það upp.

Þorgeir kvaðst ekki bjartsýnn á að skilyrðum um höfundarrétt yrði breytt, t.d. varðandi söngleiki. Hann nefndi að það væri hagur höfunda að



Séð yfir hluta salarins, í fremri röð eru fulltrúar frá Umf. Skallagrími og Litla leikklúbbnum en í þeirri aftari fulltrúar Leikfélags Seyðisfjarðar.

atvinnuleikhúsin tækju verk þeirra til sýninga frekar en áhugaleikhús. Hann nefndi nokkur dæmi um leikverk sem hafa verið frumflutt hjá áhugaleikhúsum og síðar tekin upp hjá atvinnuleikhúsunum.

Árman kom inn á að hann hefði rekið sig á að það væru ekki einungis söngleikir sem þessi vandi ætti við um.

Vilborg ræddi áfram um höfundarréttarmál og útskýrði hvaða reglur gilda um þau.

Erna Björk skoraði á Vestmannaeyinga að setja upp frumsaminn söngleik.

Elli breytti um umræðuefni og ákvað að hverfa aftur til tillögu Huldu um hóp á Facebook. Honum líst vel á tillöguna og sér fyrir sér að þetta muni stytta leiðina töluvert þegar finna þarf tengiliði við leikfélögin.

Birkir benti á að það væri ekki nóg að tala um hlutina heldur framkvæma því þessi umræða hefur komið upp áður. Hulda Gunnars ítrekaði að þetta yrði framkvæmt hið snarasta.

Embla ræddi miðaverð á sýningar og hvort félög ættu að hafa samráð um miðaverð. Hún velti fyrir sér inngöngu og úrsögn Umf. Stafholtstungna nú í vor og ástæðum þess. Í því samhengi nefndi hún mikilvægi þess að að upplýsingar um starfsemi Bandalagsins berist til almennra félaga en strandi

ekki hjá stjórnnum, svo allir viti nú hvaða þjónustu Bandalagið býður upp á.

Elli sagði frá því hvernig Leikfélag Selfoss ákveður miðaverð og ræðst það oftast af kostnaði við sýningu og einnig hversu hátt er þorandi að fara án þess að fólk hætti að mæta á sýningar. Einnig eru þau með allskonar tilboð fyrir hópa og þess háttar.

Axel Vatnsdal, Leikfélagi Hörgdæla sagði einnig frá miðaverði í sínu félagi og út frá því bærust ýmsar tölur úr sal og augljóst að miðaverð er mjög ólíkt frá félagi til félags.

Fram kom í umræðum um miðaverð að það er á bilinu 1900-3000 kr.

Þorgeir steig þá í pontu og hrósaði fundarmönnum fyrir að ræða þessi mál til að vita hvað aðrir eru að gera. Hann þakkaði fyrir góðan fund og frambærilegar tillögur hópa.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Leikfélag Hörgdæla býður til fundar í Hörgárdal í Eyjafirði fyrstu helgina í maí 2015.

Formaður þakkar fundarstjórum og öðrum starfsmönnum fundarins fyrir gott starf og fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit síðan fundi.

Fundargerð rituðu Magnþóra Kristjánsdóttir og Anna María Hjálmarsdóttir.

Nokkrar ónafngreindar myndir frá hátíðakvöldverði 3. maí 2014
- sannkallað banastuð í Eyjum



Ársreikningur 2013



Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2013

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík
Kt.: 440169-0239

Bandalag íslenskra leikfélaga**ÁRSREIKNINGUR**

2013**Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni

Reykjavík, 23. maí 2014

Stjórn:

Gutfríður Gunnarsdóttir
Ólaf A. Þorfascellettur
Jesseit Thorgeirsson
Halldór Sigurðsson
Þorinn Sigvaldsson

Framkvæmdastjóri:

Vilborg A. Vagnarsdóttir

Áritun Bókhalds og kennslu ehf


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-8

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 19. febrúar 2014



Bókhald og kennsla ehf
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari


Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2013 og ekkert fundið athugasemdir.

Reykjavík,

4. mars 2014



Anna Jónunn Stefánsdóttir



Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2013

Rekstrartekjur	skýr	2013	2012
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarféлага		3.415.000	3.895.000
Ríkissjóðsstyrkur		5.000.000	3.500.000
Aðrir styrkir		2.584.000	2.050.000
Leiklistarskóli BÍL	1	2.974.500	3.363.300
www.leiklist.is	2	78.676	67.645
Aðrar tekjur	3	428.739	199.969
Samtals		14.480.915	13.075.914
Sala:			
Sala á farða		3.380.551	3.344.394
Sala á handritum		483.170	391.495
Sala á bókum		6.075	340.275
Samtals		3.869.796	4.076.164
Rekstrartekjur samtals		18.350.711	17.152.078
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.696.127	1.799.847
Handrit		607.274	645.206
Birgðabreyting		499.213	1.376.655
Afskrifaðar ónýtar vörur		5.059	65.134
Samtals		2.807.673	3.886.842
Laun og launat. gjöld	4	8.793.200	10.019.739
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	2.008.174	2.324.133
Húsaleiga		1.073.589	1.033.025
Leiklistarskóli BÍL	1	2.894.670	3.343.836
www.leiklist.is	2	24.270	31.162
Vaxtagjöld		201.332	141.500
Tapaðar kröfur v. fasteignar		0	9.701.922
Afskriftir fastafjármuna	6	252.166	251.794
Samtals		15.247.401	26.847.111
Rekstrargjöld samtals		18.055.074	30.733.953
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		295.637	-13.581.875

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	skýr	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar og húsbúnaður		120.959	156.099
Áhöld og tæki		103.568	320.596
Samtals		<u>224.527</u>	<u>476.695</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	2.969.790	3.473.930
Víðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		146.802	191.175
Handbært fé	8	275.921	307.358
Samtals		<u>3.392.513</u>	<u>3.972.463</u>
Eignir samtals		<u><u>3.617.040</u></u>	<u><u>4.449.158</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Figið fé og skuldir	skýr	31.12.2013	31.12.2012
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		1.038.738	14.620.613
Rekstrarhagnaður		295.637	-13.581.875
Eigið fé alls		<u>1.334.375</u>	<u>1.038.738</u>
Skuldir			
Bankareikningslán		1.970.459	2.013.479
Ýmsir lánaðrotnar		140.000	701.931
Ógreiddur virðisaukaskattur		113.859	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld		58.347	695.010
Samtals		<u>2.282.665</u>	<u>3.410.420</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>3.617.040</u></u>	<u><u>4.449.158</u></u>

Sundurliðanir

	2013	2012
1. Leiklistarskóli BÍL		
Tekjur		
Húnavallaskóli - Þátttökugjöld nemenda	2.974.500	3.233.300
Stjórnun leikfélaga, þátttökugjöld nemenda	0	130.000
Samtals	2.974.500	3.363.300
Gjöld		
Húnavallaskóli	2.894.670	3.242.833
Stjórnun leikfélaga	0	101.003
Samtals	2.894.670	3.343.836
2. www.leiklist.is		
Tekjur		
Auglýsingar	46.676	34.645
Skráningargjöld	32.000	33.000
Samtals	78.676	67.645
Gjöld		
Dropbox vefafritun	12.323	12.685
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	11.947	18.477
Samtals	24.270	31.162
3. Aðrar tekjur		
Ymsar tekjur	0	2.418
Vaxtatekjur - fjárskattur	11.952	23.287
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	416.787	174.264
Samtals	428.739	199.969
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsfólks	5.982.400	6.776.250
Lífeyrissjóðsgjöld	598.240	677.625
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	94.518	107.061
Tryggingagjald	506.042	585.903
Dagpeningar	1.612.000	1.872.900
Samtals	8.793.200	10.019.739
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Ræsting	197.540	338.640
Vátryggingar	100.690	110.668
Akstur og burðargjöld	170.538	224.177
Símakostnaður	185.739	181.242
Ritföng	18.020	26.030
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	99.374	92.615
Kaffi og hreinlætisvörur	36.907	40.036
Framhald á næstu síðu	808.808	1.013.408

Sundurliðanir, framhald

	2013	2012	
5. Ýmiss rekstrarkostnaður			
Flutt af fyrri síðu	808.808	1.013.408	
Stjórnarfundir	140.179	223.478	
Aðalfundur BIL	1.384.130	1.040.740	
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BIL	-1.078.100	-743.000	
Kostnaður vegna nefnda	8.473	20.550	
Kostnaður vegna NAR, NUTU, NEATA og IATA	0	151.805	
Félagsgjald IATA	103.788	106.581	
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	20.000	40.000	
Securitas, vöktun	157.526	149.447	
Hugbúnaðarleiga, netbókhald.is	89.040	92.616	
Arsuppgjör og bókhaldsþjónusta	358.507	94.125	
Askript og bókakaup	4.990	6.654	
Gjafir	6.980	26.489	
Útgáfa ársrits	0	65.728	
Smááhöld á skrifstofu	0	10.978	
Annar kostnaður	2.490	23.412	
Fjármagnstekjuskattur	1.363	1.122	
Samtals	2.008.174	2.324.133	
6. Varanlegir rekstrarfjármunir			
	Innréttingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Bókfært virði 01.01	156.099	320.596	476.695
Afskrifað á árinu	35.141	217.025	252.166
Bókfært virði 31.12	120.958	103.571	224.529
7. Birgðir			
Birgðir greinast þannig :			
Saga BÍL, bókabirgðir	373.270	572.012	
Farði	2.596.520	2.906.930	
	2.969.790	3.473.930	
8. Handbært fé			
Húsaleigutrygging 0301-13-304003	262.693	257.239	
Sjóður - peningakassi	13.228	50.119	
	275.921	307.358	

Bandalag íslenskra leikfélaga

Hreyfingarlisti

04.03.2014

Tímabil:01.01.2013-31.12.2013

1

Dags.	Fskjal.	Færslutexti	Debet	Kredit	Staða
510-175		Aðrir styrkir			
03.01.2013	15	Samfélagssj. Landsbanka		500.000,00	(500.000,00)
18.07.2013	1291	Af verkefnastyrk BÍL		1.000.000,00	(1.500.000,00)
07.11.2013	1997	Umf. Grettir, rekstrarstyrkur		100.000,00	(1.600.000,00)
11.11.2013	2016	Lf. Selfoss, styrkur		100.000,00	(1.700.000,00)
13.11.2013	2022	Lf. Hörgdæla, styrkur		150.000,00	(1.850.000,00)
14.11.2013	2033	Umf. Biskupstungna, styrkur		100.000,00	(1.950.000,00)
14.11.2013	2034	Leikfélag Kópavogs, styrkur		150.000,00	(2.100.000,00)
15.11.2013	2041	Hugleikur, styrkur		150.000,00	(2.250.000,00)
12.12.2013	2211	Leikfélag Mosfellssveitar, styrkur		150.000,00	(2.400.000,00)
19.12.2013	2239	Lf. Fljótisdalshéraðs, styrkur		120.000,00	(2.520.000,00)
30.12.2013	2252	Leikfélag Hörgdæla, styrkur		64.000,00	(2.584.000,00)
			0,00	2.584.000,00	(2.584.000,00)

Menningarstefna

Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin í maganum,
hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypti'
en ég gat gegnum tárinn
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason
Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson*

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Aþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldlagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
- 16.a Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum Bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé

því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða lög-giltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í Ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012